

**SKOÐUN** Úrsúla Jünemann segir vegakerfið á ferðamannastöðum í molum. 15



**TÍMAMÓT** Jón Ólafsson athafnamaður fagnar sextugsafmæli í dag. 16



**LÍFIÐ** Hildur Ragnarsdóttir og Sindri Snær Jensson ræða um haustttískuna. 22



**SPORT** Ragnar Leósson er að stinga alla af á stoðsendingalistanum í Pepsi. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
6. ágúst 2014
182. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Betri hraðahindranir

Píratar í Reykjavík boða tillögur um betri og frumlegri hraðahindranir. Oddvitinn segir ýmsar leiðir færar. Samgöngustjóri tekur vel í málið. 4

**Fleiri skýringar** Embætti ríkisskattstjóra segir fleiri en eina skýringu vera á því að endurgreiðslubeiðnum á virðisaukaskatti fækkar. 6

**Risafjárfesting** Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur fjárfest í suðurkóresku fyrirtæki fyrir milljarða króna. 10

**150 störf** Sænskt fyrirtæki sem endurvinnur stál úr skipum hefur lýst áhuga á að hefja starfsemi á Dalvík. Um 150 manns myndu starfa þar. 12




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 11° | | NA | 6 |
| Akureyri | 14° | | NA | 4 |
| Egilsstaðir | 13° | | NA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 14° | | A | 5 |
| Reykjavík | 15° | | A | 4 |

**RIGNING SA-TIL** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s og dálítil rigning einkum SA-til síðdegis en úrkomulítið V-til. Hiti 8-18 stig, hlýjast vestra. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Bílar | Fólk**




# Segja Íbúðalánasjóð úr takti við uppgang á Vestfjörðum

Vestfirðingar segja Íbúðalánasjóð meta fasteignir fyrir vestan langt undir fasteignamati þó íbúðir hafi selst á hærra verði. Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir rétt að sjóðurinn leggi sjálfur mat á virði eigna svo veð séu fyrir lánum.

**HÚSNÆÐISMÁL** „Þeir hjá Íbúðalánasjóði ættu að taka af sér inniskóna og koma hingað vestur til að komast í takt við það sem hér er að gerast,“ segir Indriði Indriðason, sveitarstjóri Tálknafjarðar.

Sveitarfélagið hefur verið að selja fasteignir en þá hefur það brunnið við, að sögn Indriða, að Íbúðalánasjóður vefengi söluverð þegar kaupandi sækist eftir láni. Vilji sjóðurinn þá sjálfur fá að meta söluvirðið sem síðan sé langt undir umsaminni upphæð. „Það er nánast verið að væna okkur um skjalafals,“ segir hann og bætir við að þetta sé afar óeðlilegt inngrip í fasteignamarkaðinn fyrir vestan.

Jón Edvald Halldórsson, kaupfélagsstjóri og stjórnarmaður í fasteignafélaginu Hornsteinum á Hólmavík, segist einnig þekkja slík dæmi þaðan og að mat Íbúðalánasjóðs sé venjulega undir fasteignamati þó svo íbúðir hafi verið að seljast yfir því að undanförnu.

„Kaupandi og seljandi geta alltaf komið sér saman um ákveðið verð en á endanum er það verð sem fasteignasali metur fyrir Íbúðalánasjóð sem myndar grundvöll að lánsfjárhæð. Markmiðið er að tryggja að það sé nægjanlegt veð til staðar í lánveitingum,“ segir Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs. „Við viljum fá raunhæft mat á virði eignarinnar. Og við sem lánveitandi viljum leggja sjálfstætt mat á það hvað verðið er. Þetta eru bara fagleg og vönduð vinnubrögð sem við höfum innleitt,“ segir Sigurður.

Fasteignamarkaðurinn var í mikilli lægð víðast á Vestfjörðum í árafjöld enda hefur fólksfækkun þar verið mikil síðustu áratugi. Nú er hins vegar annað uppi á teningnum, til dæmis á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar er hafin mikil uppbygging samhliða miklu umfangi í fiskeldi nokkurra fyrirtækja. Eins segir Indriði að aukin tækifæri hafi opnast í ferðaþjónustu á svæðinu.

Skortur hefur verið á íbúðum í Vesturbyggð og Indriði segir sömu sögu frá Tálknafirði. Sveitarfélagið hefur því samþykkt að reisa átta íbúðarhús á svæðinu sem telst til tíðinda þar sem afar fá slík hafa risið á sunnanverðum Vestfjörðum í árafjöld. Indriði segir að hugsanlega verði að bæta enn fleiri íbúðum við þegar fram í sækir. **- jse, jhh**



> **Við viljum fá raunhæft mat á virði eignarinnar.**
>
> *Sigurður Erlingsson forstjóri ÍLS*



**BLÓÐGJÖF FYRIR MÁLSTAÐ** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri gaf í gær blóð fyrir hönd sam- og tvíkynhneigðra karla, sem ekki fá að gerast blóðgjafar og lýsti þar með stuðningi við breyttar reglur. **Sjá síðu 2.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heitasta trendið í Eyjum:

## Sjómannshúfan óvenjuvinsæl

**FÓLK** „Vinsældirnar komu okkur óneitanlega mjög skemmtilega á óvart,“ segir Bjarney Harðardóttir, markaðsstjóri 66°Norður, en sjómannshúfan svokallaða var mál málanna á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum í ár. Bjarney segist ekki vita hvers vegna húfurnar slógu skyndilega í gegn í sumar. Hún segir húfurnar, og annan hlífðarfatnað frá fyrirtækinu, þó koma sér vel í íslensku veðráttunni. „Þessi sjófatnaður okkar á í raun einstaklega vel við yfir verslunarmannahelgina,“ segir Bjarney. **- ka /** **sjá síðu 30**




Bílasalan var sautján prósentum meiri í júlí í ár en í sama mánuði í fyrra:

# Fleiri treysta sér til að endurnýja

**EFNAHAGSMÁL** Sala á nýjum fólksbílum var 17 prósentum meiri í júlí síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra. Bílasalan hefur jafnt og þétt verið að ná sér á strik frá árinu 2009, en þá var algjör lægð í bílasölunni eftir efnahagshrunið. Júlí í ár er þó bara hálfdrættingur á við sama mánuð 2007. Þá voru nýskráðir 1.486 nýir bílar, en í ár eru þeir 743, samkvæmt tölum Samgöngustofu.

Bílasala á þessum árstíma kann að gefa betri mynd af ástandi efnahagslífsins en fyrr á árinu, þegar bílasala litaðist af endurnýjun bílaflotans hjá bílaleigum, að mati Özurar Lárussonar, framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins. „Það sem við höfum verið að sjá er aukning til einstaklinga og fyrirtækja, en allt frá hruni hafa þau ekki verið að kaupa einn einasta bíl. En núna eru þau farin að endurnýja hjá sér.“

Özur segir að sendibílar og minni sendibílar sem fyrirtæki noti séu núna aftur farnir að seljast, en engin endurnýjun hafi verið á þeim bílum árin 2009 og 2010. Ástæðan kunni að vera að núna séu fyrirtækjabílar, sem mikið eru notaðir, orðnir úr sér gengnir.

„En það er fyrst núna sem við gerum okkur vonir um að við náum svona þokkalegri endurnýjun í bílaflotanum. Það virðist eitthvað vera að gerast í þjóðfélaginu sem eykur tiltrú fólks þannig að það fer út í að endurnýja bílinn,“ segir Özur. **- óká /** **sjá síðu 6**



**MEST SELDUR** Kia var mest selda bíltegundin í júlímánuði.










## SPURNING DAGSINS



### Gísli, verður hægt að fá rótsterkan Bjarna Fel?

**„Nei, en rótsterkur Bjarni Fel verður eflaust á meðal gesta eins og flestir Vesturbæingar.“**

Gísli Marteinn Baldursson ætlar ásamt félögum að opna Kaffi Vest í Vesturbænum.

Sporður Sólheimajökuls breytist mikið frá degi til dags, en ferðafólki er hleypt að jöklinum áfram:

# Óvissustig áfram í gildi við Sólheimajökul

**NÁTTÚRA** Sporður Sólheimajökuls breytist mikið frá degi til dags. Óvissustigi almannavarna verður haldið óbreyttu þar til frekari niðurstöður rannsókna liggja fyrir.

Eins og fram hefur komið í fréttum hafa aðstæður við sporð Sólheimajökuls breyst hratt að undanförnu. Sporður jökulsins gengur nú fram í jökullón og að undanförnu hafa jakar brotnað framan af jökulsporðinum og fallið í lónið. Við það að jökullinn gengur fram í lónið lyftist sporður jökulsins og nú síðustu daga hefur fremsti hluti sporðsins lyfst um 1,5 metra. Vegna hættu á að stór jökulbrot falli fram í lónið, með hættu á flóðbylgju yfir flatlendi við lónið, eru í gildi takmarkanir á mannaferðum á svæðinu.

Þær upplýsingar fengust hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra að óvissustigi yrði viðhaldið næstu daga, en jöklasérfræðingar verða í dag á svæðinu við rannsóknir.

Barði Theodórsson, hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, segir alla starfsmenn fyrirtækisins sem hafa komið að jöklinum undanfarna viku sammála um að jökullinn breyti sér gríðarlega hratt. Ferðafólki er haldið utan þess svæðis sem skilgreint hefur verið sem hættusvæði, en ferðamenn eru leiddir að jöklinum eftir sem áður. Mest hætta er talin vera af umferð ferðamanna á eigin vegum, en björgunarsveitarfólk stendur vaktina og leiðbeinir þeim sem fara um svæðið. **- shá**



**SÓLHEIMAJÖKULL** Myndin sýnir glögglega hvar jökulsporðurinn rís þar sem hann skagar út í lónið. MYND/ÁGÚST GUNNAR GYLFASON



**KOMU SAMAN VIÐ SLYSSTAÐ** Athöfnin fór fram í blíðskaparveðri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Eitt ár er liðið frá flugslysinu við Hlíðarfjallsveg á Akureyri:

# Minntust félaganna sem fórust

**FÓLK Minningarathöfn um mennina tvo sem fórust í flugslysi við Hlíðarfjallsveg á Akureyri fyrir ári fór fram í gær. Samstarfsfélagar mannanna í Slökkviliði Akureyrar komu þá saman og lögðu blóm og kerti á slysstað.**

**Að sögn slökkviliðsmanns sem fréttastofa náði tali af var athöfnin lágstemmd. Að lokinni einnar mínútu þögn deildu viðstaddir skemmtilegum sögum af þeim látnu. Eftir athöfnina var svo boðið upp á kaffi og kökur á slökkviliðsstöðinni.** **- bá**

Alvarlega slösuð eftir klifur:

# Hrapaði við Stjórnarfoss

**BJÖRGUN** Björgunarsveitin Kyndill á Kirkjubæjarklaustri var kölluð út í gær þegar tilkynning barst um slasaða konu við Stjórnarfoss nærri Klaustri.

Konan var að klifra við fossinn en skrikaði fótur þegar hún hugðist stytta sér leið fram hjá blautum slóða sem lá upp að Stjórnarfossi. Við það féll hún marga metra.

Konan var sótt á þyrlu og flutt á gjörgæslu Landspítalans í Reykjavík því hún var talin alvarlega slösuð. Samkvæmt vakthafandi lækni á Landspítalanum var líðan konunnar stöðug í gærkvöldi. **-ih**

Grunaðir um líkamsárás:

# Reynslulausn dregin til baka

**DÓMSMÁL** Tveir menn sem dæmdir voru fyrir fíkniefnasmygl í Papeyjarmálinu árið 2009 eiga yfir höfði sér allt að sex ára fangelsi fyrir að hafa ráðist á karlmann í byrjun síðasta mánaðar. Hæstiréttur úrskurðaði í gær að þeir skyldu klára að afplána dóm sinn fyrir smyglið, en þeir hlutu reynslulausn árið 2012.

Þeir eru nú grunaðir um að hafa svipt mann frelsi sínu, sett poka yfir höfuð hans og lamið hann ítrekað með kúbeini. Mennirnir eru tveir þeirra sex sem hlutu dóm í Papeyjarmálinu. **- aí**

# Benda hvor á annan vegna blóðgjafabanns

Samkynhneigðir karlar mega ekki gefa blóð hér á landi. Yfirlæknir Blóðbankans segir að ef breyta eigi reglunum megi áhætta blóðþega ekki aukast en það sé heilbrigðisyfirvalda að breyta reglunum. Landlæknir bendir hins vegar á Blóðbankann.

**HEILBRIGÐISMÁL** Hinsegin dagar hófust í gær á því að fólk var hvatt til að mæta í Blóðbankann að gefa blóð fyrir samkynhneigða karla en þeim er ekki heimilt að gefa blóð í Blóðbankanum.

Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans, fagnar heimsókn Hinsegin daga en segir reglurnar á Íslandi vera svipaðar og í flestum öðrum löndum. Þó séu nokkur lönd sem leyfi blóðgjafir karla sem ekki hafa stundað kynlíf með öðrum karlmanni um nokkurra ára skeið.

Sveinn segir að sé áhugi á að breyta reglunum eigi að fara eftir samþykkt Evrópuráðsins frá því í mars árið 2013 sem Ísland er aðili að. „Þar er lögð lína um hvernig þetta skuli gert. Þar er kveðið á um að ekki skuli gera breytingar sem auki áhættu blóðþega. Áhættumat þarf einnig að fara fram í þjóðfélaginu,“ segir Sveinn og bætir við að því þurfi sóttvarnalæknir að stýra.

„Það er í höndum höndum heilbrigðisyfirvalda að breyta þessum reglum,“ heldur Sveinn áfram og vísar í fyrrnefnda samþykkt Evrópuráðsins. „Þar er kveðið á um að það sé skylda heilbrigðisyfirvalda í hverju landi að móta stefnu um í þessum málaflokki.“

Þegar svara var leitað hjá Landlæknisembættinu var vísað aftur á Blóðbankann. Þórólfur Guðnason, yfirlæknir sóttvarna hjá Landlæknisembættinu, segir: „Sveinn hefur vísað þessu á okkur en við höfum sagt honum að það sé Blóðbankinn sem setji þessar reglur. Við höfum stutt hann í því sem hann telur skynsamlegt í samræmi við aðrar alþjóðlegar stofnanir.“



**GÆÐABLÓÐ** Eva María Þórarinsdóttir Lange, formaður stjórnar Hinsegin daga, var á meðal blóðgjafa í Blóðbankanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Varðandi tíðni smitsjúkdóma segir Þórólfur það vera þekkt að „það er hærra hlutfall samkynhneigðra karlmanna en gagnkynhneigðra sem smitast af HIV“. Samkvæmt gögnum frá Landlæknisembættinu smituðust 29 samkynhneigðir af alnæmi síðastliðinn áratug en 62 gagnkynhneigðir.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segist ekki hafa skoðað málið sérstaklega en fagnar umræðu um málið. „Það hljóta að vera gerðar breytingar á regluverki um blóðgjafir samhliða því sem þekkingu og tækni heilbrigðisyfirvalda fleygir fram.“

Kristján áréttar þó að „… við vinnum í alþjóðlegu regluverki, og Ísland er aðili að samþykkt Evrópuráðsins í þessum efnum. Það er starfandi sérstök ráðgjafarnefnd um blóðbankaþjónustu sem mun þá taka þetta mál til umfjöllunar í tengslum við þessa umræðu en þetta er eitthvert atriði sem við hröpum ekkert að í neinu fljótræði.“

> **Það er í höndum höndum heilbrigðisyfirvalda að breyta þessum reglum.**
>
> *Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans*

Gunnlaugur Bragi Björnsson, stjórnarmaður Hinsegin daga, segir vert að endurskoða reglurnar. „Það orkar tvímælis að þessar reglur hafi ekki verið endurskoðaðar líkt og hefur verið gert víða annars staðar. Löndum sem hafa verið að gefa tímaramma eða slaka á þessum reglum er að fjölga.“

**ingvar@frettabladid.is**




Formaður Sjálfstæðisflokksins segir innanríkisráðherra í óþægilegri stöðu:

# Ber fullt traust til Hönnu Birnu

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að enginn ætti að efast um að Hanna Birna Kristjánsdóttir njóti stuðnings hans í embætti innanríkisráðherra. Bjarni hefur hingað til lítið viljað tjá sig um lekamálið svokallaða.

„Þeir sem sitja í ríkisstjórn gera það í skjóli umboðs og fulls trausts og það á við um innanríkisráðherra eins og aðra ráðherra,“ segir Bjarni. Hann segir það þó skiljanlegt að menn velti fyrir sér hversu eðlilegt það sé að innanríkisráðherra ræði við lögreglustjóra um yfirstandandi rannsókn sem snýr að embætti hennar.

„Þetta er viðkvæmt mál og þetta er óþægileg staða sem ráðherrann er í,“ segir Bjarni. „Ég studdi ráðherrann í því í upphafi að stíga ekki til hliðar vegna þess að það er mjög viðamikil ákvörðun og maður veltir fyrir sér fordæminu sem í því gæti falist. Það er að segja, til framtíðar þyrfti ráðherra dómsmála þá að stíga til hliðar í hvert sinn sem lögð yrði fram kæra vegna þess hvernig tekið væri á einstökum málum. Mér fannst það afar slæmt fordæmi.“

Hann segist ekki hafa rætt sérstaklega um stöðu Hönnu Birnu við Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. **- hh**



**FORMAÐUR FLOKKSINS** Bjarni segir að enginn ætti að efast um að Hanna Birna njóti stuðnings hans. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




SMÁRALIND
Góða skemmtun

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

## SVONA ERUM VIÐ



**104** **tegundir hunda eru til á Íslandi í tíu ólíkum tegundahópum, að því er næst verður komist.**

Aðrar 17 tegundir hafa verið hér á landi en eru ekki til hér í dag.

Álit sérfræðinga frá Veðurstofu Íslands og Háskólanum um Öskju verður unnið fyrir almannavarnir:

# Berghlaupsurðin í Öskju er öll á hreyfingu

**NÁTTÚRA** „Það er alveg ljóst að það á enginn að fara inn í þessa berghlaupsurð sem er þarna núna. Þar er allt á hreyfingu, eins og maður heyrir vel þegar maður er á svæðinu, og það hrynur úr þessu allan daginn,“ segir Sveinn Brynjólfsson, jarðeðlisfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, spurður hvort nýjustu rannsóknir við Öskju beri það með sér að ástæða sé til að viðhalda lokunum á svæðinu í sumar, eða jafnvel til lengri tíma. Hann segir að almennt séð hafi slíkt ekki verið rætt á meðal sérfræðinga.

Sérfræðingar frá Veðurstofu Íslands og Háskóla Íslands hafa verið undanfarna daga við rannsóknir við Öskju. Álit þeirra verður unnið fyrir almannavarnir í framhaldinu, en ekkert nýtt er að sjá á svæðinu sem fréttnæmt getur talist að mati Sveins.

Þann 21. júlí síðastliðinn varð stærsta berghlaup sem menn þekkja til á sögulegum tíma, þegar 50 milljónir rúmmetra af jarðvegi ruddust niður í Öskjuvatn. Mikil flóðbylgja gekk yfir allt vatnið og inn í Víti.

Sveinn telur ljóst að enn um sinn verði öllum ráðlagt að halda sig frá svæðinu þar sem hrundi, en gerir ekki ráð fyrir lokunum við Víti eins og verið hafa eftir náttúruhamfarirnar. Ákvarðanataka um slíkt liggi hjá Vatnajökulsþjóðgarði í samvinnu við ríkislögreglustjóra. - shá



**VIÐ ÖSKJUVATN** Urðin sem berghlaupið myndaði er enn öll á hreyfingu. MYND/SVEINNBRYNJÓLFSSON



**BÚRHVALURINN Í TRÉKYLLISVÍK** Búrhvalir eru stærstir tannhvala. Einungis tarfar sem illa gengur með hitt kynið koma hingað til lands. MYND/JÓN GUÐBJÖRN GUÐJÓNSSON

Hvalreki á Ströndum:

## Reðasafnið vill búrhvalsreðinn

**DÝRALÍF** Hið íslenzka reðasafn hefur óskað eftir því við landeigendur á Finnbogastöðum í Trékyllisvík að fá reðurinn af búrhvalnum sem rak á fjörur þar í landinu.

Sigurður Hjartarson, stofnandi safnsins, segir að ekkert svar hafi borist enn. Hann segir að allir þeir búrhvalir sem hingað rekur séu tarfar. „Þetta eru þeir sem ekki hefur tekist að koma sér upp kvennabúri, þeir koma hingað,“ segir hann.

Það er því greinilegt að reðurinn ætti ekki að vera illa farinn af óhóflegri notkun. - jse

Lögreglan í Árnessýslu:

## Tvær kærur um kynferðisbrot

**LÖGREGLA** Tvö kynferðisbrot voru kærð til lögreglunnar í Árnessýslu um helgina. Annars vegar átti sér stað blygðunarsemisbrot á almenningssalerni. Hitt atvikið átti sér stað í heimahúsi á Selfossi og er það til rannsóknar.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni. Þá voru tvær líkamsárásir kærðar á Flúðum aðfaranótt laugardags. Í öðru tilvikinu kom til slagsmála sem lauk með því að maður tók upp dúkahníf og skar annan mann á fæti. Lögregla biður þá sem veitt geta upplýsingar um þessi atvik að hafa samband í síma 480-1010. - bá

# Píratar boða tillögur um frumlegri hraðahindranir

Pírati segir aðra möguleika fyrir hendi til að draga úr hraða en hraðahindranir. Samgöngustjóri tekur vel í umræðu um málið en kvartað hefur verið yfir hindrunum. Engar reglur eða íslenskir staðlar eru til um lag og gerð þeirra.

**SAMGÖNGUMÁL** „Það eru til ýmsar aðferðir aðrar til að draga úr hraða en hraðahindranir sem gefast ágætlega,“ segir Halldór Auðar Svansson, fulltrúi Pírata í borgarstjórn. Píratar höfðu það á stefnuskrá sinni fyrir kosningar í vor að taka hraðahindranir til gagngerrar endurskoðunar og leita annarra leiða til þess að hægja á umferð í borginni.



**HALLDÓR AUÐAR SVANSSON**

„Það er mikilvægt að umferðin gangi greiðlega fyrir sig en líka að mismunandi ferðamátar virki vel saman, akandi, hjólandi og gangandi fólk,“ útskýrir Halldór en stefna Pírata er að styðja við mismunandi samgöngumáta.

Hugmyndir Pírata eru ekki fyllilega mótaðar eins og er en vilji er fyrir því að finna frumlegar og skemmtilegar lausnir sem jafnframt eru praktískar. Hann bendir á nýlega frétt um íbúa í Bergstaðastræti sem greip til þess ráðs að koma fyrir blómum á götunni til þess að draga úr hraða.

„Það eru ýmsar leiðir sem hafa verið prófaðar með ágætum árangri erlendis.“ Nefnir hann til að mynda ákveðna samgönguleið í Hollandi og Bretlandi þar sem allir ferðamátar hafa jafnan rétt og fólk stýrir því sjálft hver hefur forgang.

Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri Reykjavíkur, segir borgina taka jákvætt í alla umræðu. Engar reglur eru í gildi um hraðahindranir og engir séríslenskir staðlar til um byggingu þeirra. Þær verkfræðistofur sem sjá um hraðahindranir styðjast við norræna hönnunarstaðla.



**SKEMMDIR** Hraðahindranir eru víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu og af öllum stærðum og gerðum. Þær geta valdið skemmdum á bílum ef þær eru of háar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÓLAFUR BJARNASON**



**KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ**

„Við erum alltaf að þróa nýjar lausnir og breyta til.“ Ólafur fær talsvert af kvörtunum vegna hraðahindrana og þá í báðar áttir – bæði eru þær taldar of háar og of lágar.

Meðal þeirra sem hafa látið í sér heyra vegna óhentugra hraðahindrana eru strætóbílstjórar. Þeir hafa talað fyrir svokölluðum koddahindrunum sem fara betur með bílana. Kolbeinn Óttarsson Proppé, upplýsingafulltrúi Strætó, segir háar hraðahindranir fara illa með bílana.

„Bílarnir eru svo langir að á þessum kröppu hraðahindrunum rekst botninn á bílnum alltaf í hindrunina.“ Hafa hlotist af þessu einhverjar skemmdir. nanna@frettabladid.is

### Blómabylting í Bergstaðastræti

Íbúi á Bergstaðastræti, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, vakti athygli í júlí þegar hún tók upp á því að reyna að hægja á hraðri umferð um götuna með því að koma fyrir blómapottum. Vigdís vonaði að uppátæki hennar myndi leiða til breyttra viðhorfa í reykvískri umferðarmenningu. „Þetta eru falleg skilaboð, ást og kærleikur, sem ég er að reyna að dreifa með blómapottunum og vonandi verða þeir áminning til allra um að götur eru ekki bara fyrir bíla,“ sagði Vigdís.








## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 31° | Friedrichshafen | 24° | New York | 28° |
| Aþena | 33° | Gautaborg | 21° | Orlando | 33° |
| Basel | 27° | Kaupmannahöfn | 21° | Ósló | 23° |
| Berlín | 24° | Las Palmas | 26° | París | 21° |
| Billund | 24° | London | 24° | San Francisco | 22° |
| Frankfurt | 24° | Mallorca | 31° | Stokkhólmur | 25° |




**VÆTA MEÐ KÖFLUM** Heldur vætusamt á landinu næstu daga, einkum austanlands, en fyrir vestan verður yfirleitt úrkomulítið og mjög milt í veðri. Hvessir heldur með kvöldinu við suðausturströndina og bætir í úrkomu.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# BÁTUR DAGSINS




Aðeins
**549kr**

## Subway kynnir bát dagsins.

7 mismunandi bátar alla daga vikunnar, allan ágúst á 549 kr.




SUBWAY®

*Ferskleiki er okkar bragð.™*

Gildir eingöngu fyrir 6 tommu bát. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttarkjörum.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hafa fornleifafræðingar frá sjö löndum grafið upp í Hörgárdal?
**2.** Hvað heitir hellirinn í Hallmundarhrauni, sem útlendingar hafa verið duglegri en Íslendingar við að skoða?
**3.** Hversu margir sóttu á síðasta ári um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna viðhalds á húsnæði eða nýbygginga?

**SVÖR:**
**1.** Torfhúsið Skugga, leifar ævaforns býlis. **2.** Víðgelmir. **3.** 13.911.

Embætti ríkisskattstjóra segir fleiri en eina skýringu vera á færri endurgreiðslubeiðnum:

# Nýframkvæmdir á kostnað endurbóta

**ATVINNA** „Það verður að taka tillit til þess að byggingageirinn almennt, verkefni verktaka, hafa stóraukist. Og þeir draga úr viðhaldsverkefnum einstaklinga því vinnuaflið sækir þangað,“ segir Steinþór Haraldsson hjá ríkisskattstjóra.

Fréttablaðið greindi í gær frá tölum sem sýna að beiðnum um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis hefur fækkað á undanförnum árum. Þær voru í heild 18.024 árið 2010 en 13.911 í fyrra. Í samtali við Fréttablaðið sagði Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, mögulegt að þetta benti til þess að svört vinna væri að aukast. Kristrún Heimisdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að á rigningarsumrum ráðist fólk síður í endurbætur á húsnæði.

Steinþór segir skýringarnar fleiri. Fyrir utan aukin umsvif verktaka hafi endurgreiðslubeiðnum snarfjölgað strax eftir hrun. „Árið 2009 voru þær þrettán þúsund en 2007 voru þær fimm þúsund,“ segir Steinþór Haraldsson. Hann segir að ástæðan fyrir þessari sprengingu hafi verið sú að fólk hafi getað tekið út séreignarsparnað. „Við erum ánægð með þetta átak sem við teljum að hafi skilað árangri,“ segir hann. - jhh



**NÝFRAMKVÆMDIR** Fjöldi byggingakrana bendir til aukinna verkefna verktaka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Júlí hálfdrættingur sama mánaðar 2007

Sjáum í fyrsta sinn frá hruni fram á þokkalega endurnýjun bílaflotans, segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. Nýskráningum fólksbíla í júlí fjölgaði um 17 prósent milli ára. Uppistaða sölunnar til einstaklinga og fyrirtækja.

**EFNAHAGSMÁL** Í nýliðnum júlímánuði voru nýskráðir nákvæmlega helmingi færri fólksbílar en í sama mánuði árið 2007, rétt rúmu ári fyrir hrun þegar uppsveiflan stóð sem hæst. Núna voru nýskráðir 743 fólksbílar, en þá voru þeir 1.486, samkvæmt tölum Samgöngustofu.

Engu að síður eykst sala nýrra fólksbíla um 17 prósent miðað við sama mánuð í fyrra.

Bílasala á þessum árstíma kann að gefa betri mynd af ástandi efnahagslífsins en fyrr á árinu, þegar bílasala litast af endurnýjun bílaflotans hjá bílaleigum landsins, að mati Özurar Lárussonar, framkvæmdastjóra Bílgreinasambandsins.



ÖZUR LÁRUSSON



JÓN TRAUSTI ÓLAFSSON

„Kúfurinn hjá bílaleigunum er búinn í júlí,“ segir Özur. Þótt alltaf sé einhver reytingur af bílaleigubílum séu þær skráningar fyrirferðarmestar í apríl, maí og júní. „Það sem við höfum verið að sjá er aukning til einstaklinga og fyrirtækja, en allt frá hruni hafa þau ekki verið að kaupa einn einasta bíl. En núna eru þau farin að endurnýja hjá sér.“

Núna segir Özur aftur farna að sjást sölu á sendibílum og minni sendibílum sem fyrirtæki noti, en engin endurnýjun hafi verið á þeim bílum árin 2009 og 2010. Ástæðan kunni að vera að núna séu fyrirtækjabílar, sem mikið eru notaðir, orðnir úr sér gengnir.

„En það er fyrst núna sem við gerum okkur vonir um að við náum svona þokkalegri endurnýjun í bílaflotanum. Það virðist eitthvað vera að gerast í þjóðfélaginu sem eykur tiltrú fólks þannig að það fer út í að endurnýja bílinn,“ segir Özur.

Í umfjöllun Bílgreinasambandsins um bílasölu fyrstu sjö mánuði ársins er svo haft eftir Jóni Trausta Ólafssyni, formanni Bílgreinasambandsins, að stöðugra gengi krónu og óhagstæð aldursamsetning flotans knýi aukna endurnýjun bílaflotans á þessu ári. Hann bendir á að eldsneytiseyðsla bíla hafi mikið breyst síðustu ár. Þannig eyði nýir bílar núna 5,4 lítrum á hundraðið að meðaltali, en sama hlutfall hafi verið tæpir tíu lítrar árið 2002.

olikr@frettabladid.is



**BÍLAR** Bílafloti landsmanna þykir kominn til ára sinna, en meðalaldur bíla í umferðinni er í kringum tólf ár, að því er Bílgreinasambandið bendir á. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### NÝSKRÁNINGAR FÓLKSBÍLA Í JÚLÍ 2007–2014




### 30% aukning fyrstu sjö mánuði ársins

Á fyrstu sjö mánuðum ársins hefur bílasala á Íslandi aukist um rúmlega 30 prósent. Alls hafa verið skráðir 7.120 fólksbílar, 1.646 fleiri en á sama tímabili í fyrra. Á vef Bílgreinasambandsins kemur fram að allt árið 2013 hafi verið skráðar rétt tæplega 7.300 bifreiðar. Því megi gera ráð fyrir því að í lok þessa mánaðar verði búið að skrá jafn margar nýjar bifreiðar og allt árið í fyrra. Jón Trausti Ólafsson, formaður Bílgreinasambandsins, segir bílasölu hafa tekið við sér hvort sem horft sé til fólksbíla, atvinnubíla eða vörubíla. „Bílaleigur eiga þó mestan þátt í þessari aukningu í fólksbílasölunni, en rétt rúmlega 4.000 bílaleigubílar hafa verið skráðir á árinu. Sala til einstaklinga og fyrirtækja er þó meiri en hún var í fyrra og um 3.000 bílar hafa verið seldir til þeirra en það er um 15 prósenta aukning frá fyrra ári,“ er eftir honum haft.

Gert við rakaskemmdir í sjö nýlegum íbúðum Félagsstofnunar stúdenta:

# Rakaskemmdir í stúdentahúsum

**HÚSNÆÐISMÁL** Á síðasta ári komu í ljós rakaskemmdir í sjö íbúðum Félagsstofnunnar stúdenta (FS) á Skógarvegi. Íbúðirnar eru í húsum sem tekin voru í notkun árámótin 2009-2010.

„Íbúðirnar voru loftmældar fyrir ári eftir að við fengum ábendingar frá íbúum um raka,“ segir Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi FS. „Niðurstöður úr loftmælingum gáfu tilefni til að skoða sjö íbúðir nánar. Þær voru teknar úr leigu, yfirfarnar og endurnýjaðar og teknar aftur í notkun síðastliðinn vetur. Síðan voru tvær íbúðir mældar aftur í vetur og í framhaldinu teknar úr leigu þar sem við viljum skoða þær nánar.“

Hún segir ekki ljóst hversu mikið tjónið kunni að vera. Nú sé unnið að því með verktaka og hönnuðum að finna leiðir til að fyrirbyggja að svona nokkuð endurtaki sig.

Hún segir enn fremur að nokkrir íbúa hafi fundið fyrir einkennum vegna skemmdanna en mjög misjafnt, en áhrif þeirra á fólk eru afar misjöfn.

FS er með 80 íbúðir í þremur húsum á Skógarvegi. - jse



**REBEKKA SIGURÐARDÓTTIR** Nóg hefur verið að gera hjá Félagsstofnun stúdenta vegna rakaskemmda þar sem síst skyldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


TAKK FYRIR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!
Á AÐEINS ÞREMUR MÁNUÐUM HAFA 13.000 MANNS SKRÁÐ SIG Í GOMOBILE OG ERU BYRJAÐIR AÐ SAFNA PENINGUM MEÐ SÍMANUM SÍNUM Á 270 STÖÐUM UM LAND ALLT.
ÞETTA ER SVONA EINFALT:
· SÆKTU APPIÐ EÐA SKRÁÐU ÞIG Á GOMOBILE.IS
· SKRÁÐU KORTIÐ ÞITT
· VERSLAÐU HJÁ SAMSTARFSAÐILUM GOMOBILE OG SÍMINN ÞINN SAFNAR SJÁLFKRAFA PENINGUM!
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á GOMOBILE.IS
Síminn
GOmobile

## Vopnahléstilraunir síðustu vikna

Þriggja sólarhringa vopnahlé hófst í gærmorgun á Gasasvæðinu eftir fjögurra vikna hernað. Allt benti til þess að bæði Ísraelar og Hamas-liðar myndu virða vopnahléið, öfugt við fyrri tilraunir sem flestar fóru hratt út um þúfur. Stefnt er að friðarviðræðum í Egyptalandi.



- **15. júlí**: Eftir loftárásir í eina viku féllust Ísraelar á vopnahlé, að tillögu Egypta, en Hamas hafnaði.
- **17. júlí**: Sameinuðu þjóðirnar komu á fimm tíma vopnahléi, sem bæði Ísraelar og Hamas héldu út.
- **20. júlí**: Vopnahlé sem átti að nota til að koma særðum undir læknishendur fór út um þúfur eftir tæpa klukkustund.
- **25. júlí**: ***John Kerry***, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, stakk upp á sjö daga vopnahléi sem átti að nota til viðræðna. Ísraelar höfnuðu tillögunni.
- **26.-28. júlí**: Hamas og Ísrael komu sér saman um tólf stunda vopnahlé. Ísrael framlengdi það síðan um einn dag, en árásir hófust á ný 28. júlí.
- **31. júlí**: Þriggja daga vopnahlé, sem samþykkt var að tillögu ***Ban Ki-Moon***, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, entist ekki nema í 90 mínútur.
- **4. ágúst**: Ísraelar sögðust ætla að gera sjö stunda hlé á árásum, en gerðu fljótlega loftárás á Shati-flóttamannabúðirnar í Gasaborg.
- **5. ágúst**: Ísraelar og Hamas fallast á þriggja daga vopnahlé. Ísraelskir hermenn fara frá Gasa.




Heimild: UNOCHA, wire agencies Mynd: Associated Press © GRAPHIC NEWS

# Ísraelar féllust á að ræða kröfur Hamas

**Ísraelskir hermenn yfirgáfu Gasa í gær og hættu loftárásum eftir fjögurra vikna linnulítinn hernað. Árásir og hernaður Ísraela hefur kostað nærri 1.900 manns lífið. Íslensk skurðhjúkrunarkona er komin til Gasa að sinna særðum.**

**GASA, AP** Palestínumenn hyggjast ganga með ýmsar kröfur á fund Ísraela í Egyptalandi, en þar er meiningin að halda friðarviðræður á meðan þriggja daga vopnahlé stendur yfir.

Ein helsta krafa Palestínumanna er að Ísraelar aflétti einangrun Gasastrandar, auk þess að alþjóðlega fjármögnuð aðstoð við uppbyggingu á Gasa hefjist sem fyrst.

Það eru bæði Hamas-samtökin, sem hafa farið með völdin á Gasa, og Palestínustjórnin á Vesturbakkanum sem standa að kröfugerðinni. Formlega verður það Palestínustjórn sem ræðir við Ísraela, en þeir hafa hingað til ekki viljað ræða við Hamas.

Ísraelski herinn yfirgaf Gasasvæðið í gærmorgun og hætti öllum loftárásum, sem staðið höfðu linnulítið í fjórar vikur. Gasabúar hættu sömuleiðis að skjóta sprengjuflaugum yfir til Ísraels.

Árásir og hernaður Ísraela hafa kostað nærri 1.900 manns lífið á Gasaströnd. Að minnsta kosti 75 prósent þeirra voru almennir borgarar, þar af nokkur hundruð á barnsaldri.

Undanfarnar fjórar vikur hefur hvað eftir annað verið reynt að fá Ísraela og Palestínumenn til að fallast á vopnahlé, en þau hafa flest jafnharðan runnið út í sandinn.

Ástandið er enn viðkvæmt og óvíst hvort nokkuð verði af viðræðunum í Kaíró.

Íslenska hjúkrunarkonan Elín Oddsdóttir kom í gær inn á Gasasvæðið, en hún ætlar að vera þar næsta mánuðinn og sinna særðum. Rúmlega átta þúsund manns hafa særst þessar vikur sem árásir Ísraela hafa staðið yfir.

Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs Rauða kross Íslands, segir mikið álag á heilbrigðisstarfsfólki þar, en segir jafnframt að Elín hafi mikla reynslu af því að hjúkra særðum á átakasvæðum.

„Það er ákveðin áhætta sem fylgir því að starfa á stríðssvæði og Elín er vön því. Hún var í Suður-Súdan fyrr á þessu ári og fer aftur þangað síðar á árinu,“ sagði Þórir í viðtali við Vísi í gær.

Ísraelar héldu allt fram á síðasta dag áfram að gera loftárásir á íbúðarhús, þar sem heilu fjölskyldurnar létu lífið.

Á sunnudaginn létu sjö manns úr einu og sömu fjölskyldunni lífið, þar á meðal níræður karlmaður og að minnsta kosti tvö börn.

Sameinuðu þjóðirnar segja að tugir árása af þessu tagi hafi verið gerðar síðustu vikurnar.

gudsteinn@frettabladid.is



**EYÐILEGGING Á GASA** Aðeins nokkrum mínútum áður en vopnahléið átti að hefjast í gærmorgun, klukkan 8 að staðartíma en 5 að íslenskum tíma, vörpuðu Ísraelar síðustu sprengjunum á Gasa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**VATNI DREIFT Á ELDANA** Þyrlur hafa verið notaðar við slökkvistörfin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Þúsundir flýja heimili sín í skógareldum í Svíþjóð:

# Heimili Íslendings í hættu vegna eldanna

**SVÍÞJÓÐ** Illa hefur gengið að ná tökum á skógareldunum sem geisað hafa á meira en fimmtán þúsund ferkílómetra svæði í Vestmannalandi í Mið-Svíþjóð.

Eldarnir hafa nú logað í eina viku og kostað einn mann lífið. Óttast var að gömul verksmiðja, Engelsbergs bruk, yrði eldinum að bráð, en verksmiðjan þykir einstök og er á heimsminjaskrá Unesco.

Um þúsund íbúar, meðal annars í þremur þorpum, hafa þurft að flýja heimili sín og að auki höfðu í gær um fimm þúsund íbúar bæjarins Norberg verið beðnir um að búa sig undir að yfirgefa bæinn.

Í Norberg býr Íslendingurinn Anna Lindgren og segir hún sumarhús fjölskyldunnar hafa brunnið í eldunum. Anna var í sumarfríi með fjölskyldunni þegar henni var tilkynnt að hún þyrfti að yfirgefa heimili sitt.

„Við fengum vinafólk okkar sem er með lykil að húsinu okkar til að fara heim og ná í myndir og það sem okkur þykir vænt um. Síðan verðum við bara að vona það besta. Við megum ekki fara heim. Það er bara lokað,“ segir Anna.

Í gærkvöldi sagði Anna að húsið stæði enn. „Eldurinn er um fimm kílómetra frá bænum en það hefur lægt aðeins í kvöld.“

Allt að 35 stiga hiti hefur verið á þessu svæði og mikið hvassviðri sem torveldað hefur slökkvistarf. Illa hefur gengið að nota þyrlur til að varpa vatni á eldana vegna reykjarmökksins sem byrgir sýn.

- gb, ih

**➜ Eldarnir í Svíþjóð**



# DEBENHAMS

# SÍÐUSTU DAGAR
## ÚTSÖLUNNAR

# GÖTU-
# MARKAÐUR

HEFST Í DAG
ENN LÆGRA VERÐ

Síðustu forvöð að gera
dúndurkaup!

Bláa bomban heldur áfram inni í versluninni

**20%**
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
**AF FLESTUM**
ÚTSÖLUVÖRUM

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið** 11:00 - 19:00

Gildir út sunnudag
Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**FUGLADAUÐI** Ritur fundust dauðar í tugatali á litlu svæði. MYND/MENJA

Fugladauði enn óútskýrður:

## Fuglaflensa útilokuð á Rifi

**NÁTTÚRA** Fuglaflensa er ekki ástæða fugladauðans á Rifi á Snæfellsnesi í maí og júní. Bæði í hræjum æðarfugls og ritu fundust hins vegar ummerki blóðsýkingar. Orsök dauða fuglanna er því enn óþekkt. Eftir að fugladauðans varð vart rannsakaði Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hræin. Á Keldum voru tekin stroksýni úr fuglunum og þau send til greiningar erlendis.

Auk sýnatökunnar voru allir fuglarnir krufðir, en ekkert bendir til að um bótúlisma sé að ræða sem er af völdum bakteríunnar Clostridium botulinum, og er þekkt erlendis sem orsök fugladauða.

- shá

**EFNAHAGSMÁL**

### Bjartara útlit fram undan

Hagvísar frá Bandaríkjunum hafa að undanförnu bent til þess að efnahagslífið þar sé að rétta úr kútnum. IFS greining bendir á að fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið til kynna að þörf þess fyrir lánsfé hafi dregist saman samfara hækkandi skatttekjum.

# Alvogen fjárfestir fyrir 22 milljarða

Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur fjárfest í suðurkóresku lyfjafyrirtæki fyrir tæplega 22 milljarða íslenskra króna. Róbert Wessmann forstjóri segir félagið stefna að því að verða meðal fimm stærstu lyfjafyrirtækja heims á þessu markaðssvæði.

**VIÐSKIPTI** Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur keypt suðurkóreska lyfjafyrirtækið Dream Pharma fyrir um 190 milljónir Bandaríkjadala eða tæplega 22 milljarða íslenskra króna í gegnum dótturfyrirtæki sitt Kunwha í Suður-Kóreu. Kaupin eru sögð vera liður í uppbyggingu félagsins í Suður-Asíu en áður hefur Alvogen keypt lyfjafyrirtækin Kunwha í Suður-Kóreu og Lotus í Taívan. Starfsmönnum fyrirtækisins fjölgar við þetta um 400 og verða því samtals um 2.400, þar af flestir í Suður-Kóreu.

Róbert Wessmann, forstjóri Alvogen, segir ánægjulegt að ljúka kaupunum á Dream Pharma sem rúmlega tvöfaldi umsvif félagsins í Suður-Kóreu. „Við höfum byggt upp okkar starfsemi í ellefu löndum í Suður-Asíu,“ segir Róbert.

Hann segir samheitalyfjageirann standa á tímamótum í Asíu. „Það er mikið af fyrirtækjum að keppa á sínum heimamarkaði en í dag er ekkert alþjóðlegt samheitalyfjafyrirtæki sem hefur byggt upp starfsemi sína í Suður-Asíu. Við stefnum að því að Alvogen verði í hópi fimm stærstu fyrirtækja heims á þessu markaðssvæði innan fárra ára.“

Lyfjafyrirtækið Dream Pharma sérhæfir sig meðal annars í framleiðslu og sölu lyfja gegn offitu og hefur um 35 prósenta markaðshlutdeild á því sviði í Suður-Kóreu samkvæmt upplýsingum frá Alvogen. Alls hefur fyrirtækið um hundrað lyf á markaði sem skarast ekki á við lyf Kunwha.

Alvogen er í dag með starfsemi í 34 löndum, þar af ellefu í Suður-Asíu, og hefur árlegur tekjuvöxtur félagsins verið um 78 prósent að jafnaði frá árinu 2009 þegar Róbert kom til liðs við félagið. Bandaríkjamarkaður er stærsti markaður Alvogen. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er innan Alvogen talið að árstekjur komi til með að verða um 100 milljarðar króna á næsta ári.

fanney@frettabladid.is



**FJÁRFEST Í ASÍU** Róbert Wessmann forstjóri með lykilstjórnendum Alvogen í Kóreu og stjórnendum Dream Pharma. MYND/ALVOGEN

> **Við stefnum að því að Alvogen verði í hópi fimm stærstu fyrirtækja heims á þessu markaðssvæði innan fárra ára.**
>
> *Róbert Wessmann, forstjóri Alvogen*



**FRÁ HÁSKÓLATORGINU** Nóg er úrvalið hjá Hámu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framkvæmdir við HÍ:

## Tvær glænýjar Hámur í haust

**FÉLAGSMÁL** Tvær nýjar Hámur, það er að segja veitingasölur í Háskóla Íslands, verða opnaðar nú á haustönn.

Ein er í kjallaranum í Háskólabíói og hin í Tæknigarði. Sú síðarnefnda verður með nokkuð nýju sniði. Mikil aðsókn hefur verið í Hámu á Háskólatorginu sem var opnuð 2007. Að sögn Rebekku Sigurðardóttur, upplýsingafulltrúa Félagsstofnunar stúdenta, var búist við að um fimmtán hundruð viðskiptavinir myndu seðja hungur sitt á daglega á Háskólatorginu en raunin er sú að þeir eru um fjögur þúsund.

- jse

**STJÓRNSÝSLA**

### Kynnir nýjan bankastjóra

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra mun skipa næsta bankastjóra Seðlabanka Íslands á fimmtudag eða föstudag í þessari viku. Viðskiptablaðið hefur heimildir fyrir þessu. Bankastjórinn er skipaður til fimm ára. Þrír þykja hæfastir til að gegna starfinu, þeir Már Guðmundsson, Friðrik Már Baldursson og Ragnar Árnason.





# Eigum til borvélar í miklu úrvali



**RYOBI**

**BOR-/SKRÚFVÉL MEÐ HLEÐSLURAFHLÖÐU**

RCD18022A100. 18 volt, 0–1600 snún./mín., snúningsvægi 45 Nm. 2 gírar. 2 stk. 1,4 Ah litíum-ion rafhlöður og 1 klst. hleðslutæki fylgja, auk 100 aukahluta. Í tösku.

**24.995:-**



**BOSCH**

**HLEÐSLUBOR-/SKRÚFVÉL, 241 HLUTUR**

PSR 18 LI. 18 volt, 1250 snún./mín. Hámarkssnúningsvægi 36 Nm. 26 stiglausar stillingar, 2 gírar. 2 stk. 1,5 Ah Li-ion rafhlöður, hleðslutæki og ýmsir fylgihlutir fylgja með.

**29.995:-**



**BLACK&DECKER**

**SKRÚFVÉL**

AS36LN-QW. 3,6 volt. 180 snún./mín. Hámarkssnúningsvægi 4 Nm. 6 snúningsþrep. Með bitum. Li-ion rafhlaða og 6–9 klst. hleðslukví fylgja.

**8.295:-**



**BOSCH**

**HÖGGBORVÉL**

PSB 650 RE CT. 650 vött. Hámarksborþvermál 14 mm í steypu, 30 mm í tré.

**15.995:-**



**BOSCH**

**BOR-/SKRÚFVÉL MEÐ HLEÐSLURAFHLÖÐU**

PSR 14,4 LI-2. 14,4 volt, 0–1300 snún./mín. Hámarkssnúningsvægi 40 Nm. 10 snúningsþrep. 2 gírar. Vinnulýsing. 1,5 Ah litíum-ion rafhlaða og 1 klst. hleðslutæki fylgja. Í tösku.

**23.995:-**



**RYOBI**

**BOR-/SKRÚFVÉL MEÐ HLEÐSLURAFHLÖÐU**

RCD18021L. 18 volt, 440/1600 snún./mín. Snúningsvægi 45 Nm. 2 gírar. 1,5 Ah litíum-ion rafhlaða og 1 klst. hleðslutæki fylgja. 24 snúningsþrep. Í tösku.

**24.995:-**



**BLACK&DECKER**

**HÖGGBORVÉL**

ASL148KB-QW. 14,4 volt, 11 stillingar. Tvær 1,3 Ah litíumrafhlöður og 3 klst. hleðslutæki fylgja. Í tösku.

**27.995:-**

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 7. ágúst til og með miðvikudeginum 13. ágúst 2014. Gildir á meðan birgðir endast.

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Óvænt árás á herstöð NATO:

# Hershöfðingi féll í skotárás

**AFGANISTAN, AP** Maður klæddur sem afganskur hermaður hóf skotárás í herstöð NATO í gær. Bandarískur hershöfðingi lét lífið og fimmtán aðrir særðust áður en árásarmaðurinn var sjálfur skotinn til bana. Talsmaður afganska varnarmálaráðuneytisins segir skotmanninn hafa verið „hryðjuverkamann í herklæðum“.

Hershöfðinginn er talinn vera hæst setti hermaðurinn í alþjóðlega herliðinu sem hefur fallið í stríðinu. - bá

Eigandi Formúlu 1, sem ákærður var fyrir mútugreiðslur, semur við yfirvöld í Þýskalandi um málalyktir:

# Bernie Ecclestone mun ekki verða dæmdur

**ÞÝSKALAND** Réttarhöldum yfir Bretanum Bernie Ecclestone, eiganda Formúlu 1, lauk í gær þegar dómstóll í München samþykkti greiðslu frá auðkýfingnum upp á ellefu og hálfan milljarð króna. Ecclestone er þannig hvorki dæmdur sekur né saklaus en hann var ákærður fyrir mútugreiðslur í starfi.

Réttarhöldin yfir Ecclestone hófust í apríl en honum var gert að sök að hafa borgað þýska bankamanninum Gerhard Gribkowsky fimm milljarða króna til að tryggja að ákveðið fyrirtæki keypti hlut í Formúlunni.

Ecclestone segist hafa borgað peninginn eftir að sá þýski hótaði að dreifa röngum upplýsingum um skattamál hans. Gribkowsky hlaut átta og hálfs árs fangelsisdóm árið 2012 fyrir mútuþægni.

Ummæli og hegðun hins 83 ára Ecclestones sem er tólfti ríkasti maður Bretlands, hafa oft verið mjög umdeild. Hann var einnig rannsakaður af breskum yfirvöldum í níu ár vegna gruns um skattsvik.

Hann hefði getað þurft að þola tíu ára fangelsisdóm, hefði hann verið sakfelldur. Sakfelling hefði einnig markað endalok yfirráða Ecclestones í heimi kappaksturs, en hann hefur átt og rekið Formúlu 1 mótaröðina í áratugi.

Saksóknarar í Þýskalandi segja að hár aldur Ecclestones, ásamt öðrum þáttum, hafi veitt lagalegt rými til að semja. - bá



**EKKI DÆMDUR** Ecclestone yfirgefur dómsal í München í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**ÚR RÚSTUNUM** Þúsundir heimila urðu jarðskjálftanum að bráð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þúsundir manna standa nú í erfiðu björgunarstarfi í Kína:

# Mikil eyðilegging í kjölfar skjálfta

**KÍNA, AP Rúmlega tíu þúsund manns vinna nú að því að hreinsa vegi og ná fólki út úr húsarústum í Suðaustur-Kína þar sem harður jarðskjálfti varð 410 manns að bana um helgina. Jarðskjálftinn mældist 6,1 stig og olli mikilli eyðileggingu.**

**Á þessum slóðum er talsvert af bröttum brekkum og þröngum vegum sem gerir aðgengi að hamfarasvæðinu erfitt. Mörg hundruð sjálfboðaliðar komu úr ólíkum áttum til þess að taka þátt í björgunarstarfinu. Sumir voru vel búnir, aðrir með engin verkfæri önnur en hendurnar.**

**„Ég ólst upp á þessum slóðum og þetta er mitt fólk,“ sagði Zeng, háskólanemi og sjálfboðaliði, í samtali við AP. „Ég mun hjálpa hvernig sem ég get.“**

**Stór hluti heimilanna í Júnnan-héraði, þar sem skjálftinn reið yfir, voru einföld hús úr leir og múrsteinum og hrundu þau auðveldlega. Júnnan hefur oft orðið illa úti í jarðskjálftum sem þessum, en sögulegur skjálfti árið 1970 grandaði um fimmtán þúsund manns hið minnsta.** - ih




# Vilja endurvinna úr skipastáli á Dalvík

Sænskt fyrirtæki sem endurvinnur stál úr skipum hefur lýst yfir áhuga á að hefja starfsemi á Dalvík. Um 150 manns myndu starfa þar. „Málið er á frumstigi,“ segir sveitarstjóri. Fyrirtækið sótti áður um á Grundartanga en var hafnað.

**ATVINNUMÁL** Sænska fyrirtækið T.S. Shipping, sem endurvinnur stál frá úr sér gegnum skipum, hefur lýst yfir áhuga á að koma upp starfsemi á Dalvík. Ef af verður mun það hafa gríðarlega áhrif í sveitarfélaginu en í viðtali sem DB blaðið, bæjarblað Dalvíkinga, tók í júní síðastliðnum við Svanfríði Ingu Jónasdóttur, þáverandi sveitarstjóra, myndu um 150 manns fá vinnu hjá fyrirtækinu þar fyrir norðan. Yrðu þau fyrir bæði kyn og fólk með margvíslega menntun.

Níu manna sendinefnd frá fyrirtækinu fór norður í júní og ræddi við sveitarstjórann, tæknimenn og lögfræðing. Heimildir Fréttablaðsins herma að fyrirtækið gæti verið að leita hófanna einnig víðar á Eyjafjarðarsvæðinu og eins á Austfjörðum.

Bjarni Theódór Bjarnason, núverandi sveitarstjóri, segir málið vera á algjöru frumstigi. „Ég er nýkominn um borð og nú eru allir í fríi en svo í september munum við eiga viðræður við fyrirtækið og þá munu báðir aðilar eflaust fá svör við þeim fjölda spurninga sem enn er ósvarað.“

Fyrirtækið mun aldeilis ekki sitja auðum höndum hér á landi en í viðtali DB blaðsins kemur fram að þegar framleiðslan verður komin í fullan gang muni hún nema 560 til 600 þúsund tonnum af endurunnu stáli á ári, auk annarra efna. Það gæti hæglega samsvarað sextíu skipum á ári af ýmsum stærðum.

T.S. Shipping sóttist eftir lóð á Grundartanga á sínum tíma en stjórn Faxaflóahafna hafnaði þeirri umleitan í september í fyrra, á þeim forsendum að framkvæmdirnar kölluðu á miklar lóðaframkvæmdir, breytingar á deili- og aðalskipulagi og ekki lægi nægilega ljóst fyrir, að mati hafnarstjórnar, hver umhverfisáhrifin yrðu. Svanfríður segir þó að þau ætt að vera lítil og í viðtalinu segir hún starfsemina mengunarfría og hávaðamengun í lágmarki.

Um starfsemina sagði hún enn fremur: „Gerðar verða þurrkvíar sem skipin eru dregin upp í, tæki og vélar hreinsuð úr þeim og seld í netsölu um allan heima, en geymd í skemmu á starfsstað þangað til þau seljast. Síðan eru skrokkarnir hlutaðir í sundur og efnið sett í endurvinnsluferla, hvort sem það er stál, aðrir málmar eða önnur efni.“

jse@frettabladid.is



**UNNIÐ Á GÖMLU SKIPI** Hér er unnið við Kambaröstina í Hafnarfirði. Eflaust verða það örlög margra skipa að verða að nýtanlegum málmum hjá T.S. Shipping á Dalvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ég er nýkominn um borð og nú eru allir í fríi en svo í september munum við eiga viðræður við fyrirtækið og þá munu báðir aðilar eflaust fá svör.**
>
> *Bjarni Theódór Bjarnason, sveitarstjóri á Dalvík*

Tæpur helmingur telur íslensk fyrirtæki hafa jákvæð áhrif á samfélagið:

# Færri jákvæðir hér en í Evrópu

**SAMFÉLAG** Tæpur helmingur almennings á Íslandi telur að fyrirtæki hafi jákvæð áhrif á samfélagið. Þetta kemur fram í rannsókn Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Færri telja fyrirtæki hafa jákvæð áhrif á samfélagið hér en í Evrópu, eða 48 prósent hér en 52 prósent í Evrópu. Það var framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem framkvæmdi könnunina þar. Hins vegar telja fleiri í Evrópu að fyrirtæki hafi neikvæð áhrif á samfélagið, eða 13 prósent hérlendis og 41 prósent ytra.

Í Danmörku telja 85 prósent almennings fyrirtæki hafa jákvæð áhrif, 54 prósent Breta og 60 prósent Bandaríkjamanna.

Íslenskir stjórnendur hafa meiri trú á jákvæð áhrif fyrirtækja, en 69 prósent þeirra telja áhrif fyrirtækja jákvæð á íslenskt samfélag en aðeins 13 prósent telja þau neikvæð.

Að sögn Ketils B. Magnússonar, framkvæmdastjóra Festu, er það áhyggjuefni að færri Íslendingar telji fyrirtæki hafa jákvæð áhrif á samfélagið en íbúar í öðrum löndum. Hann segir að aukið hlutfall þeirra sem ekki vita eða svara um áhrif fyrirtækja mun hærra á Íslandi en annars staðar, sem gefi vísbendingu um að mikið verk sé óunnið þegar kemur að fræðslu og umræðu um samfélagsábyrgð hér á landi. - fbj



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Slæmt ef fólk telur fyrirtæki ekki hafa góð áhrif.

# Brostu!

# SPARIDAGAR
## eru byrjaðir

SAMSUNG SETRIÐ · ORMSSON

2014 · Spari dagar

TILBOÐ!
AFSLÆTTIR!
VERÐLÆKKUN!

0% vextir
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði!
3.5% lántökugjald

Það er at,
það er annríki
og það er gaman
á Ormsson lagernum
á SPARIDÖGUM
- allt í þína þágu.



**25% AFSLÁTTUR**
AEG
kaffivélar, brauðristar, blandarar, töfrasprotar, hraðsuðukönnur, straujárn, espressovélar o.m.fl.

**22% AFSLÁTTUR**
AEG
þvottatæki, kæliskápar, ofnar, helluborð, viftur, gufugleypar, ryksugur o.m.fl.

## Allar vörur á SPARIDÖGUM frá

AEG · SAMSUNG · Tefal · Pioneer
ZANUSSI · Haier · SHARP · OLYMPUS · Nintendo · Verbatim · brabantia

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

LW60260
**Þvottavél**
6 kg · 1200 sn/mín
~~135.900~~
TILBOÐSVERÐ
**106.000**

T76280AC
**Þurrkari**
8 kg · barkalaus/rakaskynjara
~~149.900~~
TILBOÐSVERÐ
**116.900**

22% afsláttur
TILBOÐSVERÐ Á KÆLI- OG FRYSTISKÁPUM
AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

Tefal · Jamie Oliver
POTTAR&PÖNNUR
*TÆR SNILLD!*
20% afsláttur

**Úrval Samsung kæli- og frystiskápa á góðu verði.**
Dæmi: 178 cm hár hvítur skápur = ~~Kr. 136.900~~
**á Sparidögum: *119.900***
SAMSUNG

Treystu **Samsung** til að framleiða **afburða uppþvottavélar.**
Verð frá ~~kr. 142.900~~
**á Sparidögum: *119.900***

Tilvaldir fyrir kjötsúpuna og hangikjötið!
**7, 10 og 14 lítra stál pottar á frábæru verði!**
Allinox

15% afsláttur
NIVONA
**SÖNN KAFFIÁSTRÍÐA**
Alsjálfvirkar kaffivélar frá NIVONA.
Stilltu á hámarks gæði.

**AEG** ofnar og helluborð
AEG
22% afsláttur

20% afsláttur
Frábært úrval af ryksugum frá **AEG**
*Þær gerast ekki betri!*

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SAMSUNG-SETRIÐ ER HLUTI AF ORMSSON EHF.
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

Ferðaþjónustan færir sig upp á skaftið:

# Látið haförninn í friði

Margir hafa orðið miklar áhyggjur af náttúru Íslands vegna ágangs ferðamanna, sem fer hratt fjölgandi. Ferðaþjónustan þarf sífellt meira olnbogarými og ýmislegt þarf undan að láta. Staðir sem áður voru mannlausir eru nú eftirsóttir. Leiðir þar sem hægt var að ganga klukkustundum saman án þess að hitta fólk eru nú fjölfarnar. Gróður og jarðmyndanir liggja víða undir skemmdum. Það er orðin brýn þörf á að draga skýrari línur um það hversu nærri náttúrunni ferðaþjónustan má ganga og hvernig eigi að standa að gjaldtöku til að fjármagna eftirlit og náttúruvernd.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Fréttablaðið sagði fyrir verzlunarmannahelgina frá máli, þar sem augljóslega er þörf á að setja ferðaþjónustu skýr mörk. Í frétt blaðsins kom fram að ferðaþjónustufyrirtæki hefðu sótzt eftir að fá undanþágu frá lögbundnu banni við að fara nær hafarnarhreiðrum en 500 metra á varptímanum, en fengið synjun frá Umhverfisstofnun.

Í blaðinu var rætt við Pétur Ágústsson, einn af eigendum Sæferða, sem fara með ferðamenn um Breiðafjörð. Þar segir hann frá tvennu athyglisverðu. Annars vegar að Sæferðir hafi á árum áður haft leyfi til að fara nálægt arnarhreiðrum með ferðamenn, en með „nýjum herrum" í Umhverfisstofnun hafi það breytzt. Fyrir þremur árum hafi fyrirtækið farið að „skoða örninn áður en leyfið kom því við vorum svo vissir um að það kæmi". Hins vegar segir Pétur að „fjöldi aðila" stundi það að skoða arnarhreiður. „Engir aðrir óska eftir leyfi, þeir bara fara þarna," segir hann.

Það er rétt afstaða hjá Umhverfisstofnun að veita ekki opna heimild til að fara með hópa ferðamanna að arnarhreiðrum. Haförninn hefur verið alfriðaður í hundrað ár og væri áreiðanlega útdauður á Íslandi í dag ef sú friðun hefði ekki komið til, þar á meðal strangar reglur um umgengni við arnarhreiður. Stofninn er áfram lítill, um 70 pör, og einkar viðkvæmur. Það er engin ástæða til að rýmka reglurnar í þágu hagsmuna þeirra sem vilja selja skipulagðar ferðir að arnarhreiðrum.

Ef tilfellið er að sum ferðaþjónustufyrirtæki brjóti lög og fari of nálægt hreiðrunum, þurfa yfirvöld að grípa inn í og stöðva það.

Sú undantekning, sem hugsanlegt væri að gera á banninu, á sér fordæmi í sumum löndum; að mjög takmarkaður fjöldi ferðamanna fengi að fara í litlum hópum tiltölulega nálægt hreiðrum undir ströngu eftirliti og gegn háu gjaldi, sem rynni þá til aðgerða í þágu verndunar arnarstofnsins.

„Ég veit ekki til hvers við erum að vernda örn ef enginn má sjá hann," segir Pétur Ágústsson í Fréttablaðinu. En það er lítið mál að sjá haförninn þegar ferðazt er til dæmis um Breiðafjörðinn, án þess að trufla fuglinn á hreiðrum sínum. Ef fólk hefur augun hjá sér má sjá þennan tignarlega konung fuglanna steypa sér fram af fjallsbrún og hnita hringi í uppstreyminu eða sitja á kletti. Það er tilkomumikil sjón, sem ferðamenn ættu ekki kost á að sjá ef ekki hefði tekizt að bjarga arnarstofninum með strangri vernd. Sú vernd á áfram að vera í gildi, jafnvel þótt túrista langi í hópferð að sjá arnarunga.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
**ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Eigi víkja?**

Bjarni Benediktsson rauf í gær þögn sína um stöðu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra vegna lekamálsins svokallaða, bæði í kvöldfréttum Stöðvar 2 og í viðtali við mbl.is. Meðal þess sem fram kom hjá Bjarna var að hann teldi það álitamál hvort ráðherra ætti að sitja í ráðherrastól á meðan rannsókn fer fram. Það væri spurning um hvernig best væri tryggt að rannsókn máls væri hafin yfir allan vafa og gengi eðlilega fram. Bjarni ítrekaði þó að hann hefði staðið með Hönnu Birnu í upphafi en síðan hefði þetta mál gengið fram og menn hefðu misjafnar skoðanir á því, umræðan ein og sér um málið væri áhyggjuefni. Það er athyglisvert að á meðan Bjarni lýsir yfir stuðningi við Hönnu Birnu komi hann samt sem áður inn á það hvort dómsmálaráðherra beri að víkja tímabundið á meðan rannsókn á ráðuneytinu fer fram.



**Stungið upp í Össur?**

Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, sagði á dögunum að erfitt væri að velja menn með þá eiginleika sem til þarf með því að auglýsa starf sendiherra laust til umsóknar. Í grein í Fréttablaðinu í gær sagði Ásta Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent, að þessi fullyrðing stæðist ekki skoðun. Ásta sagði aðeins þurfa að gera vandaða starfsgreiningu, og leggur síðan fram ítarleg drög að slíkri greiningu. Undir lok greinarinnar kallar Ásta eftir því að löggjafinn afnemi illa rökstudda undanþágu frá auglýsingaskyldu þegar kemur að sendiherrum. Svar frá Össuri við þessari ítarlegu og vel rökstuddu grein Ástu hlýtur að vera væntanlegt, Össur er ekki vanur því að vera orðlaus.



**fanney@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Ísland 3 – Noregur 30

EVRÓPUMÁL



**Jóna Sólveig Elínardóttir**
alþjóðastjórnmálafræðingur

Evrópustefna íslenskra stjórnvalda leggur ofuráherslu á aukin áhrif á mótun evrópskíslenskrar löggjafar á grundvelli EES. Stefnan gengur hins vegar ekki upp. Hávær krafa stjórnarliða um niðurskurð í utanríkisþjónustunni gengur þvert gegn Evrópustefnunni. Þversögnin verður þeim mun vandræðalegri þegar horft er til þess hversu illa Íslandi gengur að innleiða EES-löggjöf. Þar stöndum við okkur verst EES-ríkjanna, svo illa raunar að miklu munar á okkur og Norðmönnum sem fylgja í kjölfarið. Vandamálið kristallast í alltof reglulegum kvörtunum frá eftirlitsstofnun EFTA en auk þess enda málin of oft í mannaflsfrekum og rándýrum málaferlum fyrir EFTA-dómstólnum. Þetta er grafalvarlegt fyrir íslenska ríkisborgara og fyrirtæki sem búa ekki við sambærilega löggjöf og ríkisborgarar hinna EES-ríkjanna, auk þess sem þetta er mjög kostnaðarsamt fyrir skattgreiðendur.

Starfsmenn sendiráðs Íslands í Brussel eru alls 15, þ.m.t. bílstjóri, þrír móttökuritarar auk bókhaldara sem hafa enga aðkomu að framkvæmd EES-samningsins. Einungis þrír starfsmenn sendiráðsins eru fulltrúar íslenskra fagráðuneyta. Til samanburðar starfa rúmlega 50 manns í sendiráði Noregs í Brussel en þar af starfa um 30 í EES-tengdum málum. Þetta skiptir máli þegar við ræðum EES-samninginn því þótt við séum fámennari en Norðmenn lútum við sömu EES-löggjöf, óháð stærð þjóðanna. Sendiráðið í Brussel gegnir lykilhlutverki í rekstri EES og allri hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda á Evrópuvettvangi. Ef hvert íslenskt fagráðuneyti ætti að hafa að lágmarki einn fulltrúa í sendiráðinu væru þeir að minnsta kosti átta. Í dag eru hins vegar aðeins fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu, en þeirra málaflokkar ná ekki yfir nærri því allt svið EES-samningsins.

Stjórnvöld eru í sjálfheldu í Evrópumálum. Sá mannafli sem á að vinna að því að auka áhrif okkar á íslensk-evrópska löggjöf er fastur í vinnu við úrbætur á alvarlegum innleiðingarhalla Íslands. Þá eru engar vísbendingar um eflingu utanríkisþjónustunnar í samræmi við ríka áherslu stjórnvalda á aukið vægi EES í hagsmunagæslu landsins. En er einhver leið út úr þessum ógöngum? Já, stjórnvöld gætu sýnt vilja í verki með því að styrkja utanríkisþjónustuna í stað þess að veikja hana. Aðeins þannig er hægt að taka sannfærandi atrennu að þeim metnaðarfullu markmiðum sem Evrópustefna íslenskra stjórnvalda leggur upp með og aðeins þannig getum við kannað til hlítar hvort efld hagsmunagæsla á grundvelli EES skilar fullnægjandi árangri fyrir Ísland.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Gullhringur á sex tímum

SAMGÖNGUR



**Úrsúla Jünemann**
kennari og leiðsögumaður

Í dag fór ég enn einn gullhring sem leiðsögumaður. Áætlaður voru sex klukkustundir til þess að skoða Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Þess háttar ferðir eru seldar farþegum skemmtiferðaskipa og fólki er lofað að sjá „það besta á Íslandi sem allir verða að sjá“. Gott og vel, þessir staðir eru athyglisverðir, ekki spurning. En hvað er verið að selja ferðamönnunum?

Til að taka það fram þá var veðrið afleitt þennan dag: Ausandi rigning allan daginn og svo bættist við rok á Gullfossi. Við ráðum auðvitað ekki við slíkt. En snúum okkur að því hvernig ég upplifði þessa dagsferð.

Á Þingvöllum er enn þá byggingasvæði við Hakið sem er búið að standa yfir allt aðalferðamannatímabilið. Rútubílstjórarnir í stöðugum vandræðum að koma bílunum sínum fyrir þannig að allir geta verið sáttir. Enn einu sinni var einstefna á útsýnisstaðnum á Hakinu þannig að fólkið þarf að ganga fram og til baka í staðinn fyrir að geta gengið hringinn. Í rigningunni í dag var torvelt að komast fram hjá lágvöxnum Asíubúum með regnhlífarnar sínar einar að vopni móti rigningunni í kösinni.

Svo var haldið áfram í áttina að Laugarvatni. Fyrir framan okkar rútu var lengi vel bílaleigubíll sem ekið var lúshægt enda ferðamenn sennilega ekki vanir að aka á þröngum vegum í mikilli rigningu. Aldrei komust við fram úr vegna þess að stöðug umferð var á móti.

### Í stöðugum „línudansi“

Þegar var komið á Geysissvæðið vorum við komin í 30 mínútur í mínus þannig að það varð að stytta dvölina þar um allavega korter. Við Gullfoss voru allir sáttir að fá bara 30 mínútur í roki og rigningu og við vorum heppin að vera á undan flestum rútum sem áttu eftir að koma þannig við náðum bílastæði á neðra planinu.

En það rigndi áfram eins og úr sturtu. Á leiðinni frá Gullfossi og áfram var ég alveg á nálunum vegna þess hve hryllilega lélegir vegirnir eru á fjölförnustu slóðum ferðamanna: Víða er brotið úr köntunum sökum þess að vegirnir þola ekki þunga umferð stórra bíla. Kantarnir eru einnig signir vegna þungrar umferðar þannig að hægra megin á vegunum myndast stórir pollar í mikilli úrkomu. Rútubílstjórar eru sannkallaðar hetjur að aka við slíkar aðstæður og reyna að halda áætlun og eru

**➔ Á Þingvöllum er enn þá byggingasvæði við Hakið sem er búið að standa yfir allt aðalferðamannatímabilið. Rútubílstjórarnir í stöðugum vandræðum að koma bílunum sínum fyrir þannig að allir geta verið sáttir.**

í stöðugum „línudansi“. Ekki er spurning um hvort heldur hvenær verður stórslys við slíkar aðstæður.

Væri ekki mál að búa til góða og örugga vegi þar sem flestir ferðamenn fara um þannig að bæði bílstjórar og leiðsögumenn þurfa ekki að óttast um líf og heilsu þeirra sem þeim er treyst fyrir?

Væri það ekki eðlilegri forgangsröð? Við viljum græða sem mest á ferðamönnunum. En þá verðum við að skapa þannig skilyrði að öryggi í umferðinni sé tryggt.

Gæluverkefnum eins og jarðgöngum, mislægum gatnamótum og óþörfum hringtorgum má kannski fresta á meðan vegakerfið á fjölsóttustu ferðamannastöðunum er í molum og beinlínis hættulegt.

# Tímamót NATO

ALÞJÓÐAMÁL



**Einar Benediktsson**
fyrrverandi sendiherra

Sérfræðingar sem telja sig skilja hinn lokaða valdaheim í Kreml, munu deila um það hversu óvæntur yfirgangur Pútíns var í Úkraínu og landvinningar á Krímskaga. En við blasir ögrun við það varnarsamstarf í Atlantshafsbandalaginu, sem tryggt hefur frið og frelsi frá miðri síðustu öld. Þjóðir Vestur-Evrópu og Bandaríkin eru lýðræðisríki í fararbroddi um sívaxandi frjáls viðskipti. Þau gildi hafa ráðið í samskiptum þeirra við Rússland síðan kalda stríðinu lauk fyrir 25 árum. En það sem efla skyldi er nú í molum.

### Hernaðarlegur þrýstingur

Vegna verndarskuldbindinga sem við njótum, hafa Íslendingar viljað lifa óttalausir gegn ógn. Sennilega á það viðhorf nú frekar við um okkur en t.a.m. Eystrasaltsríkin, þótt félagsríki séu í NATO eða Finnland og Svíþjóð utan bandalagsins. Reyndar áréttaði annar yfirherforingi NATO nýlega að þótt ekkert aðildarríkjanna hefði verið beitt hernaðarlegum þrýstingi af Rússum, væri engu að síður nauðsynlegt að hafa til reiðu aukið sérstakt herlið í viðbragðsstöðu. Fámennt bandarískt herlið hefur verið flutt til Póllands en stjórnvöld segja það ófullnægjandi.

Sú hlið málsins sem einblínt er á, einkum eftir að malasíska farþegaþotan var skotin niður, eru aðgerðir Rússa og óráðin stefna þeirra. Ef við blasir að atlaga hafi verið gerð gegn jafnvægi samskipta í Evrópu, er hin hlið málsins það sem gera má gegn slíkri óheillaþróun.

Fram undan er löngu boðaður leiðtogafundur NATO í Wales 4.-5. september. Þar mun væntanlega koma fram ákveðið svar bandalagsins við aðgerðum Rússa í Úkraínu. En ekki verður heldur litið fram hjá því að hættur í heiminum blasa við frá Austurlöndum nær til Suður-Kínahafsins. Þegar hefur verið gripið til þvingunarráðstafana gegn Rússum, síðast með banni Þjóðverja á vopnasölu. Aðgerðir gegn rússnesku ríkisbönkunum munu torvelda endurfjármögnun lána sem gjaldfalla og nýjar lántökur. Útflutningstakmarkanir við Rússland eru á tæknibúnaði fyrir olíuiðnaðinn, sem minnka getu þeirra við olíuboranir í Íshafinu. Rússar voru reknir úr samstarfi helstu iðnríkja, G8, og hætt við gerð aðildarsamnings þeirra að OECD. Sömuleiðis var hætt samskiptum í NATO á vegum sameiginlegs ráðs – NATO-Russia Council.

### Jákvæðir þættir voru ofmetnir

Varnarlegar stefnumarkanir Atlantshafsbandalagsins eru samþykktar á leiðtogafundum þess, síðast í Chicago 2012. Jákvæðir þættir heimsþróunarinnar voru þá greinilega ofmetnir, einkum varðandi stöðugleika í Norður-Afríku og Austurlöndum nær, árangur af auknum umsvifum Bandaríkjanna á Kyrrahafssvæði Asíu og að alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi eða að áhrif hlýnunar jarðar væru ekki á dagskrá. Varðandi norðurskautið réð sú stefna Kanada að það svæði allt væri utan varnaráðagerða NATO, sem var og er óskiljanlegt, enda hervæða Rússar á ný víglínu kalda stríðsins við Íshafið. Þannig má segja að þessar ákvarðanir og forsendur þeirra hafi fokið út í veður og vind.

Stöðugleiki og öryggi ríkti á norðurslóðum í kalda stríðinu vegna hernaðarlegrar viðveru Bandaríkjanna í Keflavík. Reyndar hafði geostrategísk staða Íslands verið eitt meginatriðið í varnarstefnu Bandaríkjanna frá 1941. Brotthvarf þeirra 2006 og NATO-stefnuákvörðunin 2012 orsaka því meiriháttar

**➔ Herlaust Ísland og án fastra landvarna er í sérstöðu í NATO. Engu að síður gegnum við, svo sem getan leyfir, því samstarfi rétt eins og aðrir.**

umbyltingu um áhrif á norðurslóðum. Nú kynna Rússar sig sem ráðandi herveldi svæðisins og Kínverjar vilja koma til skjalanna á Íslandi í lykilstöðu á Norður-Atlantshafi. Eins og komið er hlýtur náin samvinna Íslands og Bandaríkjanna, hvernig sem haga má þeim málum í framkvæmd, að vera brýnt gagnkvæmt hagsmunamál. Fyrir Ísland er það tvíhliða samstarf eina tryggingin okkar um öryggi.

### Nauðsynlegt að styrkja samstarf

Mikið málþing um öryggismál á norðurslóðum og NATO var haldið í Reykjavík í janúar 2009. Niðurstöður formanns í ráðstefnulok voru m.a. að nauðsynlegt væri að ná miklu nánari samvinnu í NATO-Russia Council; nauðsynlegt væri að styrkja samstarfið við Rússa í björgunar- og leitaraðgerðum og lá þá beint við að Keflavík yrði miðstöð þess samstarfs. Eru þetta ekki verðug atriði til athugunar nú? Gæti nýtt samráðsferli NATO við Rússa um Norðurskautsráðið ekki verið góð byrjun á átaki á sameiginlegum vandamálum?

Herlaust Ísland og án fastra landvarna er í sérstöðu í NATO. Engu að síður gegnum við, svo sem getan leyfir, því samstarfi rétt eins og aðrir. Um er að ræða pólitíska og hernaðarlega þætti sem íslensk stjórnvöld hljóta að hafa um ráðgjöf sem byggir á sjálfstæðu ógnarmati. Þeirri starfsemi og öllum tengdum samskiptum út á við var ætlaður farvegur í Öryggismálastofnuninni sem illu heilli var lögð niður. Svo segir sá fyrrverandi fastafulltrúi Íslands í NATO sem þetta skrifar.

## AF NETINU

### Skrifar um þingreynsluna



Þegar ég hef átt lausa stund síðustu misserin hef ég verið að skrifa. Ég hef reyndar alltaf verið síkrifandi svo það er ekkert nýtt. Það er nefnilega þannig sem mér finnst best að kryfja málin til mergjar og skilja þau til fulls. Fyrir rúmu ári lauk setu minni á Alþingi. Þá leið mér eins og ég væri nýsloppin úr sjávarháska sem hefði staðið meira og minna í fjögur ár og mér fannst ég þurfa að gera þennan tíma upp, bæði fyrir sjálfan mig og fyrir fólkið í kringum mig sem stóð í þessu með mér og studdi mig, hvernig sem viðraði. Þess vegna ákvað ég að skrifa um þessa lífsreynslu.

Margrét Tryggvadóttir http://herdubreid.is/karolina-fund/

## TÍSTIÐ



**Atli Fannar Bjarkason**
@atlifannar
5. ágúst
Ebóla drepur milljón Afríkubúa en lækningin finnst þegar sýktur, myndarlegur, hvítur læknir með frábært skegg fær tilraunalyf.



**Svanhildur Hólm Valsdóttir**
@svanhildurholm
5. ágúst
Samræður á M16:
S: Hrafnhildur, veistu af hverju þetta gula stykki er? H: Já, þetta er af ryksugunni hans pabba. Bless staðalímyndir.


RAGGI BJARNA
80 ára



ELDBORG | 20.09.14
KL. 16:00 MIÐASALA HAFIN
KL. 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS

HOF AKUREYRI | 28.09.14
KL. 16:00 MIÐASALA HAFIN

MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU OG HOFS

HARPA DÆGURFLUGAN HOF

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

†

Okkar ástkæra móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**UNNUR ARNGRÍMSDÓTTIR**
**framkvæmdastjóri og danskennari,**



lést fimmtudaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 15. ágúst kl. 13.00.

**Henný Hermannsdóttir** **Baldvin Berndsen**
**Arngrímur Hermannsson** **Anna Hallgrímsdóttir**
**Björn Hermannsson** **Bestla Njálsdóttir**
**og fjölskyldur.**

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANN ÆVAR JAKOBSSON**
**Skúlagötu 40a, Reykjavík,**



lést mánudaginn 28. júlí á Hrafnistu í Reykjavík. Útförin verður gerð frá Digraneskirkju föstudaginn 8. ágúst klukkan 13.00.

**Sólveig Pálsdóttir**
**Páll Jóhannsson** **Marta María Stefánsdóttir**
**Jakob Jóhannsson** **Eva Kristín Hreinsdóttir**
**Þórir Jóhannsson** **Jóna Ingibjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

†

Elskuleg móðir mín,

**AÐALHEIÐUR BJÖRGVINSDÓTTIR**
**Skarðshlíð 17, Akureyri,**



lést á Öldrunarheimilinu við Vestursíðu, Akureyri, þriðjudaginn 29. júlí sl. Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni, Skarðshlíð 20, Akureyri, föstudaginn 8. ágúst kl. 13.30.

**Jarþrúður Björg Sveinsdóttir**

†

Elskulegur bróðir minn,

**SIGURJÓN ÞÓR BENEDIKTSSON**
**frá Bitrugerði, Hörgársveit,**
**Lindarsíðu 4, Akureyri,**



lést á Sjúkrahúsi Akureyrar fimmtudaginn 31. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Glerárkirkju fimmtudaginn 7. ágúst kl. 13.30.

**Hulda Benediktsdóttir**

†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI FRIÐÞJÓFSSON**
**Seljalandsseli, Vestur-Eyjafjöllum,**



lést miðvikudaginn 30. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Stóradalskirkju 9. ágúst, klukkan 11. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Björgunarsveitina Bróðurhöndina, reikningsnr. 0182-15-370495, kt. 590983-0129.

**Sigrún Adolfsdóttir**
**Ólafur Guðni Stefánsson** **Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**Sigurbjörg Stefánsdóttir**
**Guðlaug Jóna Helgadóttir**
**Hugrún Helgadóttir** **Alexander Þór Harðarson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

†

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐBJÖRN ODDUR BJARNASON**



lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans 23. júlí 2014. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 8. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja styðja drenginn hans er bent á reikningsnr. 0186-18-750956, kt. 060410-3560.

**Hanna Litvinenko**
**Tetyana Litvinenko**
**Dimitry Alexander Guðbjörnsson**
**Bjarney Guðbjörnsdóttir**
**Jwilliam Flores**
**Margeir Guðbjörnsson**
**Sigrún Bjarnadóttir og barnabörn.**

# Hélt fyrst dansleik 14 ára

Jón Ólafsson, vatnsútflytjandi með meiru, er sextugur í dag. Hann fagnar því í Hörpunni í kvöld þar sem Brunaliðið kemur fram í fyrsta sinn í 25 ár og fleira er til skemmtunar.

Jón Ólafsson er að undirbúa sextugsafmælið í Silfurbergssal Hörpunnar þegar hann er ónáðaður. Hann býr í Hong Kong en er með vatnsfyrirtæki hér á landi svo hann kemur af og til og nú meðal annars vegna tímamótanna. Hann var kenndur við Skífuna en er í seinni tíð oftast titlaður „athafnamaður“, hvernig finnst honum það? „Ég er nú alltaf eitthvað að aðhafast enda þrífst ég best í annríki og þannig hefur það alltaf verið. Ég held það sé þorsti í að gera eitthvað sem skiptir máli.“

Jón er uppalinn í bítlabænum Keflavík. „Fimmtán ára var ég í hljómsveit á Keflavíkurvelli í sex mánuði en komst fljótt að því að ég væri betri í að vinna með listamönnunum en reyna að vera einn af þeim. Þannig að ég fór í umsýslu fyrir tónlistarmenn.“ Hann kveðst hafa haldið fyrsta dansleikinn fjórtán ára. „Ég fékk Ungmennafélagshúsið, Ungó, til að halda dansleik fyrir 14 ára og eldri og samdi við Pops í Reykjavík um að spila. Þegar strákarnir í Pops komu til Keflavíkur vildu þeir tala við Jón Ólafsson. „Ég er Jón Ólafsson,“ sagði ég. „Láttu ekki svona, við ætlum að tala við Jón Ólafsson,“ sögðu þeir. Ég var náttúrlega bara krakkakvikindi, ekki bara ungur heldur smávaxinn líka, en ég sagði þeim að hafa ekki áhyggjur, þeir fengju borgað, það væri uppselt.“

Þótt Jón hafi ekki alist upp við kaupsýslu var viðskiptavitið kannski í genunum. „Ég þekkti ekkert föðurfólkið mitt en Ingvar Vilhjálmsson, stórútgerðarmaður í Ísbirninum, var afabróðir minn og föðuramma mín systir Arons Guðbrandssonar í Kauphöllinni.“

Í veislunni í Hörpu koma fram margar skemmtilegar hljómsveitir, sumar hafa ekki spilað í 25 ár eins og Brunaliðið sem Jón hóaði saman á sínum tíma. Þar eru Ragga Gísla og Diddú, Laddi, Maggi Kjartans og Pálmi Gunnars.

Jón afbiður sér allar afmælisgjafir en hvetur fólk til að leggja fé í sjóð sem fer í gerð brunna í Afríku og veitir fólki vatn. Slóðin á síðuna er: https://my.charitywater.org/jonolafsson.

gun@frettabladid.is



**AFMÆLISBARNIÐ** *Jón er ánægður með lífið. Hann á fjögur börn og tvö barnabörn, Eld Aron 13 ára og Hebu Rós sem hann fékk í afmælisgjöf fyrir þremur árum.* FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, sonur og afi,

**BIRGIR H. ÞÓRISSON**
**Fáfnisnesi 5,**
**Reykjavík,**



lést á krabbameinsdeild Landspítalans sunnudaginn 3. ágúst.

**Anna Laufey Sigurðardóttir**
**Agla Birgisdóttir** **Egbert van Rappard**
**Andri Már Birgisson** **Ingveldur Dís Heiðarsdóttir**
**Hanna Kristín Birgisdóttir** **Árni Geir Úlfarsson**
**Sigurður Helgi Birgisson** **Sólveig Ásta Einarsdóttir**
**Egill Snær Birgisson**
**Hanna Björg Felixdóttir**
**Þórir Jónsson** **Lára Lárusdóttir**
**og barnabörn.**

†

Elskulegur eiginmaður minn og vinur, faðir,
tengdafaðir, tengdasonur og afi,

**GUÐJÓN BREIÐFJÖRÐ ÓLAFSSON**



lést á gjörgæsludeild Landspítalans 1. ágúst. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju 13. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Ljósberasjóð Vídalínskirkju.

**Finnbjörg Skaftadóttir**
**Erna Rós Ingvarsdóttir** **Hörður Óskarsson**
**Guðrún Karólína Guðjónsdóttir** **Birgir Már Guðmundsson**
**Tinna Breiðfjörð Guðjónsdóttir** **Gunnar Þór Bergsson**
**Erna Hannesdóttir** **Helgi Arnlaugsson**
**og barnabörn.**

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**HALLDÓRA KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Hróarsstöðum, Fnjóskadal,**
**áður Akurgerði 3, Reykjavík,**



lést á dvalarheimilinu Lögmannshlíð laugardaginn 2. ágúst. Útför hennar fer fram frá Hálskirkju, Fnjóskadal, þriðjudaginn 12. ágúst klukkan 14.00.

**Agnes Þórunn Guðbergsdóttir** **Kristján I. Jóhannesson**
**og fjölskylda.**

†

Elskuleg frænka okkar, Reykjavíkurstúlkan

**STELLA MARÍA JÓNSDÓTTIR**



sem lést 27. júlí á elliheimilinu Grund verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 8. ágúst kl. 13.00. Hjartans þakkir til starfsfólks Grundar fyrir ómetanlega og einstaka umönnun. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Ottó Karl Eldar**
**Auðbjörg Stella Eldar**
**Jóhanna Bella Ronaldsdóttir**
**Edda Rós Ronaldsdóttir** **Davíð Sveinsson**
**Ásdís Leah**
**Sunna Christine**

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir,
amma, dóttir, tengdadóttir og systir,

**STEINUNN BJÖRG STEINÞÓRSDÓTTIR**
**Skuggahlíð,**
**Norðfirði,**



lést á heimili sínu 1. ágúst. Útför hennar fer fram frá Norðfjarðarkirkju, þriðjudaginn 12. ágúst klukkan 14.00.

**Önundur Erlingsson**
**Dagmar Vigdís Viðarsdóttir** **Kristinn Pálsson**
**Hulda Valdís Önundardóttir** **Eiríkur R. Elíasson og börn**
**Herdís V. Guðjónsdóttir**
**Guðný Jónsdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**

†

Ástkær eiginmaður, faðir, sonur og bróðir,

**GUNNAR FRIÐRIK ÓLAFSSON**
**Álfkonuhvarfi 3, Kópavogi,**



lést að kvöldi föstudagsins 1. ágúst á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Guðrún Helga Skúladóttir**
**Skúli Kristinn**
**Helga G. Gunnarsdóttir** **Ólafur Friðriksson**
**Guðrún Ólafsdóttir**



## HANDVERKSHÁTÍÐ Í HRAFNAGILI

**Handverkshátíðin í Hrafnagili í Eyjafirði hefst á morgun og stendur fram á sunnudag. Tæplega eitt hundrað manns sýna þjóðlegt handverk í nútímahönnun og efnisnotkun þannig að sýningargripir verða margvíslegir. Hátíðin hefur verið haldin árlega og er jafnan mjög vel sótt.**



**KÁTIR EIGENDUR** Jesper Lehmann, Vigdís Finnsdóttir og Björgvin Finnsson, eigendur Boutique Fisk, stóðu vaktina á Hróarskelduhátíðinni með starfsfólki sínu. MYND/ÚR EINKASAFNI

# FISKIBOLLUR OG ROKKTÓNLIST

**GÓÐ SKEMMTUN** *Boutique Fisk var með matarbás á Hróarskelduhátíðinni. Þau steiktu tvö tonn af fiskibollum en gáfu sér líka tíma til að skemmta sér.*

Systkinin Vigdís og Björgvin Finnsbörn, ásamt Jesper Lehmann, eiginmanni Vigdísar, hafa um nokkurra ára skeið rekið fiskbúðir í Kaupmannahöfn undir nafninu Boutique Fisk. Þegar Hróarskelduhátíðin var haldin í byrjun júlí sóttu þau um veitingabás á hátíðinni og voru valin ásamt 70 veitingastöðum til að fæða þá 130.000 gesti sem sækja tónlistarhátíðina. Staðurinn þeirra var staðsettur í stórri skemmu ásamt um 20 öðrum básum og var aðaláherslan þar lögð á fjölbreytt úrval, hollustu og gæði.

Vigdís segir tímann á Hróarskeldu hafa einkennst af mjög mikilli vinnu en auðvitað hafi starfsmenn reynt að skemmta sér líka. „Við vorum með 25 starfsmenn á hátíðinni yfir helgina og þetta var mikil keyrsla. Við opnuðum kl. 10 á morgnana og lokuðum kl. 3 um nóttu. Matseðillinn var einfaldur en góður. Við buðum upp á fiskibollur með rúgbrauði og remúlaði og ljúffengar samlokur með krabbakjöti sem eru klassískir réttir frá okkur. Þetta sló svo sannarlega í gegn og var mikið að gera hjá okkur allan tímann. Við steiktum til dæmis tvö tonn af fiskibollum yfir helgina.“

Að sögn Vigdísar geta allir veitingastaðir sótt um bás en einungis eru valdir þeir staðir sem skipuleggjendur hátíðarinnar hafa trú á. „Þeir horfa til þátta eins og aldurs, reynslu og svo auðvitað gæða veitinga. Þetta var virkilega skemmtilegt tækifæri fyrir okkur og starfsfólk okkar.“

**ÁHERSLA Á GÆÐI**

Starfsfólk Boutique Fisk vakti mikla ▶


White-Westinghouse – amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Erum flutt á Grensásveg 46
Opnunartilboð á íslensku bandi með silki
einrúm icelandic wool + thai silk
Amma mús – handavinnuhús
Grensávegi 46, Reykjavík
Opið mán – fös 9-18
sími 511 3388
Amma mús -handavinnuhús





Nýjar vörur komnar!
Rýmingasala hafin af eldri vöru.
Hægt að gera frábær kaup á vandaðri vöru.
Fylgist með okkur á facebook.com/Parisartizkan
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

Líf án streitu
- lærðu að njóta lífsins





7 daga heilsudvöl 7. – 14. september
Námskeiðið er fyrir þá sem vilja njóta lífsins, lifa lífinu aðeins hægar og huga að andlegri og líkamlegri líðan. Dvölin gefur einnig einstakt tækifæri til að taka upp nýjar og skynsamlegar leiðir hvað varðar hreyfingu, næringu og svefn.
**Innifalið:** Gisting, ljúffengur og hollur matur, skipulögð dagskrá, hugleiðsla og jóga, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi og líkamsrækt.
**Verð á mann: 119.900 kr.**
**Nánari upplýsingar í síma 483 0300 eða heilsu@hnlfi.is**
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands
Grænumörk 10 – Hveragerði – www.hnlfi.is
Aukadagur fyrir þá sem vilja lengja dvölina er 9.900 kr. pr. sólarhring.












**VINSÆL** Það var mikil traffík alla helgina og starfsfólk þurfti að steikja tvö tonn af fiskibollum. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

▶ athygli fyrir skjóta og góða þjónustu að sögn Vigdísar. „Það voru allir brosandi og í góðu skapi enda ekki annað hægt á svona hátíð. Allir starfsmenn klæddust bolum merktum slagorði okkar, Við elskum fisk (VI ♥ FISK), og við seldum marga slíka boli þessa helgi.“

Á meðal listamanna sem spiluðu á hátíðinni voru gömlu kempurnar í Rolling Stones og Stevie Wonder. „Auðvitað var gaman að sjá þessa stóru karla en Hróarskelduhátíðin er svo margt annað; gott veður, góður félagsskapur og kaldur bjór og sú samsetning getur ekki klikkað. Það er nánast gaman að sjá hvaða listamenn sem er og stemningin hér er alltaf frábær.“

Fyrsta verslun þeirra var opnuð í Frederiksberg í Kaupmannahöfn í janúar 2007. Í dag reka þau þrjár Boutique Fiskverslanir í borginni og hafa 25 manns í vinnu. Verslunin hefur alla tíð boðið upp á úrval af tilbúnum fiskréttum, tapasrétti og ferskan fisk. „Við leggjum mikið upp úr gæðum og það má nefna að fiskfarsið okkar inniheldur 75 prósent hreinan fisk sem gerir fiskibollurnar okkar sérstakar.“ Auk Boutique Fisk reka þau veitingastaðinn ReTREAT sem er einnig í Kaupmannahöfn.

Hún segir Dani ekki borða eins mikinn fisk og Íslendinga en það sé þó að breytast eins og annars staðar. „Fiskneyslan hér er á uppleið sem eru góðar fréttir fyrir okkur. Við höfum þó lært það á þessum átta árum að bera virðingu fyrir matarhefðum Dana. Það er ekki hægt að koma hingað og selja íslenska ýsu af því að okkur þykir hún góð.“ ■ starri@365.is



**VEL KRYDDUÐ** Samloka með krabbakjöti seldist vel á Hróarskeldu.






**GLAÐUR HÓPUR** Starfsfólk og eigendur Boutique Fisk nutu helgarinnar á Hróarskelduhátíðinni. Vinnudagurinn var langur en allir voru brosandi og í góðu skapi.

# FERÐAMÁTI ÁN UMMERKJA

Á vefsíðunni anummerkja.is er visthæf ferðamennska skilgreind sem „ferðamennska sem stunduð er í náttúrulegu umhverfi og á að vera í sátt við náttúru, menningu og íbúa ferðamannastaða. Hún á að vera sjálfbær, hafa lítil áhrif á umhverfið, vera fræðandi og hafa jákvæð hagræn áhrif þar sem hún er stunduð“.

Á síðunni má einnig lesa sér til um þjóðgarða á Ísland, íslenska náttúru og lífríki og hvernig ber að umgangast náttúruna á visthæfan hátt.

**LÍFSREGLURNAR Í VISTHÆFRI FERÐAMENNSKU**

**1 Skipuleggðu og undirbúðu för.**
Góður undirbúningur tryggir öryggi hópa og einstaklinga, lágmarkar áhrif ferðalangsins á umhverfið, eykur líkurnar á að markmiðum ferðarinnar verði náð, eykur sjálfstraust og tækifæri til að læra meira um náttúruna.

**2 Ferðastu um og tjaldaðu þar sem gróður og jarðvegur þolir ágang.**
Markmið óbyggðaferða er að ferðast án þess að valda skaða á landinu og er náttúra Íslands viðkvæm.

**3 Losaðu þig við úrgang á viðeigandi hátt.**
Náðhola er viðurkennd aðferð við förgun úrgangs frá fólki og til að forðast mengun vatnsbóla og að aðrir gangi fram á saur skal grafa hann í jörðu.

**4 Skildu eftir það sem þú finnur.**
Skilja skal við landsvæðið eins og komið er að því. Forðast skal að skemma lifandi gróður og taka frekar ljósmyndir en að slíta upp blóm.

**5 Haltu áhrifum varðelda í lágmarki.**
Samkvæmt íslenskum lögum er „óheimilt að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum“.

**6 Berðu virðingu fyrir öllu dýralífi.**
Fylgstu með dýrum úr fjarlægð til að trufla ekki. Ekki snerta, nálgast eða fóðra villt dýr.

**7 Taktu tillit til annarra gesta.**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# BÍLAR

MIÐVIKUDAGUR 6. ÁGÚST 2014



# ÍSLANDSPALLBÍLLINN SANNAR SIG

**Sprengisandsleið verður að hreinni skemmtun á svo góðum bíl en af mörgum góðum kostum Toyota Hilux skal helstan telja að hann er enn byggður á grind. Minni 2,5 lítra dísilvélin er furðusprræk og togar heil ósköp.**

Bílablaðamaður Fréttablaðsins og visir.is naut þess nýlega að fá afnot af Toyota Hilux-pallbíl frá Toyota á Íslandi á leið sinni yfir Sprengisand. Var það 35 tommu breyttur bíll sem hafði fengið þá meðhöndlun hjá Arctic Trucks, enda kann enginn betur til verka. Ekki reyndist þessi kunna hálendisleið mikil fyrirstaða fyrir þennan hæfa bíl og í raun hefði helst verið óskandi að hann fengi að reyna sig við enn erfiðari aðstæður. Helsta fyrirstaðan á Sprengisandsleið er líklega áin rétt við skálann í Nýjadal og reyndist hún eins og smálækur á þessum bíl og var ekki haft fyrir því að setja bílinn í lága drifið, en mikið var gott að vita af því áður en á leiðina var haldið.

### Síðustu móhíkanarnir

Það eru ekki eftir svo margir bílar sem byggðir eru á grind og eru Hilux og Land Cruiser frá Toyota að verða síðustu móhíkanarnir hvað það varðar. Það er því ekki um mikið úrval bíla að ræða þegar kemur að því að breyta bílum og því má búast við því að Toyota eigi sviðið hvað breytta bíla varðar hér á landi sem víðar. Er það reyndar vel þar sem þeir eru afar sterkir bílar sem þola mikið hnjask og endast von úr viti þó svo að mikið sé lagt á þá. Skemmst er að minnast þess þegar Top Gear-gengið reyndi að eyðileggja ævagamlan Toyota Hilux í einum þátta sinna og tókst það ekki þrátt fyrir að leggja sig allan fram. Það var einmitt tilfinningin sem greinarhöfundur fékk við þessi ágætu kynni af Hilux. Honum var ekið hátt í 1.200 kílómetra og reyndist hann alls ekki síðri við langakstur á þjóðveginum, þótt malbikið sé í raun ekki rétta undirlagið fyrir þennan bíl.

### Hefði þurft erfiðari leið

Réttast hefði verið að fara Kjöl til baka en hann er víst svo viðbjóðslegur að þar hefði Hiluxinn sannarlega fengið eitthvað nógu erfitt að kljást við. Tímaskortur leyfði það þó ekki. Yfir Sprengisand var hægt að aka honum mjög hratt án þess að nokkur læti sköpuðust í bílnum, hann rann þetta skeið svo ljúflega að hrein unun var. Bíllinn var vel hlaðinn af farangri í skúffunni, meðal annars hjóli sem notað var mikið á áfangastað kringum Hljóðakletta. Sagt hafði verið af Toyota-mönnum að betra væri að hafa góða þyngd aftan í honum þar sem það gerði fjöðrun hans betri og minni hætta á að hann skyti afturendanum til hliðar í vænum akstri. Það var þó örlítið hægt að láta hann dansa í kröppustu beygjum ef hressilega var farið og var það ekkert nema skemmtunin ein.

### Frábær ferða- og torfærubíll fyrir innan við 7 milljónir

Það er gott að vita af því að hægt sé að fá svo hæfan bíl fyrir lágt verð en verðið á þessum bíl með 144 hestafla 2,5 lítra dísilvél er aðeins 5.490.000 kr. og ef krafturinn á að vera meiri má fá 3,0 lítra og 177 hestafla vél á 7.290.000 kr. Ég gat ekki séð að það væri sérstök þörf á að fá í þennan bíl mikið öflugri vél, en 2,5 lítra vélin er einkar dugleg og togar eins og enginn væri morgundagurinn. Breyting á bílnum fyrir 35 tommu dekk kostar um 1,5 milljónir og því er hægt að eignast frábæran torfærubíl tilbúinn í erfiðustu ferðalög fyrir innan við 7 milljónir króna. Gott er af því að vita.






## Nýr Volvo XC90 með 400 hestöfl og 60 g/km CO2-losun

**Tölur sem ekki hafa sést áður og aflið kemur aðeins úr fjögurra strokka vél og rafmótorum.**

Nýr Volvo XC90, sem verður frumsýndur seinna á þessu ári, mun bjóða upp á samsetningu af afli, eyðslu og koltvísýringslosun sem ekki hefur verið í boði áður. Líkt og fyrirrennarinn verður XC90 fjórhjóladrifinn og sjö sæta en það sem er fréttnæmast er að hann verður fáanlegur með 400 hestafla vél sem losar aðeins 60 g/km. Aldrei fyrr hefur jeppi verið fáanlegur með jafn miklu afli samhliða jafn lágri eyðslu og lítilli koltvísýringslosun. „Það verða engar málamiðlanir í nýja Volvo XC90,“ segir Peter Mertens, aðstoðarforstjóri rannsókna- og þróunardeildar Volvo. „Áður þurftu kaupendur að velja á milli krafts og lítillar losunar en með nýja Volvo XC90 er hægt að velja bæði.“ Nýi XC90 býður upp á úrval Drive-E-véla sem allar veita framúrskarandi samsetningu af afli og eldsneytisskilvirkni. Þess má einnig geta að allar Drive-E-vélarnar eru fjögurra strokka.

**Ný tvinnvélatækni frá Volvo**

Volvo hefur þróað tækni sem gerir fjögurra strokka vél kleift að veita alla þá akstursánægju sem stærri vélar hafa hingað til aðeins verið þekktar fyrir. Það sem þykir enn markverðara er að Volvo gerir það á mun skilvirkari máta hvað varðar eldsneytisnýtingu og losun. Volvo Drive-E-vélalínan verður í framtíðinni í boði í öllum Volvo-bílum. Volvo hefur nýlega þróað nýja gerð af átta þrepa sjálfskiptingu sem verður í öllum nýjum XC90. Nýja sjálfskiptingin var fyrst kynnt í Volvo S60, V60, S80 og V70 núna á vormánuðum. Volvo XC90 verður fáanlegur með tvinnvél sem mun bera heitið T8. Þar er á ferðinni tengiltvinnbíll og „high-performance“ bíll sameinaður í einum og sama bílnum.

**Keflablásari og afgasforþjappa**

Venjulegur akstur fer fram í sjálfgefnu tvinndrifi. Framhjólin eru drifin áfram af tveggja lítra, fjögurra strokka Drive-E-bensínvél með keflablásara og afgasforþjöppu. Afturhjólin er drifin af 80 hestafla rafmótor. Keflablásarinn nýtist á lægra hraðasviðinu til að gefa vélinni áreynslulausa hröðun. Afgasforþjappan kemur síðan inn þegar snúningur vélar eykst. Frá fyrstu snertingu við inngjöf veitir rafmótorinn á afturhjólunum frábæra togvinnslu sem gefur mikla kraftatilfinningu. Með því einfaldlega að ýta á hnapp í mælaborðinu er skipt yfir í hljóðlausan akstur með engri koltvísýringslosun. Drægni rafmótorsins er um 40 km. Þegar þörf krefur er skipt aftur yfir í bensínvélina og rafmótorinn sem saman skila 400 hestöflum og 640 Nm togkrafti.

**Mikið úrval véla í nýja Volvo XC90**

Volvo XC90 verður einnig í boði með D5-dísilvél með tveimur forþjöppum sem er 225 hestöfl með 470 Nm togi. Eldsneytiseyðslan er aðeins 6 l/100 km. Eins verður í boði D4-dísilvél sem er 190 hestöfl með 400 Nm togi sem eyðir einungis 5 l/100 km (verður einungis fáanlegur framhjóladrifinn og verður því ekki í boði á Íslandi). Eldsneytiseyðsla þessara véla er sú lægsta meðal jeppa í þessum flokki. Einnig verða í boði tvær bensínvélar. Annars vegar T6-vél með keflablásara og afgasforþjöppu. Hún skilar 320 hestöflum og 400 Nm togi. Einnig verður í boði T5-vél sem er 254 hestöfl með 350 Nm togi. Ekki aðeins er engin málamiðlun þegar kemur að afli, eyðslu og losun heldur býður „New Scalable Product Architecture“ (SPA) undirvagnstæknin upp á meiri sveigjanleika inni í bílnum. Aðrir framleiðendur hafa átt í erfiðleikum með að sameina umfang rafhlöðunnar við rúmgott lúxusinnanrými. Volvo hefur náð að yfirstíga þá hindrun þar sem SPA-tæknin er hönnuð frá upphafi með það í huga að rúma rafteknibúnað.

## Sportlegur næsti Kia Sorento



Ný kynslóð af Kia Sorento-jeppanum mun koma á markað á næsta ári, en nú þegar hefur Kia sent frá sér fyrstu myndirnar af útliti hans. Kia ætlar að sýna hann í fullri stærð seinna í þessum mánuði í heimalandinu, Suður-Kóreu. Af myndunum að dæma virðist bíllinn stækka og má leiða líkur að því að hann geti rúmað þriðju sætaröðina. Hann er mun sportlegri í útliti en núverandi bíll og miklu straumlínulagaðri. Þessi stækkun bílsins bendir til þess að hann eigi að keppa við Toyota Highlander, Honda Pilot og Chevrolet Traverse á Bandaríkjamarkaði.

Hann verður líklega byggður á sama undirvagni og nýi Kia Sedona-fjölnotabíllinn en erfir að auki margt frá systurbílnum Hyundai Santa Fe, sem fyrr. Vestanhafs verður Kia Sorento boðinn með 3,3 lítra V-6 vél sem skilar 290 hestöflum, en væntanlega verður minni vél í boði fyrir Evrópumarkað og þá helst fjögurra strokka vél með forþjöppu og dísilvél með meira afli en núverandi 197 hestafla vélin. Bíllinn verður bæði í boði með fjórhjóladrifi og framhjóladrifi.

# JAGUAR LAND ROVER MEÐ OFURSPARNEYTNA VÉL Á PRJÓNUNUM

## Verða 80% léttari en sambærilegar vélar, 17% minna viðnám.



Jaguar Land Rover hefur gengið gríðarlega vel undanfarin misseri eins og lesendur hafa væntanlega heyrt. Ekki aðeins fara móttökur nýjustu gerða Land Rover-bílanna fram úr væntingum heldur er mikill vöxtur á nánast öllum markaðssvæðum þeirra. Meira að segja á Íslandi hafa selst 35 Range Rover-jeppar það sem af er árinu en um er að ræða 75% aukningu í sölu á milli ára. Það vekur því mikla athygli þegar Jaguar Land Rover, framleiðandi Range Rover-, Freelander-, Evoque- og Discovery-bílanna tilkynnir að ný vél sé á prjónunum. Ný vél sem hönnuð er frá grunni til að falla að ólíkum verkefnum getur nefnilega skapað gríðarleg tækifæri fyrir framleiðandann.

**Nett en öflug**

Nýja vélin er kölluð Ingenium og er hún samanþjöppuð og nett, afar létt bensín- eða dísilvél sem skilar miklu afli í bland við mikla sparneytni. Það sem er sérstaklega athyglisvert í hönnun Jaguar Land Rover er að dísil- og bensínvélarnar í Ingenium-línunni munu deila ákveðnum grunni. Þá verður vélin allt að 80 kílóum léttari en sambærilegar vélar sem nú eru í notkun og það verður hægt að nota vélarnar í mörgum útgáfum bifreiða frá bæði Jaguar og Land Rover.

**17 prósentum minna viðnám**

Enn fremur er gert ráð fyrir því að mögulegt verði að nota nýju Ingenium-vélina í mismunandi stærðum sprengirýmis, sem hluta af drifrás afturhjóladrifinna, sídrifinna og fjórhjóladrifinna bíla og fyrir sjálfskiptingar, beinskiptingar og tvinnbíla. Það eru engar smáræðis kröfur. Enn vantar mikið af tölulegum upplýsingum um nýju Ingenium-hönnunina en ljóst er að fyrsta vélin verður tveggja lítra dísilvél sem mun hafa 17 prósentum minna viðnám innbyrðis en forverinn en það ætti að skila vélinni í fremstu röð í sínum flokki. Framleiðsla hefst á næsta ári og svo er bara að sjá hvort þessar ofursparneytnu vélar muni ekki skila Land Rover-bílum til neytenda á enn betra verði en áður og enn hagkvæmari.

# SALA STÆRRI FÓLKSBÍLA DRÆM Í EVRÓPU

## Ekki minni sala í áratug og spáð 37 prósenta minnkun frá 2011.

Þó svo að sala bíla gangi nú vel í Evrópu er einn flokkur bíla þar sem salan fer verulega minnkandi, en það er í flokki stærri fólksbíla. Í þeim flokki bíla eru þekktir bílar eins og Volkswagen Passat og Ford Mondeo sem selst hafa einkar vel gegnum tíðina. Sala í þessum flokki er nú minni en hún hefur verið á þessum áratug og er búist við að um 500.000 bílar seljist í ár en salan var um 800.000 árið 2011. Það er ríflega 37 prósenta minnkun. Misjafnt er þó gengi einstakra bíla.

**Passat langsöluhæstur**

Langsöluhæsti bíllinn í þessum flokki er Volkswagen Passat, en sala hans minnkaði um 5 prósent fyrstu fjóra mánuði þessa árs.

**Tíu söluhæstu bílgerðirnar fyrstu fjóra mánuði ársins.**

| | Bílgerð | Sala | Breyting milli ára |
|---|---|---|---|
| 1. | VW Passat | 50.522 | -5% |
| 2. | Opel Insignia | 32.011 | +33% |
| 3. | Ford Mondeo | 15.692 | +35% |
| 4. | Peugeot 508 | 15.692 | -30% |
| 5. | Skoda Superb | 15.453 | +6% |
| 6. | Mazda6 | 12.401 | +20% |
| 7. | Toyota Avensis | 9.777 | -28% |
| 8. | Hyundai i40 | 9.581 | -17% |
| 9. | Citroën C5 | 6.703 | -33% |
| 10. | Renault Laguna | 7.208 | 0% |

Sala á bílunum sem eru í 2. og 3. sæti listans hefur aukist en frönsku bílarnir á listanum hafa minnkað verulega í sölu og Toyota Avensis og Hyundai i40 einnig. Mazda6 er þó í góðum málum. Toyota er þessa dagana að velta fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að hanna sérstakan bíl í þessum flokki fyrir Evrópumarkað eða sérútgáfu af Avensis. Honda gæti tekið Accord-bíl sinn af markaði í Evrópu strax á næsta ári, en sala hans minnkaði um 26% á þessum fyrstu fjórum mánuðum ársins og seldust aðeins 1.377 bílar. Nissan dró Primera-bíl sinn af Evrópumarkaði árið 2008 og líklegt er að margir aðrir framleiðendur muni gera það sama ef salan fer ekki að aukast.



Volkswagen Passat er söluhæsta bílgerðin í flokknum.

**Evrópa kýs lúxusbílana**

Í upptalningunni hér að ofan eru ekki innifaldir þeir lúxusbílar sem eru ekki af ósvipaðri stærð. Ef þeir væru þarna væri 3-lína BMW í fyrsta sæti með 61.749 bíla selda, Mercedes Benz C-Class í þriðja sæti með 42.638 bíla og Audi A4 í því fjórða með 42.277 selda bíla. Því má segja að Evrópubúar velji nú lúxusbíla í þessum flokki umfram ódýrari bíla af svipaðri stærð. Ford ætlar að bregðast við þessu með því að bjóða Mondeo-bíl sinn í Vignale-útfærslu sem verður miklu betur útbúinn en hefðbundinn Mondeo og ætti ef til vill meira heima í lúxusbílaflokki. Það sama ætlar Renault að gera með Initiale Paris-útfærslu Laguna. Opel hefur farið aðrar leiðir en hinir framleiðendurnir, en Insignia-bíllinn hefur selst mjög vel undanfarið vegna þess hve lágt Opel hefur verðlagt hann. Insignia lækkaði til að mynda um 2.000 pund í Bretlandi á þessu ári samanborið við í fyrra. Insignia er nú á lágu verði um alla álfuna og spennandi verður að sjá verðið á þeim bíl hérlendis þegar Bílabúð Benna hefur sölu á Opel-bílum í september.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins Finnur Thorlacius finnurth@365.is
Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is Sími 512 5457
Hönnun Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is




Toyota kynnir nýja og kröftuga útgáfu af Land Cruiser 150. Þetta er hinn eini sanni konungur íslenskra þjóðvega, tignarlegri en nokkru sinni fyrr. Hann gleður augað og býr yfir tæknilegum nýjungum sem lyfta hverri ökuferð á æðra plan. Komdu og sjáðu hvernig landið liggur hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

**Verð frá 9.920.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Hluti af safni James Hull sem Jaguar keypti í heilu lagi.

# Jaguar kaupir safn 543 breskra fornbíla

Breski bílaframleiðandinn Jaguar Land Rover gerði sér lítið fyrir nýlega og keypti eitt stærsta safn eldri bíla af forföllnum bílasafnara. Þetta safn inniheldur aðeins breska bíla frá fyrri árum, þar á meðal 130 Jaguar-bíla, en einnig Austin-bíl sem Winston Churchill átti forðum og Bentley sem var í eigu Eltons John. Það er sérstök deild innan Jaguar Land Rover, svokölluð Special Operations, sem keypti safnið og sér um að varðveita það og nýta það til að halda upp á arfleifð þessa rótgróna breska sportbílaframleiðanda.

### Safnið átti vel stæður tannlæknir

Safnið verður staðsett í Browns Lane í Coventry-borg. Seljandi safnsins er afar vel stæður tannlæknir, James Hull að nafni, sem rekur einar 50 tannlæknastofur um allt Bretland. Hann var að eigin sögn einkar kátur með að finna svo ábyrgan kaupanda að safni sínu og með því sé lífsstarf hans vel varðveitt í fyrirsjáanlegri framtíð. Jaguar ætlar ekki að búta safnið niður heldur hafa það allt á einum stað. Það verð sem James Hull setti upp fyrir safn sitt var 19,5 milljarðar króna, en sögur herma að Jaguar hafi ekki rétt fram alla þá upphæð.

# Sportbíll Toyota og BMW



Hér hefur áður verið greint frá sportbíl sem Toyota og BMW er að smíða í samstarfi og nú eru komnar nákvæmari upplýsingar um hvað þessi bíll fær frá hvorum framleiðandanum. Þessi bíll mun fá nöfnin Toyota Supra og BMW Z5 og hafa margir beðið eftir svo spennandi bíl frá Toyota og hafa saknað nafnsins Supra frá Toyota lengi. Bíllinn verður með fjögurra strokka bensínvél frá BMW sem drífa mun afturhjólin en að auki rafmótora og rafhlöður frá Toyota sem snúa framhjólunum. Þessi drifrás verður um 350 hestöfl og ætti að koma þessum 1.400 kílóa bíl vel áfram. Hybridkerfið frá Toyota verður í ætt við það sem er í TS030-keppnisbíl Toyota sem tók þátt í Le Mans-þolakstrinum fyrr á árinu.

Ekki er talið víst að bíllinn erfi að fullu útlit Toyota FT-1 Conceptbílsins sem sýndur var á bílasýningunni í Detroit fyrr í ár og ytra útlit bílsins verður ekki það sama hjá BMW og Toyota. Því er ekki farin sama leið og Toyota og Subaru gerðu með bílinn Toyota GT86/Subaru BRZ, en sá bíll er svo til alveg eins hjá báðum framleiðendum. BMW mun nota mikið ál í framleiðslu yfirbyggingar síns bíls en ekki liggur fyrir hvaða leið Toyota mun fara.



Hann er ansi óhrjálegur bíllinn hans Elvis nú en verður gerður upp.

# 507 BMW-bifreið Elvis Presley gerð upp

Bílar og frægt fólk eru í mörgum tilfellum tengd órjúfanlegum böndum. Bílar eru svo stór hluti glamúrsins sem fylgir frægu fólki og hafa verið það nánast frá upphafi. En það er ekki síður merkilegt að við tengjum ákveðnar gerðir af bílum við frægt fólk. Við sjáum til dæmis þekkta rappara fyrir okkur á nýjum Bentley og fótboltakappa á nýjum Range Rover. Flestir sæju konung rokksins sennilega fyrir sér á risastórum-fleka, en staðreyndin er sú að hann átti þýskan eðalvagn af BMW-gerð. Reyndar var bíllinn hans Elvis Presley ekkert slor. Hann átti nefnilega BMW 507-blæjubíl, eða roadster eins og þeir voru kallaðir, en bílinn eignaðist hann þegar hann sinnti herskyldu í Þýskalandi.

### Breytti litnum vegna varalitaskrifa ungmeyja

Bíllinn er 1957 árgerð og keypti Elvis hann notaðan í Þýskalandi. Upprunalega var bíllinn víst hvítur en Elvis var orðinn svo leiður á því að konur skrifuðu símanúmerin sín á bílinn með rauðum varalit að eina lausnin var að mála bílinn hreinlega rauðan. Hvað sem öðru líður þá verður þessi frækni bíll nú gerður upp hjá BMW-safninu í München.




Nýi bíllinn í felubúningi. Land Rover Discovery Sport verður með þremur sætaröðum og rúmar sjö manns.

# SJÖ SÆTA LAND ROVER DISCOVERY SPORT

## Leysir af hólmi Land Rover Freelander sem hætt verður að framleiða.

Nýr bíll er í smíðum hjá Land Rover-verksmiðjunum bresku, Land Rover Discovery Sport, sem leysa mun af hólmi Land Rover Freelander-bílinn sem hefur ekki gengið sem best í sölu undanfarið. Þessi bíll verður með þriðju sætaröðinni og rúmar því sjö manns. Þessi bíll er með mýkri línum en margur Land Rover- og Range Rover-bíllinn og straumlínulögun hans mun tryggja minni loftmótstöðu en flestir bræður hans úr smiðju Land Rover hafa. Hann er byggður á tilraunabílnum Discovery Vision Concept og mun fá sama undirvagn og er undir Range Rover Evoque. Vélarkostirnir í bílnum verða aðallega fjögurra strokka vélar með forþjöppum, eins og svo margir bílaframleiðendur bjóða nú í bílum sínum. Þessi bíll á þó að kunna ýmislegt fyrir sér í torfærum og verða lítill eftirbátur annarra bíla með Land Rover-genin. Lengra verður á milli hjóla á þessum bíl en á hefðbundnum Land Rover Discovery þrátt fyrir að vera öllu minni bíll. Hann á að fara í sölu árið 2016 eða 2017 en verður fyrst sýndur í Evrópu seinna á þessu ári og verður það væntanlega á einhverri af stærri bílasýningum álfunnar áður en árið er liðið.

# NÝIR BMW X3 OG AUDI Q5 FÁ RAFMÓTORA

## Audi kynnir Q5 árið 2016 og BMW X3 ári seinna sem hybrid-bíla.

Einn heitasti markaðurinn fyrir bíla í dag er jepplingamarkaðurinn og hafa lúxusbílaframleiðendurnir BMW og Audi náð þar miklum árangri. Það þýðir ekki að þeir geti lygnt aftur augunum og notið velgengninnar til eilífðarnóns, heldur þurfa þeir að fylgja henni eftir með nýjungum og bættri tækni. Það ætla þeir greinilega að gera og huga báðir að því að bjóða bíla sína með tvinntækni og bæta því rafmótorum við hina vinsælu BMW X3 og Audi Q5.

### BMW léttir X3 um 90 kíló og notar 3-línu undirvagn

BMW ætlar að bjóða 2017 árgerð X3 með tvinntækni auk þess sem stefnt er að því að létta bílinn um 90 kíló með því að nota 3-línu undirvagn undir bílinn. Hann verður áfram í boði með 2,0 lítra og fjögurra strokka dísilvélum sem fá aukið afl og 3,0 lítra og 6 strokka dísilvél, auk bensínvéla. Aflaukning þeirra mun nema um 15 hestöflum en eyðslan á engu að síður að fara niður um 10 prósent. BMW ætlar að bjóða X3 einnig í kraftaútfærslu, BMW X3 M40i með 360 hestöfl og 422 hestafla BMW X3 M. Tvinnútgáfa bílsins sem hægt verður að hlaða með heimilisrafmagni verður með 240 hestafla bensínvél auk 95 hestafla rafmótors, svo þar fer enginn aumingi. Honum á að vera hægt að



BMW X3-jepplingurinn fær rafmótor og verður 252 hestöfl.

aka fyrstu 40 kílómetrana með rafmagni eingöngu.

### Audi Q5 kemur fyrr og er öflugri

Audi ætlar að koma með sinn bíl, Q5, ári fyrr en BMW X3, eða árið 2016. Hann mun fá MLB-evo-undirvagn og léttast fyrir vikið og ökuhæfnin batna. Í tvinnútgáfu hans verður 252 hestafla bensínvél auk 109 hestafla rafmótors svo þar fer 361 hestafls bíll, sem slær við aflinu í tvinnbílsútgáfu BMW X3. Báðir tvinnbílar BMW og Audi munu kosta um 450.000 krónum meira en sams konar bílar án rafmótora. Audi ætlar að bjóða nýjan Q5 með 2,0 lítra og 245 hestafla bensínvél og 2,0 lítra og 190 hestafla dísilvél, auk 3,0 lítra og 272 hestafla dísilvél. Öflugasta gerð hans verður þó 345 hestafla bíll með 3,0 lítra dísilvél með þremur forþjöppum. Sá bíll ætti að geta keppt við Porsche Macan í hestaflakapphlaupinu. Ytra útlit Q5 mun breytast með þessari nýju útgáfu og hann mun fást með 20 og 21 tommu felgum sem gefur honum kraftalegt útlit. Kaupendur geta valið hann í mattlakkaðri útgáfu og troðfullan af búnaði. Audi ætlar að færa framleiðslu nýs Q5 frá höfuðstöðvunum í Ingolstadt til San José í Mexíkó og ætlar að framleiða þar í upphafi um 150.000 bíla og skapa með því 20.000 ný störf í Mexíkó.




ENNEMM / SÍA / NM63558 // Aukabúnaður á mynd: 17" álfelgur

# AF GEFNU TILEFNI BENDUM VIÐ ÞEIM SEM LANGAR Í RAFBÍL Á NOKKRAR STAÐREYNDIR SEM VERT ER AÐ HAFA Í HUGA.

**Í ÁBYRGÐ**
Vertu viss um að Nissan Leaf rafbíllinn sé framleiddur fyrir Evrópu því þá fylgir honum 3 ára verksmiðjuábyrgð auk 5 ára verksmiðjuábyrgðar á rafhlöðu sem tryggir þig fyrir mögulegum bilunum, innköllunum eða uppfærslum á búnaði sem kunna að koma upp yfir ábyrgðatímann.

**AMERÍSKIR EKKI Í ÁBYRGÐ**
Þeir Nissan Leaf rafbílar sem eru framleiddir fyrir Ameríku eru ekki í ábyrgð í Evrópu. Söluaðilar Nissan í Evrópu (BL ehf.) geta ekki ábyrgst Nissan Leaf rafbíla, nýja eða notaða, sem framleiddir eru fyrir Ameríku og fluttir til Evrópu.

**HJÁ OKKUR FÆRÐU BESTU TRYGGINGUNA**
Amerískir Nissan Leaf eru ekki með ábyrgðartryggingu eins og evrópskir. Hægt er að kaupa hjá tryggingafélagi 3 ára ábyrgðartryggingu á nýjan rafbíl sem fluttur er inn frá Ameríku fyrir 160.000 kr. Margt af því sem fellur undir verksmiðjuábyrgð framleiðanda er undanskilið í þessari ábyrgð auk þess sem 5 ára ábyrgðartrygging á rafhlöðu er ekki innifalin eins og í bílum sem framleiddir eru fyrir Evrópu.

**250.000 KR. HEIMAHLEÐSLUTÖÐ Í KAUPBÆTI**
Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. býður fylgir nú hraðhleðslustöð að andvirði 250.000 kr. sem hægt er að setja upp heima eða á vinnustað. Hraðhleðslustöðin fullhleður Nissan Leaf á einungis 4 tímum í stað 11 tíma með hefðbundinni hleðslu.

**INNÁBORGUN MEÐ NOTUÐUM BÍL**
Þeir sem kaupa Nissan Leaf Nordic rafbíl frá BL ehf. geta greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl. Restina er hægt að taka að láni að hluta eða öllu leyti. Gerðu frábær kaup á glænýjum Nissan Leaf Nordic. Við hvetjum neytendur til að gera raunhæfan verðsamanburð.

**45 DAGA SKIPTIRÉTTUR**
Langar þig að prófa en ert ekki viss? Öllum Nissan Leaf Nordic rafbílum sem BL ehf. selur fylgir 45 daga skiptiréttur.*

Sjá nánar á **www.nissanleaf.is**

5 YEAR WARRANTY BATTERY AND ALL EV COMPONENTS 100 000 KM

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.

*Ef viðskiptavinur sem keypt hefur Nissan Leaf Nordic telur bílinn ekki henta þörfum sínum bjóðum við 45 daga skiptirétt. Viðskiptavinur getur þá skilað bílnum og látið kaupverðið ganga upp í kaup á sambærilegum eða dýrari nýjum bíl frá BL ehf. Miðað er við að bíllinn sé ekinn að hámarki 1.500 km. á tímabilinu.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L












| MITSUBISHI OUTLANDER PHEV | 2,0 L BENSÍNVÉL, 200 HESTÖFL<br>Fjórhjóladrif<br>Eyðsla 1,9 l/100 km í blönduðum akstri | Mengun 44 g/km $CO_2$<br>Hröðun 11 sek.<br>Hámarkshraði 170 km/klst.<br>Verð frá 6.690.000 kr.<br>Umboð Hekla |
|---|---|---|

# FYRSTI RAFKNÚNI FJÓRHJÓ

Í hefðbundnum borgarakstri kostar afar lítið að reka þennan bíl því hann k



MYNDIR/STEFÁN

## MITSUBISHI OUTLANDER PHEV

Finnur Thorlacius reynsluekur

Það hefur ekki verið mikið að frétta frá Mitsubishi síðustu misserin og hefur það endurspeglast í lítilli sölu Mitsubishi-bíla hérlendis. Það gæti þó verið að breytast með tilkomu nýjasta bílsins frá japanska framleiðandanum, Mitsubishi Outlander PHEV. Hann er fyrsti rafknúni fjórhjóladrifsbíllinn að sögn Heklu, söluumboðs Mitsubishi. Hér er á ferð tvinnbíll sem hlaða má heima hjá sér og fer flestra sinna ferða innanbæjar á rafmagninu eingöngu. Það er ekki fyrr en farið er í lengri ferðir sem þessi bíll tekur í pyngju eigenda sinna og brennir eldsneyti. Hann er þó með ágætri bensínvél og verður alls ekki vélarvana þegar rafmagnið þrýtur og hefur samtals heilmikla drægni ef fara á langt, reyndar alveg 800 km drægni. Það er líka óhætt flutningsgetunnar vegna að fara á þessum stóra jepplingi í lengri ferðir og þægindin við að umgangast bílinn auka á ánægjuna. Mitsubishi Outlander PHEV var tekinn til kostanna í næstum heila viku um daginn og það var með heilmikilli eftirsjá sem honum var skilað, en hans hafði þá meðal annars verið notið í tveimur lengri ferðum um Suðurlandið. Aldrei fór eyðsla hans yfir 7 lítra á hundraðið og var reyndar nær 6 lítrunum í lengri ferðunum. Þegar honum var ekið innanbæjar ók hann eingöngu á rafmagni og var því afar ódýr í rekstri.

### Hefur um 40 km drægni á rafmagninu

Við allra bestu aðstæður fer bíllinn 50 km á rafmagninu einu saman en í reynsluakstri dugði það um það bil 40 kílómetra og slík drægni verður til þess að fáa daga þarf hann að skipta yfir í brunavélina. Þetta krefst þess að ökumaður þarf að muna eftir því að stinga bílnum í samband við rafmagn í lok hvers dags, en það er aðeins 10-15 sekúndna aðgerð og líklega er tímafrekara að renna við á bensínstöð vikulega og eyða nokkrum mínútum í áfyllingu þar. Eitt það besta við þennan bíl er að hann sameinar hæfan fjórhjóladrifsbíl sem hentar vel íslenskum aðstæðum og rafmagnsbíl sem ódýrt er að reka. Hann kostar þó meira en hefðbundin gerð Mitsubishi Outlander og munar 1.400.000 kr. á honum og ódýrustu útgáfu Outlander með tveggja lítra bensínvél og kostar 5.290.000 kr. Sá bíll er reyndar beinskiptur, en PHEV-tvinnbíllinn er sjálfskiptur og betur búinn að öllu leyti og því eiginlega ekki sanngjarnt að bera þá saman. PHEV-bíllinn getur hins vegar sparað eigendum sínum 300.000 kr. á ári í eldsneytiskostnað ef eknir eru 20.000 km á ári og því er hann ekki mörg ár að borga upp mismuninn í kaupverði.

### Stór bíll með mikið flutningsrými

Útlitslega slær Outlander PHEV engin fegurðarmet og er hann frekar línulaus og útbólginn og stórir hurðarfletirnir gefa honum ekki mikinn karakter. Mitsubishi fer sannarlega mjög hófstillta leið með ytri hönnuninni og djörfungin er lítil. Að innan er hann þó hinn laglegasti, stílhreinn og greinilegt að vandað er til verks. Sætin eru þægileg og mælaborð skilvirkt og laglegt. Í stað snúningshraðamælis vinstra megin er mælir sem sýnir hversu mikið er tekið af rafhleðslunni eða hvort hlaðið er inn á kerfið. Hann hleður ávallt örlitlu rafmagni inn á rafgeymana til að eiga eitthvað inni ef gefið er hressilega inn og einnig þegar fríhjólað er og farið niður brekkur. Þannig nýtir hann alla kínetíska orku og verður eyðslugrennri og umhverfisvænni fyrir vikið. Forvitnilegt er að fylgjast með þessu kerfi og gaman að sjá hvernig hann hleður frá lítilli inneign í rafgeymunum og upp í nokkra kílómetra ef farið er niður langa brekku. Hægt er þó að velja um hvort bíllinn hleður inn á geymana með stjórntökkum. Sætin eru góð í bílnum og rými fyrir aftursætisfarþega er mjög mikið. Flutningsrými er einnig mjög gott og bíllinn því góður ferðabíll. Sjálfskiptingarhnúður bílsins er sérstakur og hnikar ökumaður honum til hliðar og upp eða niður eftir því hvort fara á áfram eða aftur á bak. Þetta virkar skrítið í fyrstu en venst einkar vel. Þetta er ekki ósvipað og í rafmagnsbílunum Nissan Leaf og Toyota Prius og virðist í tísku í þess háttar bílum.

### Einstök viðbót í jepplingaflóruna

Akstur Outlander PHEV er allur hinn ágætasti, en þar sem hann er 200 kílóum þyngri en venjulegur Outlander er hann ekki eins lipur og fyrir þessari þyngd finnst. Bíllinn er 1.850 kíló. Fyrir vikið er hann ekki meðal allra lipurstu bíla í innanbæjarakstri en hann er ferlega ljúfur á langkeyrslu og fjöðrunin hreint ágæt. Bíllinn er enginn letingi með sín 200 hestöfl, en hann missir þó aðeins afl ef rafmagn er ekki til staðar en bensínvélin orkar 150 hestöflum. Fyrir svona þungan og stóran bíl er alls ekki slæmt að ná honum í 100 km hraða á 11 sekúndum. Outlander PHEV getur dregið 1.500 kg þungan farm og meira ef hann tengist bremsubúnaði bílsins. Þessi bíll er hin flottasta viðbót við þá jepplingakosti sem hægt er að velja um nú og sá eini sem dagsdaglega er hægt að reka með svo til engum kostnaði og verði hans er stillt í hóf. Hann er einnig fær um að fara ótroðnari slóðir og hinn ágætasti torfærubíll. Slíkir bílar eru ekki á hverju strái.

**KEMUR Á ÓVART**
Hve aflmikill hann er þegar rafmagnsins nýtur við. Hve gott pláss er fyrir aftursætisfarþega. Hve mikill staðalbúnaður fylgir.

- Þyngd bílsins finnst í akstri

- Rúmgóður
- Lítil eyðsla
- Vel heppnuð drifrás

# …LADRIFSBÍLLINN KOMINN

…emst fyrstu 40 kílómetrana eingöngu á rafmagni.










Outlander PHEV er afskaplega smekklegur að innan og pláss fyrir farþega og farangur er yfrið nóg.


## Ævintýraheimur barnanna!

Á Krakkastöðinni er að finna vandað talsett barnaefni úr öllum áttum í bland við íslenskt sjónvarpsefni. Krakkabíó alla daga kl. 19:00 og sögustund fyrir svefninn. Krakkastöðin er svo sannarlega ómissandi fyrir yngstu kynslóðina.




3 + Krakka stöðin + ♪

2.990 kr.




FRÍTT FYRSTA MÁNUÐINN!
NÁNAR Á 365.IS

Fáðu þér áskrift! 365.IS

Prófaðu áskrift frítt í 30 daga!
-engin skuldbinding!




Tónlist.is

Hlustaðu hvar og hvenær sem er

Þú getur hlustað í tölvunni, símanum, spjaldtölvunni og í græjunum.

# Porsche ræður 5.000 nýja starfsmenn



Porsche Macan

Svo vel gengur hjá þýska bílaframleiðandanum Porsche að fyrirtækið hyggst ráða til sín 5.000 nýja starfsmenn á næstu fimm árum til að mæta aukinni framleiðslu. Þessi aukning nemur 24 prósenta fjölgun starfsmanna og eru vafalaust fáir bílaframleiðendur sem hyggja á viðlíka hlutfallslega fjölgun á næstu árum. Nýju starfsmennirnir eiga að taka að sér hönnun nýrra bíla, framleiðslu, sölu og þjónustu. Fjölgunin mun að mestu eiga sér stað utan heimalandsins Þýskalands. Þessi mikla fjölgun bliknar þó í samanburði við þá fjölgun sem átt hefur sér stað hjá Porsche frá 2010, eða á síðustu fjórum árum, en á þeim tíma hefur starfsfólki fjölgað um 8.400, enda gengi Porsche verið gríðargott á þessum tíma. Nú starfa 21.000 manns hjá fyrirtækinu.

Markmið Porsche er að selja 200.000 bíla árið 2015 og mun nýi jepplingurinn Macan eiga stóran þátt í þeirri miklu aukningu sem spáð er milli áranna 2014 og 2015. Tekin verður brátt ákvörðun um það hvort Porsche smíði ofursportbíl sem kostað gæti um 180.00 evrur og keppa ætti við bíla frá Ferrari. Hagnaður af rekstri Porsche nam 18 prósentum af veltu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en fáir eða enginn annar bílaframleiðandi státar af öðrum eins hagnaði af veltu, enda skilaði sá hagnaður næstmestu til heildarhagnaðar Volkswagen-bílafjölskyldunnar, á eftir Audi.

# Nissan og Renault hagnast



Nissan Quasqai

Á öðrum ársfjórðungi jók Nissan hagnað sinn um 37 prósent frá síðasta ári. Carlos Ghosn, forstjóri Nissan, þakkar þennan árangur helst góðri sölu í Bandaríkjunum og Kína. Ekki gengur Nissan eins vel í Evrópu en tap varð á rekstrinum þar, þó 77 prósentum minna tap en í fyrra. Tapið í Evrópu nam nú 1,8 milljörðum króna og dró í sjálfu sér lítið niður heildarhagnað Nissan fyrir ársfjórðunginn þar sem hann nam 126 milljörðum króna. Nissan áætlar að selja alls 5,65 milljónir bíla í ár, salan vaxi um 8,9 prósent, heildarhagnaðurinn verði 605 milljarðar króna og markaðshlutdeild Nissan í seldum bílum í heiminum verði 6,7 prósent.

### Góð sala í Bandaríkjunum og Kína

Vel gengur hjá Nissan í Bandaríkjunum og hefur salan aukist um 13 prósent þar á fyrri helmingi ársins en sala Toyota hefur aðeins aukist um 5 prósent og Honda hefur tapað 1 prósenti í sölu milli ára. Söluaukningin er þó enn meiri í Kína, eða 21 prósent, og stefnir Nissan á 10 prósenta markaðshlutdeild þar og sölu 1,4 milljóna bíla þar í ár. Lúxusbílamerki Nissan, Infinity, hjálpaði til við hagnaðaraukninguna og jókst sala Infinity-bíla um 30 prósent á fyrri helmingi ársins. Infinity ætlar að keppa af krafti í framtíðinni við þýsku lúxusbílamerkin BMW, Audi og Mercedes Benz og hyggur á 10 prósenta markaðshlutdeild í heiminum á lúxusbílum.

### Renault hagnast vel á Dacia

Það gekk einnig vel hjá systurfyrirtækinu Renault en hagnaður þess jókst um 25 prósent á fyrri helmingi ársins og hagnaðurinn á þeim tíma 112 milljarðar króna. Miklu munaði um 64 milljarða króna niðurskurð í kostnaði, mest hvað varðar innkaup á íhlutum. Hagnaður af veltu jókst hjá Renault frá 2,9 prósentum í 3,7 prósent. Stóran þátt í hagnaði Renault á Dacia í Rúmeníu sem er í eigu Renault. Dacia seldi 35 prósentum fleiri bíla á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra.

# Anorakkafróðleikur frá BMW – Hvað er Hofmeister-Knick?

Anorakkar eru þeir stundum kallaðir sem hafa djúpstæðan áhuga á einhverjum jaðaráhugamálum og skiptir þá litlu hvort um er að ræða bjór, bíla eða baðstrendur. Anorakkar bílaheimsins leggja því mikið á sig að þekkja sögu hvers bílaframleiðanda enda nauðsynlegt að geta slegið um sig með réttum staðreyndum á barnum, eða baðströndinni. BMW er eitt þeirra merkja sem flestir bílaunnendur þekkja mjög vel. Þrátt fyrir merka sögu bílaframleiðandans og endalausa framleiðslu þeirra á áhugaverðum akstursætkjum eru sennilega fáir anorakkar sem hafa heyrt um Hofmeister-knick – eða Hofmeister-beygjuna ef við snúum þessu yfir á okkar ylhýra.



BMW 428i

### Hönnunareinkenni BMW-bíla

Hofmeister-Knick er áhugavert fyrirbæri sem allra hörðustu aðdáendur BMW ættu að þekkja enda er þetta auðkenni á BMW-bílum nútímans vel sýnilegt. Það var fyrst 1961 sem þetta hönnunareinkenni kom fram í dagsljósið hjá BMW. Um er að ræða beygju í aftasta hliðarglugga BMW bíla. Hún er nokkuð sérstök en í meginatriðum alltaf eins á milli mismunandi gerða BMW. Bíllinn sem fyrst fékk þetta hönnunareinkenni var BMW 3200 CS ásamt BMW 1500. Þessir bílar voru sýndir á bílasýningunni í Frankfurt 1961. Nafngiftin kemur frá framkvæmdastjóra hönnunardeildar BMW á þeim tíma, Wilhelm Hofmeister. Að sögn BMW er þetta ekki eingöngu hönnunaratriði heldur á það dýpri rætur en svo því Hofmeister-Knick á að vísa í að BMW-bílar leggja alltaf áherslu á afturhjóladrif, jafnvel í sídrifsbílunum er meginhluti drifsins að aftan.



Viður og mjúkt leður samtvinnast handunnum smáatriðum eins og sjálfskiptihnúð úr kristal frá Orrefors.

# FRAMÚRSTEFNULEGT INNANRÝMI VOLVO XC90

## Glæsileg innrétting jeppans minnir meira á geimstöð en bíl.

Volvo hefur nú hafið kynningu á nýjum Volvo XC90. Mikil eftirvænting hefur verið eftir nýjum Volvo XC90 enda einn mikilvægasti bíll Volvo. Myndir af innanrými bílsins hafa nú birst og þykja mjög tilkomumiklar. Volvo er nú í sumar að sýna meira og meira af nýja bílnum þangað til að heildarútlit hans verður svo afhjúpað seint í ágúst í Stokkhólmi.

### Lúxusinnanrými XC90

Innanrými Volvo XC90 er tilkomumikið og þar ræður glæsileikinn ríkjum. Hönnunin er einföld, stílhrein og falleg og samtvinnuð nýjustu tækni. Aldrei fyrr hefur Volvo hannað innanrými með jafn miklum lúxus. Mest áberandi er stór snertiskjár í miðjustokk bílsins. Hann er óvenju stór og myndar hjarta nýs stjórnkerfis Volvo sem gerir mælaborðið nánast takkalaust. Allt efni í innanrými Volvo XC90 er það besta sem völ er á. Þar samtvinnast viður og mjúkt leður handunnum smáatriði líkt og sjálfskiptihnúð úr kristal frá sænska framleiðandanum Orrefors. Þess má einnig geta að start/stopp-hnappurinn og hnappur til að stjórna hljóðstyrk eru demantsskornir.

### Ný sæti og þrjár sætaraðir í nýjum Volvo XC90

Volvo hefur lengi verið þekkt fyrir að bjóða upp á fyrsta flokks sæti bæði hvað varðar þægindi og öryggi. Í Volvo XC90 eru ný sæti með fjölbreyttum stillingarmöguleikum. Öll sætin í annarri og þriðju sætaröð er hægt að leggja niður hvert fyrir sig sem býður upp á mikinn sveigjanleika. Sérstök áhersla var lögð á fyrirtaks aðgengi og gott fótarými í þriðju sætaröðinni. Þar eru sætin örlítið miðjuð þannig að þeir sem sitja þar geti séð betur út um framrúðu bílsins.

### Spennandi XC90-sumar

Eins og áður sagði mun Volvo sýna meira af bílnum á næstu mánuðum samhliða því að kynna tækni- og öryggisnýjungar. Til að fylgjast með er tilvalið að skrá sig á póstlistann hjá Volvo á Íslandi. Ljóst er að setið verður um fyrstu Volvo XC90-bílana og því ráðlegt að panta framleiðslupláss sem fyrst. Á Íslandi er stefnt er að því að afhenda fyrstu bílana vorið 2015.

# Sjö atriði sem þú vissir vafalaust ekki um rafbílinn Nissan Leaf

## Rafbílar að ryðja sér til rúms á Íslandi og í nágrannalöndunum.

Það var fyrr í vetur sem fluttar voru fréttir af því að Nissan Leaf væri mest seldi bíllinn í Noregi fyrstu þrjá mánuði ársins. Enn er rafbíll á toppnum í Noregi, Tesla Model S hefur skotist fram fyrir Nissan Leaf þótt hann kosti margfalt meira. Slíkar fréttir hljóta að vera stórmerkilegar og sala rafbíla eins og Nissan Leaf er augljóslega ekki einangrað fyrirbæri. Í yfir hundrað ár hafa bílar verið knúnir sprengihreyflum en nú, á tuttugustu og fyrstu öldinni, er loksins rafbíll að seljast betur en bensín- eða dísilbílar í Noregi. Ísland á þó nokkuð langt í land hins vegar með að ná Noregi þrátt fyrir að hér á landi séu aðstæður ákjósanlegar fyrir rafbíla. En skoðum þennan rafbíl almúgans aðeins betur og hvaða atriði gera hann áhugaverðan.



Nissan Leaf hlaðinn á hraðhleðslustöð.

**1.** Um 60 prósent af plastinu í innréttingu Nissan Leaf eru úr endurunnu efni og 99 prósent bifreiðarinnar sjálfrar eru endurvinnanleg.

**2.** Það er fimm ára ábyrgð á rafhlöðum Nissan Leaf. Það jafngildir um 100 þúsund kílómetra akstri á tímabilinu.

**3.** Framljós bílsins gera hann hljóðlátari. Ein aukaverkun rafbíls er sú að þar sem ekkert vélarhljóð er til staðar verða önnur umhverfishljóð meira áberandi. Til að draga úr þeim eru framljós bílsins sérstaklega hönnuð til að beina vindstraumi fram hjá hliðarspeglum svo bíllinn sé hljóðlátari í akstri.

**4.** Það er hægt að ná 80 prósenta hleðslu á hálftíma með hraðhleðslustöðvum eins og þeim sem ON á Íslandi er að setja upp í samstarfi við BL og Nissan.

**5.** Hámarkshraði Nissan Leaf-rafbílsins er 152 km/klst. og orkan skilar sér strax, sem þýðir að hröðun bílsins er framúrskarandi. Raunar má benda á að Nissan Leaf hraðar sér jafn fljótt í 100 km/klst. og 1,6 lítra túrbódísilbíll.

**6.** Hann segir þér hvernig hægt er að spara orku. Til dæmis lætur bíllinn vita að hægt sé að slökkva á loftkælingunni og ná þannig aukinni drægni þegar á þarf að halda.

**7.** Samkvæmt orkusetur.is kostar aðeins 2,8 krónur að aka einn kílómetra á Nissan Leaf en það kostar 9,5 krónur á Toyota Auris Hybrid og 9 krónur á VW Golf dísil með beinskiptingu.

Nú er bara spurningin hvort Íslendingar taki við sér líkt og nágrannaþjóðirnar og velji rafbíla í auknum mæli.




Í tilefni af 40 ára afmæli VW Golf bjóðum við sérútbúna Comfortline og Highline bíla á einstöku tilboðsverði. Komdu og tryggðu þér einn pakkaðan af afmælisdóti, tilbúinn á götuna.

| Golf Comfortline 1.4 TSI sjálfskiptur | 3.850.000 kr. |
|---|---|
| **Aukalega í afmælisútgáfu** | |
| • 17" Dijon felgur með sportfjöðrun | |
| • Skyggðar rúður | |
| • Sportsæti | |
| • R-Line útlit | |
| • Xenon ljós með LED dagljósum | |
| • Panoramic sóllúga | |
| **Afmælisbíll með aukabúnaði** | 4.735.000 kr. |
| **Tilboðsverð** | **4.120.000 kr.** |

| Golf Highline 1.4 TSI sjálfskiptur | 4.190.000 kr. |
|---|---|
| **Aukalega í afmælisútgáfu** | |
| • 17" Dijon felgur með sportfjöðrun | |
| • Skyggðar rúður | |
| • R-Line útlit | |
| • R-Line innrétting | |
| • Xenon ljós með LED dagljósum | |
| **Afmælisbíll með aukabúnaði** | 4.965.000 kr. |
| **Tilboðsverð** | **4.360.000 kr.** |

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR OF THE YEAR

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## AUDI A3 1,4 TFSI

**1,4 l BENSÍNVÉL, 140 HESTÖFL**
Framhjóladrif
**Eyðsla** 4,7 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 109 g/km $CO_2$
**Hröðun** 8,4 sek.

**Hámarkshraði** 217 km/klst.
**Verð** 5.290.000 kr.
**Umboð** Hekla

- Lítið höfuðrými í aftursæti
- Lítil tilfinning í stýri

- Frábærir akstursseiginleikar
- Lítil eyðsla
- Falleg innrétting



MYNDIR/GVA

# HEIMSMEISTARINN SJÁLFUR ER MÆTTUR

## Audi A3 var fyrr á árinu kjörinn bíll ársins í heiminum og hann stendur fyllilega undir þeirri nafnbót.

**AUDI A3 1,4 TFSI**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Það er ekki á hverjum degi sem lyklar eru afhentir að nýkrýndum bíl ársins í heiminum og þá vaknar sú spurning hvort hann eigi slíka útnefningu skilið. Lyklarnir gengu að fremur smávöxnum bíl frá þýska lúxusbílaframleiðandanum Audi, þ.e. Audi A3 með „sedan“ lagi. Þar fer ný þriðja kynslóð bílsins, en Audi A3 kom fyrst á markað árið 1996. Eins og títt er með bíla hefur A3 stækkað með hverri kynslóð og er hann ekki svo lítill bíll þótt hann sé næstminnsti bíllinn í Audi-fjölskyldunni, en A1 er minni. Eins og reyndar með alla aðra Audi-bíla er A3 fallegur bíll. Hann er með grimman og sportlegan framenda, en sama hvar á hann er litið gleður hann augað. Síst tekur verra við er inn í hann er komið og enn og aftur sannar Audi það að innréttingar þeirra eru eitthvað sem aðrir bílaframleiðendur eiga að taka sér til fyrirmyndar. Yfir henni er stílhreinn klassi og smíðin óaðfinnanleg. Framsætin eru góður staður til að vera á, svo vitnað sé í slagorð eins af íslensku bílaumboðunum. Öðru máli gegnir um aftursætin og er það einn af fáum göllum þessa bíls, en þar komst greinarritari illa fyrir sökum lítils höfuðrýmis og eru þau eins og sköpuð einungis fyrir börn. Hreint fáránlegt er hins vegar að sjá hversu mikið rými er í skotti þessa bíls og kemur það sannarlega á óvart.

### Lítil vigt eykur akstursseiginleika

Reynsluakstursbíllinn var með 1,4 lítra TFSI-bensínvél með forþjöppu sem er 140 hestöfl. Eyðsla hans í blönduðum akstri er 4,7 lítrar og hjálpar þar til mögnuð tækni þar sem vélin slekkur á tveimur af fjórum strokkum vélarinnar sé afls þeirra ekki þörf. Afköst þessarar vélar eru hreint mögnuð svo til alls staðar á snúningssviðinu, nema þá helst á miklum snúningi. Fyrir vikið verður þessi bíll mjög sportlegur í akstri og ekki sakar frábær S-tronic-sjálfskiptingin sem ávallt velur réttan gír. Akstursseiginleikar þessa bíls eru í heild algjörlega til fyrirmyndar, hann er svo lipur að hann verður strax mikill vinur ökumanns. Honum má henda mjög hratt í beygjur og fer vel með. Vigt bílsins er furðu lítil vegna notkunar hástyrktarstáls og áls og því verða eiginleikarnir svo góðir og afl vélarinnar nýtist vel. Ef kvarta á yfir einhverju varðandi akstur þessa bíls er það lítil tilfinning fyrir stýrinu vegna ýmiss búnaðar sem aðstoðar við stýringu bílsins. Fyrir vikið verður hún dulítið vélræn.

### Besta vélin er ódýrust

Audi A3 má fá í hinum ýmsu útfærslum og með nokkrum gerðum véla. Flestir bílablaðamenn eru sammála um að skynsamasta valið sé einmitt á þeirri vél sem í reynsluakstursbílnum var, 1,4 lítra TFSI-bensínvélinni. Stingur það í stúf við marga aðra smærri bíla sem flestir velja með dísilvél, en hagkvæmni og gott afl þessarar vélar færir henni þennan titil. Einnig má fá 1,8 lítra TFSI-bensínvél sem er 180 hestöfl og 300 hestafla Audi S3 sem notast við 2,0 lítra bensínvél. Dísilvélar í boði eru 1,6 lítra og 110 hestafla og 2,0 lítra og 150 hestafla en báðir kostir eru dýrari en 1,4 lítra bensínvélin. Reynsluakstursbíllinn, sem var sjálfskiptur, er á 5.290.000 kr. en beinskiptur bíll með sömu vél er ódýrasta útfærslan á 4.950.000 kr. Audi A3 má svo bæði fá sem stallbak og sem hefðbundinn „sedan“ bíl, en það bauðst ekki fyrr en í fyrra. Stallbakinn má bæði fá þriggja og fimm dyra og þann fyrrnefnda sem blæjubíl. Það er því um mikið að velja þegar kemur að kaupum á Audi A3, en mat greinarskrifara er að fallegasta útfærslan sé nýja „sedan“ útgáfa hans og blár eða rauður bíll yrði fyrir valinu.

### A3 telur fimmtung af sölu Audi

Fimmtungur af öllum Audi-bílum sem seldir eru í heiminum er af A3-gerð og víst er að titillinn „besti bíll ársins í heiminum“ mun ekki minnka söluna á þessum gæðabíl. Í reynsluakstri á bílnum hefur lærst að hann á algerlega fyrir tilnefningu sinni og er einhvern veginn eins og svissneskur vasahnífur í þeim skilningi að hann er með allt, getur allt og gerir það frábærlega, auk þess að vera fallegur. Það þarf nefnilega mikið til að hljóta þessa eftirsóttu tilnefningu, sá bíll þarf að standa út úr fjöldanum og vera frábær í alla staði og hann standur undir því. Audi A3 er í sístækkandi flokki smárra lúxusbíla þar sem margir kaupendur kjósa nú að minnka við sig í stærð bíla sinna án þess að fórna lúxusnum og fá hagkvæmni að auki. Þar hefur Audi nú tekið forystuna með þessum bíl og sett markið hátt.



Innréttingar Audi eru ávallt mjög vandaðar og það er annarra að fylgja þeim eftir.






The Power to Surprise

**Fengum takmarkað magn af ríkulega búnum Kia cee'd Sportswagon EX með öflugri bensínvél á sérstöku tilboðsverði.**

**Dæmi um búnað:**

- 16" álfelgur
- Loftkæling (A/C)
- Cruise Control
- Bakkskynjarar
- Flex stýrisstilling
- Bluetooth
- USB tengi
- LED ljós
- Akksturstölva
- Hólf milli sæta
- Kastarar með beygjuskynjara
- Hiti í stýri og framsætum
- 525 lítra farangursrými og m.fl.

**Eigum bíla til afgreiðslu strax!**
**Komdu og reynsluaktu.**

Aðeins **35.990 kr.** á mánuði í 84 mánuði.*

* M.v. 1.600 þús. kr. útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílalán Landsbankans í 84 mánuði. 9,4% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar:11,14%.

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# Honda CR-V er söluhæsti jepplingurinn í Bandaríkjunum

## Ford Escape fylgir honum fast á eftir.

Hún er jöfn keppnin milli jepplinganna Honda CR-V og Ford Escape um hylli kaupenda í Bandaríkjunum. Á fyrstu sex mánuðum ársins hafa selst 154.692 Honda CR-V en 152.890 Ford Escape. Í júní munaði einnig litlu á sölu bílanna, en 26.129 Honda CR-V seldust á móti 25.110 Ford Escape. Í þriðja sætinu í þessum flokki er svo Chevrolet Equinox en af honum seldust 21.748 bílar. Toyota RAV4 vermir fjórða sætið með 21.589 bíla og Nissan Qashqai kom svo næstur með 15.066 selda bíla í júní. Þar á eftir var svo Jeep Cherokee, sem flokkast hefði líklega sem jeppi hérlendis, en af honum seldust 13.337 bílar, rétt ofar en Subaru Forester sem 13.317 bílar seldust af. Þá kemur GMC Terrain langt á eftir með 8.743 bíla og Mazda CX-5 með 8.000 bíla. Til að klára listann yfir tíu efstu þá vermdi Jeep Patriot síðasta sætið með 6.873 bíla.



Honda CR-V Hefur ávallt selst eins og heitar lummur vestanhafs og engin lát eru á vinsældunum.



Mazda CX-5

# Mazda slær við eigin markmiðum í Evrópu

Þegar Mazda hefur gert upp söluárangur sinn í Evrópu fyrir fyrstu fimm mánuði ársins kemur í ljós 24 prósenta aukning frá fyrra ári. Markmið Mazda var hins vegar að ná 7 prósenta söluaukningu og hefur Mazda því meira en þrefaldað eigin markmið. Þrátt fyrir þessa miklu söluaukningu náði Mazda 18 prósenta aukningu á síðasta ári og því má segja að Mazda sé á miklu flugi í álfunni. Markmiðið var að selja 170.000 bíla í Evrópu í ár. Það eru helst bílgerðirnar Mazda3 og jepplingurinn Mazda CX-5 sem eiga heiðurinn af þessum góða árangri, en Mazda6 selst einnig vel, þrátt fyrir að Mazda óski þess að sá bíll seldist enn betur. Mazda var með 1,2 prósenta markaðshlutdeild í Evrópu í fyrra en 1,4 prósent á þessum fyrstu fimm mánuðum í ár. Söluhæsti bíll Mazda er CX-5 jepplingurinn eða 25.444 bílar.



Porsche 718

# Nýr Porsche 718 kemur 2016

Það teljast ávallt fréttir þegar sportbílaframleiðandinn Porsche kynnir nýja bílgerð. Porsche ætlar að setja á markað glænýjan bíl, Porsche 718, sem er smár sportbíll með vélina fyrir miðju og aðeins tveggja sæta. Gárungarnir segja að ástæðan fyrir því að Porsche ætlar að setja þennan bíl á markað sé sú að Alfa Romeo sé í startholunum með sams konar bíl og Porsche ætli ekki að leyfa ítalska framleiðandanum að eiga sviðið í þessum litla flokki smárra sportbíla. Porsche 718 verður í raun systurbíll Boxster- og Cayman-bílanna, en aðeins styttri samt. Hann verður byggður á Boxster-bílnum en dramatískari í útliti og karakter.

Í bílinn fer fyrsta fjögurra strokka vél Porsche í langan tíma, eða allt frá því 912-bíllinn var framleiddur. Minni gerð fjögurra strokka vélarinnar verður 2,0 lítra og 285 hestöfl en sú stærri 2,5 lítra og 360 hestöfl. Val verður á milli sex gíra beinskiptingar og sjö gíra sjálfskiptingar og verður hún tengd tveimur kúplingum. Vafalaust verður þessi bíll stórkostlegur í akstri líkt og systurbílarnir, en mun líklega eyða minna eldsneyti með fjögurra strokka vélarnar.



# BESTA FORVÖRNIN ER GÓÐ BAKTERÍUFLÓRA Í MELTINGARVEGI

**RARITET KYNNIR** *Heilbrigð bakteríuflóra í meltingarvegi gegnir mikilvægu hlutverki í góðri heilsu. Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið og hjálpar líkamanum að losna við hvimleið einkenni meltingaróþæginda.*

Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics-gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra," segir jógakennarinn Marta Eiríksdóttir sem starfar í Lifandi markaði.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Því fylgir tilheyrandi vanlíðan, þreyta og orkuleysi en eftir að ég byrjaði að nota OptiBac Probiotics-gerlana hef ég ekki fundið fyrir þessum hvimleiðu einkennum."

Streita, lélegt eða einhæft mataræði og sýklalyfjanotkun hafa neikvæð áhrif á þarmaflóruna, ásamt mikið unninni matvöru sem skortir nauðsynlega gerla sem bæta þarmaflóruna. Því er ráðlagt að taka inn vel rannsakaða meltingargerla á degi hverjum.

Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir 70 prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería, eins og lofti í maga, magakrampa, niðurgangi og hægðatregðu, og ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla: ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma.

Auk þess að nota For a Flat Stomach frá OptiBac Probiotics á hverjum degi notar Marta einnig For Every Day Extra (sterkan) sem hefur einstaklega góða virkni og inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir. Þar má nefna L. Acidopilus NCFM® sem hefur fengið lofsamlega umfjöllun í yfir 75 viðurkenndum vísindaritum.



**VELLÍÐAN** Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af ObtiBac Probiotics-gerlunum sem komu meltingu hennar í fullkomið lag.
MYND/DANÍEL

### HVAR FÆST OPTIBAC PROBIOTICS?

Lifandi markaður
Lyf og heilsa
Apótekarinn
Lyfsalinn
Lyfjaver
Heilsuver
Lyfjaval
Reykjavíkurapótek
Apótek Vesturlands
Apótek Suðurnesja
Árbæjarapótek
Apótek Garðabæjar
Apótek Hafnarfjarðar
Urðarapótek
Rima Apótek
Akureyrarapótek
Garðs Apótek
Apótek Ólafsvíkur
Heilsutorgið í Blómaval

***Athugið að úrval getur verið mismunandi eftir útsölustöðum.***

**FOR DAILY WELLBEING – FYRIR DAGLEGA HEILSU**

- Hollari en sykraðir mjólkurdrykkir með gerlum.
- 5 milljarðar lifandi vinveittra gerla í hverjum dagskammti.
- Sex mismunandi vinveittar Probiotic-bakteríur. Heildarlausn fyrir alla hluta meltingarkerfisins.
- Inniheldur auk þess Prebiotic sem tryggir gott jafnvægi á góðum vinveittum bakteríum í meltingarvegi.

**Sérstaklega mælt með fyrir alla sem vilja fá L. Acidophilus eða vöru sem inniheldur alhliða Probiotic-gerla. Gott fyrir þá sem eru með lélega meltingu, bólur eða exem.**




**EXTRA STERKUR FYRIR DAGLEGA HEILSU (PROBIOTIC)**

- Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti.
- Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, m.a. L. Acidopilus NCFM® – með yfir 75 greinum birtum í viðurkenndum vísindaritum.
- Vinnur á IBS (Irritable bowel syndrome) – 20 prósent fólks þjást af IBS.
- Virkni hefur verið sönnuð í fjölmörgum rannsóknum, eins og við IBS, ofnæmi og fyrir þá sem eru á sýklalyfjum. Er ónæmisbætandi fyrir eldra fólk.

**Mælt með fyrir alla sem lifa hröðu og streituvaldandi lífi, þá sem nota sýklalyf oft eða að staðaldri og fólk með meltingarvandamál, svo sem: IBD (Ulcerative colitis, Diverticulitis, Crohn's disease), Candida-ofvöxt eða IBS.**




# FARA BAKTERÍUR MEÐ ÞÉR Í FRÍIÐ?

**RARITET KYNNIR** *Taktu verndandi bakteríur fyrir meltinguna með í fríið og njóttu þess að borða allt sem þig lystir. Bakteríuflóran „For travelling abroad" frá OptiBac Probiotic verndar bakteríuflóru líkamans og styrkir ónæmiskerfið.*

Hætta á meltingarvandamálum eykst þegar ferðast er til útlanda; ekki síst matareitrun. Magakveisur og kvef eru algengasta ástæða veikinda í fríum því þá snæða ferðalangar öðruvísi mat og framandi fæði sem þeir þola verr í maga. Á sama tíma eykst hætta á bakteríusýkingum úr umhverfinu vegna allra hinna ferðamannanna.

Með því að taka inn góða meltingargerla styrkist meltingarflóran og ónæmiskerfi líkamans og þar með varnir líkamans gegn óæskilegum bakteríum sem valdið geta meltingarvanda.



**VELLÍÐAN Í MAGA**
Ferðalög geta tekið sinn toll og því mikilvægt að undirbúa meltingarvegarflóruna vel áður en haldið er utan í sumarfrí.

**BYLTINGARKENND LAUSN FYRIR MELTINGUNA**

Það er öllum hvimleitt að glíma við meltingartruflanir í sumarfríi á erlendri grundu og slíkt getur hæglega eyðilagt fríið. Helmingur þeirra sem ferðast til útlanda finnur fyrir óþægindum í maga og þá sérstaklega þegar ferðast er til framandi landa. Með því að taka inn vinveitta meltingargerla er unnt að minnka verulega hættu á hvers kyns meltingarvanda, svo sem niðurgangi, hægðatregðu og matareitrun.

**SÉRSNIÐIN LAUSN FYRIR UTANLANDSFERÐINA**

„For travelling abroad" er tvívirk bakteríuformúla til að taka með í fríið. Hún inniheldur hátt hlutfall góðra baktería, svo sem lactobacillus og bifidobacterium, sem eru verndandi fyrir meltingu og þarmaflóru og minnka hættu á að óvinveittir gerlar setjist að í meltingarvegi. Auk þess inniheldur hún saccharomyces boulardii sem losar þarmaflóruna við óæskilegar bakteríur og dregur verulega úr líkum á magakveisum og niðurgangi.




„For travelling abroad" er frábær vörn fyrir alla fjölskylduna.

# HEILSUNAMMI Í FERÐALAGIÐ EÐA GÖNGUTÚRINN

**RARITET KYNNIR** *Chimes-engiferbitar eru bæði afar hollir og bragðgóðir.*

Í aldaraðir hafa íbúar Austur-Jövu í Indónesíu ræktað engifer í næringarríkum jarðvegi eldfjallaeyjunnar. Þessi ræktun er með sérstöku bragði sem ekki er auðvelt að ná fram annars staðar í veröldinni, svo einstakt er það.

Í dag eru Chimes-engiferbitarnir seldir um allan heim, enda eru þeir sérlega bragðgóðir og heilsubætandi á marga vegu. Þeir fást í flestum apótekum, heilsubúðum, bensínstöðvum og matvörubúðum um land allt.

Engifer þykir virka vel til að draga úr bílveiki, flugveiki og gegn morgunógleði, tíðaverkjum og hitakófi. Einnig er engifer mikið notað til að bæta meltingu og ónæmiskerfi.




Það sem skiptir mestu máli er að Chimes-engiferbitarnir eru frábærir á bragðið og góðir sem nammi til að styrkja sál og líkama í amstri dagsins.

Þú verður að prófa.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

Til leigu einstaklingsíbúð á sv. 201 Uppl. í s. 893 3475 eft.kl. 17:00

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.85fm iðnaðarhúsnæði / verslunarh./skrifst. við Dalveg í Kópav. Uppl. í s. 893 3475 eft.kl. 17:00

Óska eftir bílskúr eða litlu iðnaðarplássi til leigu. Uppl. í s. 867 7753

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óskum eftir að ráða þjónustufólk í sal, hádegisvaktir mán-föstud. Ísl. kunnátta skilyrði. Aðeins 20 ára og eldri. Umsóknir sendist á frakkar@islandia.is

Óska eftir laghentum einstaklingum í hellulagnir og annan lóðafrágang. Vinnuvélaréttindi kostur. Uppl.s. 893-0173.

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vantar duglegan og drífandi einstakling með bílpróf í vinnu sem fyrst fyrir veturinn. Umsóknir sendist á hreinirgardar@gmail.com

KvikkFix

**KVIKKFIX GETUR BÆTT VIÐ SIG FÓLKI.**

Vantar fólk í smur - dekk og smáviðgeðir.

**Áhugasamir sendi upplýsingar um sig ásamt meðmælum á orri@nrg.is**

**www.kvikkfix.is**

Bakarameistarinn

**KAFFIHÚS, BAKARÍ**

Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslusstörf. Ýmsir vinnutímar í boði 6-14 (Húsgagnahöll) 11-19 / 9-17 virka daga. Laust í Suðurveri og Glæsibæ og 12-19 í Austurveri. Íslenskukunnátta skilyrði.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á begga@bakarameistarinn.is**

Bakarameistarinn

**BAKARANEMI**

Vantar nú þegar nema á samning. Parf að vera stundvís, samviskusamur, duglegur og með mikinn áhuga.

**Umsóknir sendist á: ottar@bakarameistarinn.is**

**MATREIÐSLUMAÐUR**

óskast á meðalstórt veitingahús á höfuðborgarsvæðinu. Íslensku kunnátta skilyrði.

**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „veitingar"**

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**

óskar eftir vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar. Unnið er á 15 daga vöktum, 100% starf. Umsóknarfrestur er til 15. ágúst. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir berist til fanney.10dropar@gmail.com**

## atvinna



# Spennandi og fjölbreytt atvinnutækifæri á Geysi

Verslunin á Geysi í Haukadal óskar eftir starfsfólki í allar deildir fyrirtækisins. Við leitum að duglegum einstaklingum með góða þjónustulund til að vinna með okkur á ört vaxandi vinnustað.

- Mikil tækifæri í boði
- Vinnutími og starfshlutfall eftir samkomulagi
- Umsóknir berist á netfangið heida@geysir.com

**GEYSIR HAUKADALUR**

## atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

## fasteignir

**TRAUSTI fasteignasala**

**GRUNDARSTÍGUR 24**



**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL.17:30-18:30**

Höfum fengið í einkasölu glæsilega og ný uppgerða íbúð í sögufrægu steinhúsi (gamli Verslunarskólinn byggt 1918) með mikilli lofthæð á Grundarstíg. Íbúðin er á fyrstu hæð (ofan götu) og er 67,6 fm. auk 6,2 fm. geymslu í kjallara, alls 73,8 fm. Allar raf- og vatnslagnir voru endurnýjaðar 1994, einnig var þak endurnýjað ásamt gluggum og gleri. Húsið hefur í sumar allt verið tekið í gegn að utan, húsið málað og gluggar yfirfarnir. Stigahús endurnýjuð og nýtt viðhaldsfrítt gluggakerfi á stigahúsum. Verð: **30.9 millj.** ***Eignin er laus strax.***

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Sjávargrund 9b, Gbæ - 5-6 herb íbúð með sérinngangi.**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45**




5-6 herbergja íbúð með sérinngangi. Íbúðin er á tveimur hæðum með sér andyri á 1.hæð auk herbergis án glugga og geymslu í kjallara samtals að birtu flatarmáli 170,9 fm. Auk þess fylgir bílastæði í bílakjallara 20,5 fm. Birt stærð heildareignarinnar er 191,4 fm. Opið eldhús með nýlegri innréttingu. Rúmgóð stofa með góðri lofthæð og útgangi á svalir til suðurs. 4 herbergi. Hringstigi af svölum niður í aflokaðan húsagarð. **Verð 46,0 millj.**

**Bjargarstígur 7 ,Rvk - 2ja herbergja íbúð.**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45**




Falleg 57,2 fm. íbúð á neðri hæð í tvíbýli á frábærum stað í miðbæ Reykjavíkur. Sameiginlegur inngangur er með íbúð á efri hæð. Eignin hefur verið endurnýjuð þó nokkuð m.a. baðherbergi (2007), gólfefni (2012), gluggar ásamt gleri í suðurhlið (2008) og þak (2006). Húsið var allt málað árið 2009. Gróinn garður og er möguleiki að útbúa góða verönd í bakgarði. **Verð 23,9 millj.**




acer

**Acer Aspire E1-470**
Meðfærileg hvít Acer skólatölva með Intel i3 örgjörva á geggjuðu MAX verði. Intel HD 4000 skjákort og 500 GB harður diskur.




TOSHIBA

**Toshiba Satellite C70-13V**
Sérstaklega lágt verð fyrir 17,3" með Intel Dual Core örgjörva og stórum 1TB hörðum diski.

# LÆKKAÐ VERÐ Á FARTÖLVUM FYRIR SKÓLANN




TOSHIBA

**Toshiba Satellite C50D-A-133**
15,6" fartölva sem hentar vel fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu. AMD Dual Core örgjörvi og HD8210 skjástýring.




TOSHIBA

**Toshiba Satellite L50-B-15N**
Silfruð fartölva með Intel i5 Haswell örgjörva og frábærum 15,6" háskerpuskjá. 8GB vinnsluminni og 1TB harður diskur.




acer

**Acer NXMB4ED012**
Glæsilega bleik og flott 14" fartölva með Intel i3 örgjörva, Intel HD 4000 skjákorti og 500GB diski.

max.is

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og verðbrengl.



2 | KL. 20:25
**The Night Shift**
Nýtt læknadrama í anda Grey's Anatomy sem gerist á bráðamóttökunni í San Antonio.

# Frábært miðvikudagskvöld

2 | KL. 21:10
**Covert Affairs**
Þriðja þáttaröðin af Covert Affairs sem fjallar um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni, CIA.



2 | KL. 21:50
**Enlightened**
Þáttaröð frá HBO um konu sem fær andlega vakningu eftir að hafa verið á barmi taugaáfalls.



2 | KL. 22:25
**Pariah**
Áhrifamikil mynd sem hlaut frábærar viðtökur á Sundance-kvikmyndahátíðinni.



| KL. 20:10
**27 Dresses**
Rómantísk gamanmynd með Katherine Heigl, George Burns, James Marsden og Judy Greer í aðalhlutverkum.



3 | KL. 20:10
**Sullivan & Son**
Gamanþættir um ungan lögfræðing sem söðlar um í lífinu og tekur við kráarrekstri föður síns.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 9 | 7 | | | 3 | 1 |
| 6 | 7 | 8 | | | 3 | | | |
| | | 3 | 2 | | 6 | | 7 | |
| 7 | | 5 | 3 | 9 | 1 | | 2 | 6 |
| | | | | | 7 | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 5 | |
| | | 7 | | | | | 6 | |
| 3 | 8 | | 4 | 6 | | 7 | 1 | |
| 4 | | | | 3 | 5 | 2 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | | | | | 9 | |
| | | | | | | | | 8 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | | | 4 | | |
| 2 | 4 | 9 | | | | 5 | | 6 |
| | | 8 | 2 | 4 | | | | |
| 1 | | | | 8 | 9 | 7 | | |
| | | 5 | 7 | | 3 | | 4 | 2 |
| | | | | 9 | | | | 7 |
| 3 | 7 | | | 6 | | | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | |
| 5 | | | 3 | | | | | |
| | 7 | | | | | 6 | | |
| | 8 | 1 | | 9 | | 7 | 6 | 3 |
| | 9 | | | 1 | | | | 4 |
| | | 7 | | | 4 | | | |
| | | | | | 8 | | 9 | |
| | 3 | | 1 | | | 5 | | |
| | | | 4 | | | 2 | 1 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 8 | 4 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 2 | 5 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 2 | 8 | 1 | 7 | 4 | 5 |
| 8 | 7 | 1 | 4 | 5 | 6 | 9 | 3 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 3 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 8 | 9 | 7 | 1 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 5 | 2 | 6 | 3 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 2 |
| 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 4 | 1 | 3 | 2 | 5 | 9 | 6 | 8 | 7 |
| 1 | 3 | 4 | 9 | 7 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 2 | 7 | 9 | 5 | 8 | 4 | 3 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 8 | 1 | 3 | 2 | 7 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 8 |
| 6 | 1 | 8 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 4 | 7 | 8 | 3 |
| 2 | 6 | 3 | 1 | 7 | 8 | 4 | 9 | 5 |
| 4 | 8 | 7 | 5 | 9 | 3 | 2 | 6 | 1 |
| 8 | 7 | 6 | 3 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 |
| 3 | 2 | 4 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 2 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Í miðjum erfiðleikum felast tækifæri.

*Albert Einstein*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Tinna Kristín Finnbogadóttir (1.915) tefldi við Marina Kaydanovich (1.851) í viðureign gegn fjölþjóðlegri sveit fatlaðra í þriðju umferð Ólympíuskákmótsins.**

**Hvítur á leik**



**18. Dg3!** (svartur getur ekki varið peðin á g7 og h6. 18. Bxh6 er einnig sterkur). **18...Re8 19. Rxh6+ Kf8 20. Rf5 Hg6 21. Dh4 Kg8 22. Re7+ Kf8 23. Rxg6 fxg6 24. Bb3** og svartur gafst upp. Kvennasveitin vann viðureignina 4-0.

**www.skak.is** Fimmta umferð hefst kl. 12.

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** uss, **6.** hvort, **8.** mánuður, **9.** kyrra, **11.** í röð, **12.** framrás, **14.** rabb, **16.** hróp, **17.** þróttur, **18.** seyði, **20.** nudd, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land í S-Ameríku, **3.** kringum, **4.** samtíningur, **5.** persónufornafn, **7.** skref, **10.** rölt, **13.** geislahjúpur, **15.** skraut, **16.** rjúka, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** suss, **6.** ef, **8.** maí, **9.** róa, **11.** mn, **12.** útrás, **14.** skraf, **16.** óp, **17.** afl, **18.** soð, **20.** nú, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** perú, **3.** um, **4.** samsafn, **5.** sín, **7.** fótspor, **10.** ark, **13.** ára, **15.** flúr, **16.** ósa, **19.** ðð.

# ÚTSALA

## ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Í FATNAÐI OG SKÓM MEÐ

# 70%

## AFSLÆTTI

## VERÐDÆMI

| upphaflegt verð | verð með 70% afslætti |
|---|---|
| ~~999~~ | 300 |
| ~~1.999~~ | 600 |
| ~~2.499~~ | 750 |
| ~~2.999~~ | 900 |
| ~~3.499~~ | 1.050 |

| upphaflegt verð | verð með 70% afslætti |
|---|---|
| ~~3.999~~ | 1.200 |
| ~~4.999~~ | 1.500 |
| ~~5.999~~ | 1.800 |
| ~~6.999~~ | 2.100 |
| ~~8.999~~ | 2.700 |

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# FJÓRIR SPENNANDI NOTENDUR Á INSTAGRAM

Á Instagram er hægt að finna fjölbreytta flóru af áhugaverðum myndum af öðrum en vinum þínum. Fréttablaðið tók saman fimm áhugaverða notendur á Instagram sem vert er að fylgjast með.

- nej



**@biddythehedgehog** Biddy broddgöltur lendir í ævintýrum. Hann ferðast heimshorna á milli, mótmælir þess á milli, fer í bað og fær nudd. Má gera ráð fyrir því að broddgeltir verði algeng gæludýr eftir því sem vinsældir Biddy, sætasta Instagram notandans, vaxa.



**@caradelevingne** Ofurfyrirsætan Cara Delevingne er gríðarlega vinsæl og veit það. Hún er virk á Instagram, setur inn myndir af sér í myndatökum, á bak við tjöldin, ásamt fræga fólkinu og úr partíum þar sem hún slettir úr klaufunum.



**@tuulavintage** Jessica Stein ferðast mikið og er dugleg að taka fallegar myndir og deila með fylgjendum sínum. Síðan hennar virkar sem hvatning til að drífa sig í ferðalag. Hana er líka hægt að nota við dagdrauma hér á Fróni fyrir þá sem komast hvorki lönd né strönd.



**@interior123** Norskur innanhússarkitekt hefur vakið mikla athygli á Instagram fyrir smekklegar myndir af heimilum á Norðurlöndunum. Stíllinn er stílhreinn og ljós og hentar einstaklega vel í innblástur fyrir heimilið.

# Vertu með skólatískuna á hreinu

Nú styttist óðum í að skólarnir hefji göngu sína á ný eftir sumarfríið. Fréttablaðið ákvað að kynna sér heitustu hausttrendin og fékk þau Hildi Ragnarsdóttur, tískubloggara hjá Trendneti og eiganda Einveru, og Sindra Snæ Jensson, eiganda herrafataverslunarinnar Húrra Reykjavík, til þess að spá fyrir um það hvað verður það allra vinsælasta með haustinu.

## HILDUR: KVENNATREND FYRIR HAUSTIÐ 2014



**Skór:** Góðir skór eru nauðsynlegir fyrir haustið og veturinn á þessu landi. Helst einhverjir sem ganga bæði í skólann og sem sparískór. Ég er spenntust fyrir grófum stígvélum með góðum hæl. Þó svo að það sé ekki endilega nýjasta á markaðinum þá eru flott „boots“ einfaldlega klassísk fyrir haustið að mínu mati. Sneakerstískan virðist ekkert ætla að taka enda á næstunni. Nike mega kannski fara að fá smá frí en gömlu góðu Adidas Superstar eða Superga-skórnir í hvítu, „navy“ eða svörtu gætu verið skemmtilegir í haust, á meðan það er ekki snjór eða grenjandi rigning.





**Yfirhöfn:** Sherling-jakkar og kápur, klassískir biker-leðurjakkar eða veglegar síðar kápur eru málið í haust. Ponsjó er líka eitthvað sem heillar mig mjög yfir góðan leðurjakka, ég get líklega þakkað Burberry Prorsum fyrir það.



**Grátt:** Ég hef alltaf verið mjög veik fyrir gráum tónum og er því alsæl með að grár sé einn af trend-litum haustsins. Grá jogging-peysa með lógói, prjónuð peysa, stuttermabolur eða jafnvel yfirhöfn. Steinliggur!

**Peysur:** Síðar peysur sem ganga sem kjólar heilla mig mjög. Western og folk-print eru áberandi í haust, sem og litirnir rauður og appelsínugulur. Skemmtilegt trend með þykkum sokkabuxum og grófum „boots“, bæði í skólann og við fínni tilefni.

## SINDRI: HERRATREND FYRIR HAUSTIÐ 2014



**Strigaskór / Sneakers:** Undanfarin ár hefur skapast mikil menning í kringum strigaskó og eru þeir orðin meiri heilsársvara. Haltu skónum þínum hreinum og ferskum. Helstu vörumerki sem ég get mælt með eru Nike, Adidas, Vans og New Balance.



**Einfaldleiki:** Skandinavísk hönnun er oftast einföld með mikið notkunargildi. Sniðin eru áreynslulaus og flíkurnar oftar en ekki einlitar. Litirnir fyrir herrana eru klassískir, svartur, hvítur, blár og grár með góðri skvettu af grænum. Hugtakið „less is more“ á ágætlega við um tískuna þessi misserin.



**Raw Denim:** Það er gulls ígildi að eiga dökkbláar óþvegnar gallabuxur sér til brúks. Fallegt er að bretta eða rúlla upp á buxurnar og vera jafnvel í brúnum leður- eða rúskinnsskóm við. Sniðin á buxunum eru einnig að færast meira úr níðþröngu (skinny) í þröngt (slim/tapered) eða beint (regular).

**Hvítt** Undanfarið hefur 90´s-tískan verið að ryðja sér til rúms aftur að einhverju leyti. Það sem maður tekur sterkt eftir er hvíti liturinn. Hvítir strigaskór hafa ávallt verið vinsælir en fyrir karlmenn munum við sjá hvítar peysur, buxur, jakka og aukahluti líkt og húfur og hatta.






ÚTSALAN ER HAFIN

25-60% afsláttur

Reykjavík & Akureyri

30% af öllum dúnsængum

0 kr sendingargjald

www.lindesign.is

60% af öllum barnafötum

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 5332220 lindesign.is


STUÐMENN
KYNNA
TÍVOLÍ
9:30
kl. 22:30
kl. 12:00
UPPSELT kl. 19:30
AUKATÓNLEIKAR kl. 22:30
MIÐASALA HEFST 12. ÁGÚST kl. 12:00
UPPSEL
AUKATÓN
MIÐASALA HE
STUÐMENN Hljómsveit allra landsmanna
á tímalausum tímamótatónleikum byggðum
á hinni goðsagnakenndu hljómskífu
TÍVOLÍ
Listviðburður án hljómrænnar hliðstæðu
með fjölleikaívafi, töfrandi sjónhverfingum, söngleikhúsbrögðum
og stuðningi hæfileikafólks af flestum sviðum mannlífsins.
STUÐ Á HEIMSMÆLIKVARÐA
HARPA
TÓNLISTAR- OG
RÁÐSTEFNUHÚS
Miðaverð frá
kr. 4.900
LAU. 6. SEPT.
MIÐASALA Á AUKATÓNLEIKA HEFST 12. ÁGÚST kl. 12:00

# Já, sæll.is

**BAKPANKAR**
Kjartans Atla Kjartanssonar



Í síðasta mánuði fjallaði Vísir um niðurstöður rannsóknar sem gerð var á vegum Oregon State-háskólans í Bandaríkjunum, en í þeim kom fram að prófílmyndir fólks á Facebook skipta miklu máli. Minna mark er tekið á þeim sem sýna of mikið hold á prófílmynd sinni en þeim sem nota púkalegar passamyndir. Ég held að við getum flest verið sammála um að þessar niðurstöður komi ekkert sérstaklega á óvart.

**EN** lífið er ekki bara Facebook. Það eru fleiri leiðir til þess að mynda sér skoðanir á fólki. Fyrir mér skipta til dæmis frasar sem fólk notar miklu máli. Ekki að ég dæmi endilega fólk, heldur hjálpar það manni að staðsetja þá sem maður talar við í hinu mannlega litrófi.

**PEGAR** maður horfir til baka koma margir skemmtilegir frasar upp í hugann. „Glætan“ var mjög sterkur hérna í gamla daga. Með vexti netsins fóru sífellt fleiri að skeyta .is aftan við allt. Frasinn „Já, sæll“ var auðvitað svo vinsæll að hann var prentaður á boli og húfur. Allir þessir frasar og fleiri til eiga það sameiginlegt að vera útrunnir. Því frasar eru eins og mjólkin. Þeir endast ekki lengi.

**FRASANOTKUN** á Facebook er líka mikilvæg. Umræðumerkin svokölluðu eru til dæmis orðin ansi hvimleið. Enn eru sumir sem setja lokahnykkinn á hnyttnum Facebook-færslum inn í eina og langa umræðumerkingu.

**AÐ** nota útrunninn frasa er ákveðin yfirlýsing. Maður þarf að vera duglegur að fylgjast með hvaða frasar eru í tísku. Frasarnir eru eins og fallegur vasaklútur á stílhreinum jakkafötum. Eins og ermahnappar á skyrtu. Að nota nýja og gilda frasa getur skipt sköpum í því að skapa sér ímynd og getur auðgað tungumálið og hjálpað til við tjáninguna. Getur skipt sköpum í því hvernig aðrir horfa á mann.

**EIN** regla sem allir mega temja sér þegar kemur að frösum: Ef frasinn er kominn á boli, þá er hann útrunninn.

# Reynir að vera ekki fáviti að tilefnislausu

Vilhjálmur Pétursson, betur þekktur sem Villi, er Leiðinlegi gaurinn.

„Ég byrjaði með síðuna í lok árs 2010 af því mér fannst fyndið að vera með hliðarsjálf sem hefði allt á hornum sér og gæti drullað yfir allt og alla,“ segir Vilhjálmur Pétursson, betur þekktur sem Villi, þýðandi og maðurinn á bak við Facebook-síðuna Leiðinlegi gaurinn sem hefur rúmlega 8.000 fylgjendur. Leiðinlegi gaurinn skrifar færslur og athugasemdir um málefni líðandi stundar þar sem hann hlífir engum og gerir óspart grín að mönnum og málefnum.

„Ég hafði verið með moggablogg undir sama nafni þar sem ég bloggaði bara um leiðinlegar fréttir, af því moggabloggarar voru alger plága hérna fyrir nokkrum árum. Nú eru þeir allir komnir í kommentakerfin. Facebook gaf þessu grundvöll fyrir miklu betra grín. Facebook er svo þægilegur vettvangur fyrir svona lagað, þetta er eins og að skrifa örsögur og maður veit að nokkur þúsund manns munu lesa hana,“ útskýrir Villi sem segir síðuna grundvöll fyrir grín.

„Stundum beiti ég kaldhæðni og stundum meina ég hvert einasta orð. Hugmyndin í dag er allt önnur en hún var fyrst, þá var þetta eins og að hreyta ónotum í gangandi vegfarendur. Nú reyni ég að vera ekki bara alger fáviti að tilefnislausu, það eru yfirleitt einhver skilaboð á bak við þetta. Ég vona bara að leiðindin gleðji sem flesta,“ bætir hann við og hlær.

Vilhjálmur hefur almennt fengið góð og mikil viðbrögð við færslunum. „Jú, ég hef fengið einhver hatursbréf en það er frekar skemmtilegt að tækla það. Ég get ekki sagt að ég hafi verið misskilinn, eða að ég hafi ekki verið misskilinn. Fólk má skilja þetta hvernig sem það vill. Það er ekki í mínum höndum.“

En er Vilhjálmur sjálfur leiðinlegur?

„Þar sem leiðinlegi gaurinn er hliðarsjálf er ég í raun aldrei leiðinlegi gaurinn. Ég vinn við að horfa á sjónvarpsþætti sem er geðveikt og þegar ég er ekki að vinna reyni ég að forðast allt sem er leiðinlegt og gera eitthvað skemmtilegt,“ segir hann að lokum.

olof@frettabladid.is



**ALDREI LEIÐINLEGI GAURINN** Villi segir Leiðinlega gaurinn vera hliðarsjálf, en segist sjálfur forðast allt leiðinlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Hugmyndin í dag er allt önnur en hún var fyrst, þá var þetta eins og að hreyta ónotum í gangandi vegfarendur.**



**TÆPLEGA 8.000 FYLGJENDUR** Leiðinlegi gaurinn er vinsæll á Facebook. MYND/SKJÁSKOT



















# Tuttugu viðburðir á Act alone á Suðureyri

Einleikjahátíðin Act alone hefst í dag. Boðið verður upp á tuttugu ólíka viðburði og er aðgangur ókeypis að þeim öllum, eins og hefð er fyrir. Leiklist, danslist, tónlist, myndlist og ritlist eiga sína fulltrúa á hátíðinni.

Einleikjahátíðin Act alone hefst á Suðureyri í dag og stendur til 10. ágúst. Alls verður boðið upp á tuttugu viðburði og aðgangur að þeim öllum er ókeypis og öllum opinn.

Meðal einleikja sem verða sýndir á Act alone í ár má nefna Eldklerkinn með Pétri Eggerz, Grande með Hirti Jóhanni Jónssyni, Sveinsstykki Þorvalds Þorsteinssonar í flutningi Arnars Jónssonar og barnaleikritið Pétur og úlfinn með Bernd Ogrodnik.

Það verður einnig dansað á Act alone. Saga Sigurðardóttir frumflytur nýtt dansverk og Anna Richardsdóttir ætlar að taka Suðureyri í gegn með einstökum þrifagjörningi.

Tónlistin á að sjálfsögðu sína fulltrúa á hátíðinni. Stuðmaðurinn Egill Ólafsson gerir upp ferilinn í tali og tónum og gítarsnillingurinn Björn Thoroddsen verður í essinu sínu með hljóðfærið. Síðast en ekki síst verður Villi vísindamaður með vísindanámskeið fyrir krakka á öllum aldri.

Tvær nýjungar eru á Act alone í ár því í fyrsta sinn verður boðið upp á bæði myndlist og ritlist auk leiklistarinnar. Opnuð verður sýning á verkum Eddu Heiðrúnar Backman leikkonu og fulltrúar ritlistarinnar eru Eiríkur Örn Norðdahl og Ólína Þorvarðardóttir sem munu lesa upp úr verkum sínum og annarra.

Act alone var fyrst haldin árið 2004 og hefur verið haldin árlega síðan. Alls hafa verið sýnd yfir hundrað verk á hátíðinni og ávallt hefur aðgangur verið ókeypis að öllum viðburðum. - fsb



**ELSKA** Ein þeirra sem fram koma á Act alone er Jenný Lára Arnórsdóttir með einleikinn Elsku. MYND/ÚR EINKASAFNI



**EINN Á FERÐ** Benni Hemm Hemm verður einn og óstuddur á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Benni óuppmagnaður

Benni Hemm Hemm heldur tónleika í Mengi á Óðinsgötu 2 á föstudagskvöldið. Á tónleikunum verða meðal annars leikin lög af plötunni Eliminate Evil og Revive Good Times, auk laga af Makkvírakk, lagasafni sem gefið var út á nótnaformi. Benni kemur fram einn og óstuddur og verða tónleikarnir algjörlega óuppmagnaðir. Tónleikarnir í Mengi verða síðustu tónleikar Benna í þó nokkurn tíma. - fsb



**LEIÐSEGIR** Úlfhildur Dagsdóttir leiðir gönguna ásamt Einari Ólafssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Draugur við Duusbryggju

Höfnin og hafið eru í aðalhlutverki í hafnargöngu Borgarbókasafns Reykjavíkur sem nefnist Mararþaraborg. Þar verður gengið meðfram Reykjavíkurhöfn, frá Miðbakka í átt að Granda. Höfnin og hafið koma víða við í íslenskum bókmenntum, bæði í ljóðum og lausu máli, og gefst gestum færi á að smakka á afurðum sjávarins í meðförum rithöfunda frá ýmsum tímum og úr ólíkum áttum. Við sögu koma meðal annars draugur við Duusbryggju, þulur um hafið og frásögn af óvæntum ráðningum á togara.

Gangan, sem er hluti af kvöldgöngum menningarstofnana Reykjavíkurborgar, verður farin annað kvöld klukkan 20 og er lagt upp frá Grófarhúsi, Tryggvagötu 15. Gert er ráð fyrir að hún taki um 90 mínútur. Leiðsögumenn eru Einar Ólafsson og Úlfhildur Dagsdóttir.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. - fsb



**ÖNNUR AF TVEIMUR** Ragnheiður Gröndal syngur ásamt Kristjönu Stefáns í Tryggvaskála í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Dívur syngja á Selfossi

Tónlistarkonurnar Kristjana Stefáns og Ragnheiður Gröndal koma saman á tónleikum á Menningarlegum miðvikudegi í Tryggvaskála á Selfossi í kvöld. Þeim til halds og traust verður tónlistarsnillingurinn Guðmundur Pétursson. Munu þær leika blandaða dagskrá af sínum uppáhaldslögum í bland við frumsamið efni. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30. - fsb



## Fimm á EM í ár

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Ísland mun eiga fimm keppendur á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem fer fram í Zürich í Sviss 12. til 17. ágúst næstkomandi.

Þetta eru spjótkastararnir Ásdís Hjálmsdóttir og Guðmundur Sverrisson, maraþonhlauparinn Kári Steinn Karlsson, Aníta Hinriksdóttir, sem keppir í 800 m hlaupi, og Hafdís Sigurðardóttir, sem keppir í langstökki og 200 metra hlaupi.




Hafdís, til hægri, hélt upp á fréttirnar í gærkvöldi með því að setja nýtt Íslandsmet í 60 metra hlaupi á heimavelli á Sprettmóti UFA.

- óój

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Ragnar að stinga alla af

Fjölnismaðurinn Ragnar Leósson hefur sprungið út með nýliðunum í sumar og gefið átta stoðsendingar í fyrstu þrettán umferðum Pepsi-deildar karla í fótbolta eða þremur fleiri en næstu menn.

**FÓTBOLTI** Ragnar Leósson lagði upp þrjú marka Fjölnisliðsins í sigrinum á Þór í síðustu umferð Pepsi-deildarinnar og náði fyrir vikið yfirburðaforystu á listanum yfir flestar stoðsendingar í deildinni í sumar. Ragnar er þegar búinn að gefa átta og hefur stimplað sig vel inn í sumar eftir svolítið erfið fyrstu skref í Pepsi-deildinni undanfarin ár. Hann er á 23. aldursári en lék sinn fyrsta leik í efstu deild fyrir sjö árum.

Ragnar hafði samt mest spilað sjö leiki á einu tímabili í efstu deild fyrir þetta sumar og átti samtals 17 leiki í úrvalsdeild karla fyrir tímabilið í ár. Ragnar hafði enn fremur ekki gefið stoðsendingu í efstu deild fyrir þetta tímabil.

Ragnar hefur lagt upp flest mörkin með flottum fyrirgjöfum en aðeins ein af þessum stoðsendingum hans hefur verið gefin innan vítateigs og þá var hann staddur rétt inn fyrir vítateigslínuna. Öll mörkin sem hann hefur lagt upp hafa verið skoruð inni í teig og öll nema eitt fyrir innan vítapunktinn. Ragnar tekur líka mikið af föstu leikatriðunum fyrir Fjölnisliðið þar sem Grafarvogspiltar hafa oft skapað mikla hættu í Pepsi-deildinni í sumar en aðeins ein stoðsendinga hans hefur þó komið beint úr föstu leikatriði.

Hér fyrir neðan má sjá nánar hvaðan stoðsendingarnar hans hafa komið og hvaðan mörkin sem hann hefur lagt upp hafa komið.

Ragnar hefur lagt upp flest mörk fyrir bandaríska framherjann Christopher Tsonis eða þrjú en hann hefur átt tvær stoðsendingar á Guðmund Karl Guðmundsson og eina á hvern þeirra Hauks Lárussonar, Gunnars Más Guðmundssonar og Ágústs Arnar Arnarsonar. Ragnar lagði upp fyrsta úrvalsdeildarmarkið fyrir þá Tsonis, Hauk, Guðmund Karl og Ágúst Örn.

Ragnar hefur lagt upp fimm marka sinna í síðustu fjórum leikjum Fjölnis en hann gaf ekki sína fyrstu stoðsendingu í sumar fyrr en í 4. umferð.

Ragnar hefur þriggja stoðsendinga forskot á þá Arnar Már Björgvinsson (Stjörnunni), Hauk Heiðar Hauksson (KR) og Atla Guðnason (FH) en allir fjórir áttu stoðsendingar í 13. umferðinni. Atli hefur enn fremur lagt upp þrjú síðustu mörk FH í Pepsi-deildinni og Arnar Már er búinn að gefa fjórar stoðsendingar í þremur síðustu leikjum Garðabæjarliðsins.

### Fjórir leikir í kvöld

Næsti leikur Ragnars og Fjölnismanna er á móti Val á Vodafonevellinum klukkan 19 í kvöld en þá fara einnig fram þrír aðrir leikir: Fylkir-ÍBV (Klukkan 18.00), Þór-Fram (18.00) og Breiðablik-Keflavík (19.15). Leikjum FH og Stjörnunnar var frestað vegna Evrópuleikja þeirra annað kvöld.

ooj@frettabladid.is




**SKAPANDI LEIKMAÐUR** Ragnar Leósson í leik með Fjölni í Pepsi-deildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## STOÐSENDINGAR RAGNARS LEÓSSONAR Í PEPSI-DEILDINNI 2014



Þaðan komu stoðsendingarnar →

Hér voru mörkin skoruð →

### Flestar stoðsendingar í Pepsi 2014:

| | |
|---|---|
| Ragnar Leósson, Fjölni | 8 |
| Arnar Már Björgvinsson, Stjörnunni | 5 |
| Atli Guðnason, FH | 5 |
| Haukur Heiðar Hauksson, KR | 5 |
| Aron Elís Þrándarson, Víkingi | 4 |
| Elías Már Ómarsson, Keflavík | 4 |
| Kristinn Freyr Sigurðsson, Val | 4 |
| Veigar Páll Gunnarsson, Stjörnunni | 4 |
| Árni Vilhjálmsson, Breiðabliki | 3 |
| Christopher Paul Tsonis, Fjölni | 3 |
| Emil Pálsson, FH | 3 |
| Jóhann Helgi Hannesson, Þór Ak. | 3 |
| Haukur Lárusson, Fjölni | 3 |
| Ólafur Páll Snorrason, FH | 3 |

27 leikmenn eru með tvær stoðsendingar.

KKÍ
LANDSLIÐ KARLA Í KÖRFUKNATTLEIK
UNDANKEPPNI EUROBASKET 2015
ÍSLAND
BRETLAND
Laugardalshöllinni 10. ágúst 2014 kl. 19.00
Íslenska karlalandsliðið í körfubolta leikur fyrri heimaleik sinn í undankeppni Evrópumótsins, EuroBasket 2015 á sunnudaginn kl. 19.00 í Laugardalshöllinni. Miðasala er hafin á midi.is
MÆTUM OG STYÐJUM STRÁKANA TIL SIGURS!

ICELANDAIR
DOMINO'S DEILDIN
Landflutningar
POWERADE ION4
Hertz
KPMG
Lýsing
DHL
ISS
NÓI SÍRÍUS
HÓPBÍLAR
Landsbankinn
ÍS HESTAR



**UTAN VALLAR** INGVI ÞÓR SÆMUNDSSON ingvithor@365.is

## BRÆÐRABLÚS Í SAFAMÝRINNI

Það blæs ekki byrlega fyrir Fram þessa dagana. Liðið situr í botnsæti Pepsi-deildarinnar með níu stig eftir þrettán umferðir. Fram hefur aðeins unnið tvo leiki, skorað fæst mörk allra og fengið á sig flest. Og það er ekkert sem bendir til þess að leiðin liggi upp á við. Safamýrarliðið hefur tapað síðustu fimm leikjum sínum með markatölunni 1-13. Ef fram heldur sem horfir leikur Fram í 1. deild að ári.

Síðasta haust var Bjarni Guðjónsson ráðinn þjálfari Fram, en honum var ætlað að stýra félaginu á þeirri nýju braut sem það ætlaði að feta. Ákveðið var að byggja upp til framtíðar og gefa ungum og efnilegum leikmönnum tækifæri til að sanna sig í deild þeirra bestu.

Þú byggir hins vegar ekki upp lið á unglingum einum saman. Þetta veit Bjarni og í því skyni fékk hann miðvörðinn Tryggva Bjarnason og bróður sinn, Jóhannes Karl Guðjónsson, til Fram. Þeir, ásamt Viktori Bjarka Arnarsyni og fyrirliðanum Ögmundi Kristinssyni, áttu að mynda burðarvirkið í liðinu og vera yngri leikmönnum til halds og trausts.

Yngri leikmennirnir hafa sumir hverjir staðið sig ágætlega, þótt spilamennska þeirra hafi verið upp og niður eins og ungra leikmanna er siður. Þeir eru ekki undanskildir ábyrgð, en Fram þarf betri frammistöðu frá sínum eldri og reyndari leikmönnum, eða einfaldlega betri leiðtoga, til að verkefnið sem félagið réðist í síðasta haust gangi upp. Burðarvirkið hefur einfaldlega ekki verið nógu traust.

Ögmundur Kristinsson gerði sitt og gott betur meðan hans naut við, en mikilvægi hans fyrir Fram verður seint ofmetið. Viktor Bjarki hefur spilað á pari, en Tryggvi hefur ekki náð sér á strik og hans tíma sem miðvarðar í efstu deild virðist vera lokið. Og svo er það Jóhannes Karl.

Flestir bjuggust við að hann myndi myndi styrkja Fram-liðið og sinna leiðtogahlutverki. Jóhannes lék nú einu sinni sem atvinnumaður um 15 ára skeið. Hann hefur hins vegar spilað illa í sumar, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og er hálfgerður dragbítur á liðinu. Jóhannes er aðeins með 4,6 að meðaltali í einkunnagjöf Fréttablaðsins og hefur ekki reynst Fram sá styrkur sem búist var við.

Samt þráast Bjarni við og heldur Jóhannesi í byrjunarliðinu, hvort sem það er í stöðu miðjumanns, miðvarðar eða jafnvel hægri bakvarðar. Öll vandamál Fram-liðsins munu ekki gufa upp við það eitt að Jóhannes verði tekinn úr byrjunarliðinu, en þetta getur ekki orðið mikið verra en það er.



**VONBRIGÐI** Bjarni og Jóhannes Karl Guðjónssynir hafa átt erfitt uppdráttar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það flækir auðvitað málin að Jóhannes er stórt nafn, fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður, og bróðir þjálfarans. En frammistaða hans í sumar réttlætir ekki áskrift að byrjunarliðssæti. Björgólfur Takefusa spilaði ekki vel í þeim leikjum sem hann lék með Fram í sumar og honum var ýtt til hliðar.

Það verður athyglisvert að sjá hvort Bjarni hafi kjark til að setja Jóhannes á bekkinn eða hvort hann framlengi áskriftartímabilið. Hann þarf að minnsta kosti að gera eitthvað. Annars fer illa.




SPORT 2

# Allir leikirnir í beinni!

Nú styttist í stóru stundina þegar baráttan um Englandsmeistaratitilinn hefst á ný. Stöð 2 Sport 2 býður upp á 380 beinar útsendingar frá Enska boltanum í leiftrandi háskerpu. Horfðu á alla leikina með þínu liði, það stefnir í hörku-spennandi tímabil. Hverjir standa uppi sem sigurvegarar í vor?
**Vertu með frá upphafi!**




## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport 2 auk 3 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 8.990 kr. á mán. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

180.000 kr sparnaður á 36 mánuðum

**8.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Enska-pakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.25
### The Night Shift
Nýtt læknadrama í anda Grey's Anatomy sem gerist á bráðamóttökunni í San Antonio og fjallar um ástir og örlög læknanna.

## Í KVÖLD



### How I Met Your Mother
**STÖÐ 2 KL. 20** Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



### 27 Dresses
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.10** Jane er hin fullkomna brúðarmær og tekur hlutverk sitt afar alvarlega. Hún hefur verið ástfangin af yfirmanni sínum í þó nokkurn tíma og ákveður loks að játa honum ást sína þegar systir hennar kemur í heimsókn og stelur athygli hans.



### Two and a Half Men
**STÖÐ 2 GULL KL. 19.50** Í þessari tíundu þáttaröð hinna geysivinsælu gamanþátta Two and a Half Men fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden, milljónamæringnum sem kom óvænt inn í líf feðganna.

## Bylgjan kl. 10-13
### Ívar Guðmunds
Útvarpsmaðurinn góðkunni Ívar Guðmundsson sér um morgnana á Bylgjunni alla virka daga en hann er í loftinu á milli 10 og 13.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(11:22)*
**08.30 Wipeout**
**09.15 Bold and the Beautiful** *(6413:6821)*
**09.35 Doctors** *(31:175)*
**10.15 Spurningabomban**
**11.05 Touch** *(14:14)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(1:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Cold Feet** *(3:8)*
**13.50 Episodes** *(3:9)*
**14.20 Smash** *(3:17)*
**15.05 Xiaolin Showdown**
**15.25 Grallararnir**
**15.50 Arrested Development** *(4:15)*
**16.20 How I Met Your Mother** *(21:24)*
**16.45 The Big Bang Theory** *(17:24)*
**17.10 Bold and the Beautiful** *(6413:6821)*
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(21:25)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Michael J. Fox Show** *(18:22)*
**19.35 The Middle** *(12:24)*
**20.00 How I Met Your Mother** *(16:24)*
**20.25 The Night Shift** *(3:8)*
**21.10 Covert Affairs** *(4:16)*
**21.55 Enlightened** *(6:10)*
**22.25 Pariah**
**23.50 NCIS** *(23:24)*
**00.35 Major Crimes** *(3:10)*
**01.20 Those Who Kill** *(9:10)*
**02.05 Louie** *(4:13)*
**02.30 The Blacklist** *(6:22)*
**03.15 Bright Star**
**05.10 Dredd**

## SPORT *besta sætið*

**15.25 Shellmótið**
**16.05 Íslandsmótið í hestaíþróttum**
**20.10 Fjölnir - Fylkir**
**22.00 Pepsímörkin 2014** Mörkin og marktækifærin í leikjunum í Pepsí deild karla í knattspyrnu.
**23.15 Demantamótin** Útsending frá Demantamótinu í Lausanne.
**01.20 Pepsímörkin 2014**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.30 Guinness International Champions Cup 2014**
**16.20 Brasilía - Þýskaland**
**18.00 Holland - Argentína**
**20.25 HM Messan**
**21.15 Premier League World**
**21.45 Guinness International Champions Cup 2014**
**23.20 Guinness International Champions Cup 2014**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing Norðurlandsleiðangur 2013
**20.30** Hrafnaþing Norðurlandsleiðangur 2013
**21.00** Fæðuóþol Margt að varast 2:4
**21.30** Á ferð og flugi Guðni Hreinsson frkvst Loftleiðir Icelandic

## STÖÐ 3

**18.20 Malibu Country** *(18:18)*
**18.40 Guys With Kids** *(4:17)*
**19.00 Hart of Dixie** *(1:22)*
**19.45 Romantically Challenged** *(5:6)*
**20.10 Sullivan & Son** *(6:10)*
**21.30 Gang Related** *(3:13)*
**22.15 Damages** *(10:10)*
**23.10 Ravenswood** *(9:10)*
**23.50 The 100** *(10:13)*
**00.30 Hart of Dixie** *(1:22)*
**01.15 Romantically Challenged** *(5:6)*
**01.35 Sullivan & Son** *(6:10)*
**02.55 Gang Related** *(3:13)*
**03.35 Damages** *(10:10)*
**04.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## KrakkaStöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.45** UKI **07.50** Elías **08.00** Brunabílarnir **08.22** Leyndarmál vísindanna **08.26** Ljóti andarunginn og ég **08.48** Gulla og grænjaxlarnir **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.45** UKI **11.50** Elías **12.00** Brunabílarnir **12.22** Leyndarmál vísindanna **12.26** Ljóti andarunginn og ég **12.48** Gulla og grænjaxlarnir **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.45** UKI **15.50** Elías **16.00** Brunabílarnir **16.22** Leyndarmál vísindanna **16.26** Ljóti andarunginn og ég **16.48** Gulla og grænjaxlarnir **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Latibær **17.47** Hvellur keppnisbíll **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Algjör Sveppi og leitin að Villa **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.50 Strákarnir**
**18.15 Frasier** *(3:24)*
**18.40 Friends** *(1:24)*
**19.00 Seinfeld** *(8:22)*
**19.25 Modern Family** *(6:24)*
**19.50 Two and a Half Men** *(1:23)*
**20.10 Örlagadagurinn** *(14:30)*
**20.40 Heimsókn**
**21.00 Breaking Bad** *(5:8)*
**21.45 Chuck** *(6:22)*
**22.30 Cold Case** *(15:23)*
**23.15 Boardwalk Empire** *(4:12)*
**00.10 Without a Trace** *(22:24)*
**00.55 E.R.** *(1:22)*
**01.40 Örlagadagurinn** *(14:30)*
**02.15 Heimsókn**
**02.30 Breaking Bad** *(5:8)*
**03.15 Chuck** *(6:22)*
**04.00 Cold Case** *(15:23)*
**04.45 Boardwalk Empire** *(4:12)*
**05.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.45 Another Cinderella Story**
**13.15 Ruby Sparks**
**15.00 27 Dresses**
**16.50 Another Cinderella Story**
**18.25 Ruby Sparks**
**20.10 27 Dresses**
**22.00 Haunting of Molly Hartley**
**23.25 Three Inches**
**00.55 Killer Elite**
**02.50 Haunting of Molly Hartley**

## RÚV

**16.30 Martin læknir** *(4:5) (Doc Martin)*
**17.20 Disneystundin** *(27:52)*
**17.21 Finnbogi og Felix** *(3:3) (Disney Phineas and Ferb)*
**17.43 Sígildar teiknimyndir** *(27:30) (Classic Cartoon)*
**17.50 Nýi skólinn keisarans** *(6:18) (Disney's Emperor's New School)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Pricebræður bjóða til veislu** *(5:5) (Spise med Price)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Með okkar augum** *(4:6)*
**20.05 Mánudagsmorgnar** *(4:10) (Monday Mornings)* Bandarísk þáttaröð um líf og störf skurðlækna sem berjast fyrir lífi sjúklinga sinna. Aðalhlutverk: Ving Rhames, Jamie Bamber og Jennifer Finnigan.
**20.50 Frú Brown** *(4:7) (Mrs. Brown Boys)* Margverðlaunaðir gamanþættir um kjaftforu húsmóðurina Agnesi Brown í Dublin. Höfundur og aðalleikari er Brendan O'Carroll, en þættirnir hafa m.a. hlotið hin vinsælu BAFTA-verðlaun.
**21.20 Ferðalok** *(4:6) (Bardaginn við Markarfljót)* Heimildaþáttaröð um Íslendingasögurnar og sannleiksgildi þeirra frá sjónarhóli fornleifafræði og bókmennta. Í þessum þætti er sagt frá bardaganum við Markarfljót.
**21.50 Svipmyndir frá Noregi** *(Norge rundt)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Góðmenni fara til Heljar** *(Good People Go To Hell)*
**23.45 Glæður** *(4:6) (White Heat)*
**00.45 Fréttir**
**00.55 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond** *(24:24)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 My Mom Is Obsessed** *(4:6)*
**16.45 Psych** *(14:16)*
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Catfish** *(7:12)*
**18.55 King & Maxwell** *(4:10)*
**19.40 America's Funniest Home Videos** *(42:44)*
**20.05 Save Me** *(11:13)*
**20.30 America's Next Top Model** *(8:16)* Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Þetta er í fyrsta sinn sem fleiri en 14 þátttakendur fá að spreyta sig í keppninni enda taka piltar líka þátt í þetta sinn.
**21.15 Emily Owens M.D** *(11:13)*
**22.00 Ironside - LOKAÞÁTTUR** *(9:9)*
**22.45 The Tonight Show**
**23.30 Leverage** *(14:15)*
**00.15 House of Lies** *(8:12)*
**00.40 Ironside** *(9:9)*
**01.25 The Tonight Show**
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** World Golf Championship **14.00** Golfing World 2014 **14.50** PGA Tour 2014 **17.20** PGA Tour 2014 **18.15** Champions Tour 2014 **19.10** PGA Tour 2014 **22.10** Champions Tour 2014 **23.05** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# ÚTSALA

Verð er birt með fyrirvara um prentvillur og mynda-brengl og gildir á meðan á útsölu stendur og birgðir endast.

## Í FULLU FJÖRI – ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

### TIMEOUT hægindastólar

65.000 kr afsláttur

takmarkað magn




**Verðdæmi**

**TIMEOUT** leður hægindastóll með skemli

**Kr. 314.900**

Fullt verð kr. 379.900

### Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-35% afsláttur



**C&J SILVER**

með Infinity heilsudýnu

**Verðdæmi** 2x90x210 cm

Fullt verð kr. 567.300 **ÚTSÖLUVERÐ KR. 425.475**

**Fæst í mörgum stærðum.**

### Lingen svefnsófi

25% afsláttur



**Kr. 93.675**

Fullt verð kr. 124.900

Góð svampdýna
Breidd: 200 cm
Dýpt: 120 cm





Lingen er fáanlegur í 3 litum, gráu, rauðu og bláu slitsterku áklæði.

### Tempur® heilsukoddar!

25-50% afsláttur

Verðdæmi Classic

**kr. 8.950**

Verð kr. 17.900

ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA
**Tak-markað magn**



Verðdæmi Original

**kr. 14.175**

Verð kr. 18.900

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

### Sængurver í sérflokki!

20–50% afsláttur




### Vandaðar dúnsængur

30% afsláttur

140x200 Pure Sleep
verð áður kr. 24.900

**Nú kr. 17.430**




### Vönduð Serta heilsurúm!

Serta

**Frábært verð!**

**Verðdæmi**

**Reynir** heilsurúm með Standard botni

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | ÚTSÖLUVERÐ |
|---|---|---|
| 120x200 | 156.700 kr. | 125.360 kr. |
| 140x200 | 166.700 kr. | 133.360 kr. |
| 160x200 | 193.700 kr. | 154.960 kr. |
| 180x200 | 216.100 kr. | 172.880 kr. |
| 192x203 | 230.800 kr. | 184.640 kr. |



Reynir Sigurðsson
stofnandi
Betra Baks

ANNIVERSARY EDITION
Reynir
SPECIALLY MADE FOR BETRA BAK BY Serta

Frá stærsta dýnuframleiðanda í heimi – Serta – framleidd fyrir Betra Bak. Algjörlega einstök heilsudýna sem er nefnd eftir stofnanda fyrirtækisins Reyni Sigurðssyni.



### Svefnsófar margar gerðir

25% afsláttur



Pokagormadýna.
Stærð 140x195 cm

**Verðdæmi**

**QUATRO** svefnsófi

Afsláttarverð **kr. 217.425**

Fullt verð kr. 289.900

www.betrabak.is

**Betra BAK**

**Leggur grunn að góðum degi**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477**
**Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100**
**Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16**

## UPPÁHALDSDRYKKUR



**„Vatn, ég elska elska elska vatn. Og heimabruggað engiferseyði!“**

Katla Ásgeirsdóttir, plötusnúður

# Styðja við fórnarlömb á Gasa með tónlist

Styrktartónleikar verða á Kex í kvöld. Hljómsveitirnar hikuðu ekki við að taka þátt þegar beiðnin barst.

Félagið Ísland-Palestína stendur fyrir styrktartónleikum fyrir íbúa Gasa á Kex í kvöld klukkan hálf sjö.

Hljómsveitin Boogie Trouble er á meðal þeirra sem koma fram af þessu tilefni. „Við vorum flest meira en tilbúin til að taka þátt,“ segir Klara Arnalds, söngkona sveitarinnar. „Svo tilbúin að ekkert okkar kíkti á dagatalið sitt áður en við sögðum já.“

Árásir Ísraelsmanna á Gasa hófust af miklum þunga 8. júlí síðastliðinn og hefur hlotist af þeim gríðarlega mikið mannfall og eignatjón.

„Það hafa dunið á manni svo hrikalegar fréttir og maður hefur fundið fyrir svo miklum vanmætti að geta ekkert gert,“ útskýrir Klara. „Það er því óskastaða að fá að gera það sem maður er bestur í til þess að styðja við fórnarlömbin á svæðinu að einhverju leyti.“

Aðgangseyrir er 1.500 krónur og rennur hann óskiptur til neyðarsöfnunar handa íbúum á Gasasvæðinu.

Auk Boogie Trouble koma fram Mammút, Sóley, For a Minor Reflection, Soffía Björg og Hellvar. - nej



**VANMÁTTUG** Klara Arnalds, söngkona Boogie Trouble, vill styðja við fórnarlömb á Gasa og hefur fundið fyrir miklum vanmætti. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**HRESST UPP Á HLEMM** Linda Björk og prjónagraffarar í Reykjavík Underground Yarnstormers mynduðu litríka stemningu á Hlemmi í fyrra.
MYND/REYKJAVÍK UNDERGROUND YARNSTORMERS

# Glæða miðbæinn lífi með prjónagraffi

Prjónaáhugafólk ætlar að hressa upp á Vitatorg við Vitastíg í dag með svokölluðu prjónagraffi.

„Það er alveg hægt að gera hráa staura fallega með lítilli fyrirhöfn,“ segir prjónagraffarinn Linda Björk Eiríksdóttir en kl. 16 í dag ætlar prjónaáhugafólk að hittast á Vitatorgi við Vitastíg og prjóna saman. Til stendur að glæða Vitatorgið lífi og lit fyrir komandi daga en hinir litríku Hinsegin dagar hófust í gær.

„Þemalitirnir hjá okkur verða túrkísblár, kóngablár og hvítur. Við ætlum svo að reyna að vera með eitthvað garn á svæðinu fyrir fólk en eins viljum við auglýsa eftir meira garni í þessum lit. Svo getur verið að margir eigi eitthvað óklárað heima fyrir í þessum litum sem við gætum nýtt okkur, það má nýta allt,“ segir Linda, sem vonast eftir því að eldri borgarar í nágrenninu taki þátt í prjónagleðinni.

„Það eru margar eldriborgarablokkir í og við Vitastíginn. Við hvetjum eldri borgarana eindregið til þess að koma út og sitja með okkur. Það þýðir ekki bara að festa sig í lopapeysunum, það verður að prófa eitthvað nýtt.“ Prjónagraffið hefst kl. 16 í dag og stendur til kl. 19. „Það er mjög fín veðurspá svo við hvetjum fólk til þess að taka þátt í þessu með okkur.“ - ka



**FALLEGT** Það er auðvelt að gera gráa ljósastaura fallega með litríku handverki.

# Sjómannshúfurnar slógu óvart í gegn

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum fór fram um helgina og tókst vel til. Gestir hátíðarinnar voru vel dúðaðir og voru húfur frá 66°Norður óvenju vinsælar.

„Vinsældirnar komu okkur óneitanlega mjög skemmtilega á óvart,“ segir Bjarney Harðardóttir, markaðsstjóri 66°Norður, en sjómannshúfan svokallaða hefur slegið rækilega í gegn í sumar. Það má segja að vinsældirnar hafi náð algjöru hámarki um verslunarmannahelgina og var húfan nánast á öðrum hverjum kolli á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Bjarney segir starfsmenn fyrirtækisins hafa haft einstaklega gaman af því að fylgjast með myndum og myndskeiðum frá Þjóðhátíðinni.

„Það er búið að ræða þetta töluvert hér innanhúss, ég neita því ekki. Þetta er líka mjög skemmtilegt í ljósi þess að húfan hefur verið til sölu hjá okkur í marga áratugi. Ég spurði starfsmann sem unnið hefur hjá okkur í 40 ár og húfurnar voru komnar fyrir hennar tíð.“ Hún segir húfurnar lengst af hafa verið notaðar af sjómönnum en að þær henti einstaklega vel í sjávarplássi eins og í Vestmannaeyjum.

„Þessi sjófatnaður okkar á í raun einstaklega vel við yfir verslunarmannahelgina í íslenska veðrinu og gaman að sjá að fólk sé tilbúið að vera í þessu. Það er þó svolítið fyndið að hugsa til sjómannanna sem ætluðu kannski að fjárfesta í nýrri húfu fyrir næsta túr en þá var allt uppselt.“ Hún segir ástæðu vinsældanna algjörlega óljósa. „Við vitum í raun og veru ekkert af hverju húfan varð vinsæl. Það er eins og einhver einn út í bæ hafi skellt henni á sig og einhver keðjuverkun myndast í kjölfarið. Annars eru þær ódýrar svo kannski er það verðlagið.“

Bjarney hefur ekki nákvæma tölu yfir þær húfur sem seldust fyrir verslunarmannahelgina en segir að ákveðið hafi verið að panta mun fleiri inn þegar þau sáu í hvað stefndi. „Við seldum gríðarlegt magn af þessu. Veðurspáin var líka ekkert sérstök svo það hefur eflaust spilað eitthvað inn í líka.“

kristjana@frettabladid.is



**Á ÖÐRUM HVERJUM KOLLI** Sjómannshúfurnar frá 66°Norður eru skemmtilega smart og stílhreinar. Þær eru þó fyrst og fremst hlýjar og kom það sér vel á Þjóðhátíðinni í ár. INSTAGRAM/STEINUNNE

> **Það er svolítið fyndið að hugsa til sjómannanna sem ætluðu kannski að fjárfesta í nýrri húfu fyrir næsta túr en þá var allt uppselt.**
>
> *Bjarney Harðardóttir, markaðsstjóri 66°Norður*



# STALDRAÐU VIÐ
## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



# Stök námskeið á meistarastigi
## við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu.

**Umsóknarfrestur er til 11. ágúst .**

### UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐIDEILD

- Markaðssetning fræðslutilboða til fullorðna
- Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra

### LÆKNADEILD

- Almenn aðferðafræði í rannsóknum

### HAGFRÆÐIDEILD

- Fjármálatölfræði
- Hagfræði og stærðfræði fjármálamarkaða
- Hagfræðileg ákvörðunartaka
- Heilsuhagfræði H
- Kostnaðar- og nytjagreining
- Rekstrarhagfræði D
- Rekstrarhagfræði H fyrir meistaranema
- Vinnumarkaðshagfræði fyrir meistaranema
- Þjóðhagfræði í meistaranámi I

### GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

- Dauðinn og sorgin
  – skyldunámskeið í diplomalínu í sálgæslufræðum
- Sálgæsla og tólf spora leiðin
  - valnámskeið í diplomalínu í sálgæslufræðum
- Kynverund, siðfræði og samfélag

### FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

- Flóttafólk og hælisleitendur
- Kenningar í afbrotafræði
- Lykilþættir í stefnumótun náms- og starfsráðgjafar
- Rannsóknaraðferðir félagsvísinda

### MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐIDEILD

- Framleiðslutækni matvæla
- Matvælaöryggi

### VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

- Afleiður og áhættustýring
- Alþjóðaviðskipti
- Alþjóðlegur skattaréttur
- Eignastýring og verðlagning
- Endurskoðun - I. hluti
- Endurskoðun - III. hluti
- Félaga- og skuldaskilaréttur
- Fjárhagsupplýsingakerfi
- Fjármála- og eiginfjárgerningar
- Fjármögnun fyrirtækja
- Forysta og leiðtoginn
- Greining ársreikninga
- Mannauðsstjórnun
- Markaðsáherslur og markaðshneigð
- Markaðssetning á netinu
- Nýsköpunar- og frumkvöðlafræði
- Samkeppnishæfni
- Samskipti á vinnumarkaði
- Sáttamiðlun
- Skipulag og atferli
- Starf stjórnandans, forysta og samskipti
- Stjórnunar- og eftirlitskerfi
- Viðskiptasiðfræði
- Vörumerkjastjórnun
- Þættir í eigindlegri aðferðafræði
- Þættir í tölfræði

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Aðdáandi Eyja

**Ragnheiður Elín Árnadóttir** iðnaðarráðherra og fjölskylda hennar voru á meðal þeirra fjölmörgu sem skemmtu sér á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Virtist brekkusöngurinn hafa fallið ráðherranum einstaklega vel í geð. Á fésbókarsíðu Ragnheiðar Elínar er mynd af henni ásamt forsöngvaranum Ingó veðurguði og ekki ber á öðru en að vel hafi farið á með ráðherranum og tónlistarmanninum. Ragnheiður Elín er einmitt þingmaður Suðurlands og hitti fyrir marga kjósendur sína á Þjóðhátíðinni. Hún hefur farið á Þjóðhátíð á hverju ári síðan 2007, ef undan er skilið eitt skipti þegar hún var ófrísk. „Nú er þetta partur af sumarprógrammi fjölskyldunnar. Ég er búin að eignast marga góða vini í Eyjum,“ segir Ragnheiður. **- jhh**



### Tekur upp plötu með Sandberg

Söngkonan **Hjálmfríður Þöll Friðriksdóttir,** sem gengur undir listamannsnafninu Frida Fridriks, hyggur nú á útgáfu sinnar annarrar plötu. Platan verður tekin upp í Danmörku og mun enginn annar en danski framleiðandinn Klaus Sandberg sjá um upptökur í upptökuverinu Frostbox í Kaupmannahöfn. Frida er búsett í Danmörku en kynnir diskinn, sem mun bera nafnið Lend me your shoulder, á Hótel Grímsborgum síðustu helgina í ágúst. **- nej**



### Mest lesið vísir

1. Ökklabrotnaði í gúmmítúttum í Eyjum: „Ég þurfti að hringja í 112 í brekkunni“
2. United vaknaði til lífsins í seinni hálfleik | Sjáðu mörkin
3. Dúkahnífaárásin á Flúðum: Lögreglan leitar vitna
4. Hræsnin
5. Svona á að gera þetta – brilljant bónorð á Þjóðhátíð


SONOS
FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM
Spotify Google play
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



ÚTSALA!
ALLT Á AÐ SELJAST
PARÍS
AMSTERDAM
ZURICH
LYON
DÜSSELDORF
VILNÍUS
STUTTGART
VERÐ FRÁ
7.990 KR.
1000 SÆTI Í BOÐI
Flugtímabil: ágúst - sept. 2014. Gildir til hádegis 7. ágúst 2014
WOW air
wowair.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is